



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. október 2005 – 273. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Ómetanleg fyrirmynd



Auður Auðuns varð fyrir 35 árum fyrst íslenskra kvenna til að gegna ráðherraembætti.

TÍMAMÓT 16

Hátíð sem lifir áfram

Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni var slitið í gærkvöldi.

Hrönn Marínósdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, var ánægð með viðtökurnar og sagði aðsóknina hafa verið mjög góða.



FÓLK 34



Sjö marka tap Vals

Kvinnalið Vals í knattspyrnu steinlá fyrir Evrópumeisturum Potsdam frá Þýskalandi í fjórungsúrslitum Evrópukeppni félagsliða. Guðný Óðinsdóttir skoraði eina mark Vals í leiknum.

ÍPRÓTTIR 18

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA EÐA ÉL norðan og austan til. Skýjað með köflum syðra. Vægt frost á norðanverðu landinu en hiti 0-4 stígr syðra.

VEÐUR 4

Það dregur til tíðinda!

Áðeins

5

dagar til Dags byggingariðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október



SONUR HUGGAR MÓÐUR SÍNA Þessi kona syrgir dóttur sína sem fórst þegar skólabygging hrundi í Muzaffarabad, höfuðborg pakistanska hlutans í Kasmír. Sonur hennar stendur hjá henni.

MYND/AP

Björgunarstarf reynist erfitt eftir jarðskjálftann í Pakistan:

Þrjátíu þúsund talin látin

PAKISTAN, AP Björgunarfólk reyndi sitt besta til þess að komast til afskekktara byggðarlaga í fjalllendi í Kasmírheraði í gær. Talið er að meira en þrjátíu þúsund manns hafi farist í jarðskjálftanum sem reið þar yfir á laugardaginn.

Jarðskjálftinn mældist 7,6 stig á Richterkvörðu og olli mestu tjóni í pakistanska hluta héraðsins, sem bæði Pakistan og Indland

gera tilkall til þess að ráða yfir. Heilu þorpin í Pakistan og Indlandi lögðust í rúst, vegasamband eyðilagðist og víða voru byggðarlög bæði rafmagnslaus og vatnslaus.

Ættingjar og nágrennar reyndu hvað þeir gátu til þess að leita í þeim hópi. „Máður veit samt aldrei, þau eru velkomin líka,“ segir hann.

Afganistan búrast þær fréttir að ein stúlka hefði látið lífið af völdum jarðskjálftans.

Þótt Pakistan og Indland hafi áratugum saman staðið í heiftúðugum deilum vegna Kasmírheraðs brugðust Indverjar fljótt við og buðu Pakistanum aðstoð sína, rétt eins og fjölmörg ríki og stofnanir um heim allan hafa gert.

Sjá síðu 2

Slippstöðin hefur starfsemi á morgun

Nýtt hlutafélag verður stofnað um rekstur Slippstöðvarinnar á Akureyri í dag og hefst starfsemi á þriðjudag. Nýr framkvæmdastjóri er bjartsýnn.

SKIPAIÐNAÐUR Starfsemi hefst að nýju í Slippstöðinni á Akureyri á þriðjudag og verður nýtt hlutafélag stofnað um reksturinn í dag.

Að baki væntanlegu hlutafélagi standa tveir fyrrum starfsmenn Slippstöðvarinnar, Anton Benjamínsson framkvæmdastjóri og Sigtryggur Guðlaugsson, auk fyrirtækja og einstaklinga á Akureyri. Anton segist bjartsýnn á framhaldið og vonast til þess að geta ráðið alla starfsmenn gömlu Slippstöðvarinnar í vinnu auk fjölda annarra.

„Það er þó ekki ljóst enn hve marga við munum geta ráðið strax, enda ræðst það af þeim verkefnum sem við getum aflað okkur á næstu dögum og vikum, til viðbótar við þau verk sem þegar eru í vinnslu,“ segir hann.

Anton vill ekki að svo stöddu gefa upp hvaða fyrirtæki komi að hlutafélaginu. Aðspurður segir hann að þau fyrirtæki sem áður áttu í viðræðum um endurreisn Slippstöðvarinnar, séu ekki í þeim hópi. „Máður veit samt aldrei, þau eru velkomin líka,“ segir hann.

Hann segir að þrátt fyrir að illa hafi farið fyrir fyrirtækinu óttist hann ekki framhaldið. Helst beri að varast að taka þátt í áhættuverkefnum. „Rekstur í skipaiðnaði hefur gengið ágætlega. Það var því miður aðeins eitt verkefni sem keyrði reksturinn í kaf,“ segir hann.

Á laugardag slitnaði upp úr viðræðum Kaupfélags Eyfirðinga, Sjafnar fjárfestingarfélag og Sandblásturs og málmhúð-

unar við skiptastjóra þrotabús Slippstöðvarinnar á Akureyri um endurreisn Slippstöðvarinnar, að sögn Sigmundar Guðmundssonar skiptastjóra. Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, segir að menn hafi einfaldlega ekki náð saman um kaup og kjör.

„Við höfum svo sem engan einkarétt á samningum við skiptastjóra og ég fagna því að verið sé að semja við nýjan aðila,“ segir Halldór. „Aðalatriði er að þessi rekstur fari í gang á ný. Það er það sem við vorum að vinna að.“

Aðspurður segir Halldór ekki útséð um það að KEA komi aftur að málinu.

„Ég veit svo sem ekki hvað gerist í framhaldinu og vil ekki útiloka neitt í þeim efnum.“ - th/sda

Sameining sveitarfélaga:

Ný kosning ekki útilokuð

SVEITARSTJÓRNARMÁL Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, búast við því að sveitarstjórnarmenn taki upp þráðinn eftir að aðeins ein tillaga af sextán um sameiningu sveitarfélaga var samþykkt um helgina.

Þeir segja úrslitin mjög áþekkt því sem var 1993 en í kjölfarið hafi sveitarfélögum fækkað um helming.

Árni segir að sveitarstjórnarmenn geti haft áhrif á sameiningu í ljósi þessara úrslita og að þeir geti ákveðið sín á milli að efna til kosninga um nýjar tillögur. „Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það og yrði ég ekki hissa ef það gerðist í kjölfarið,“ segir Árni.

- sda / sjá síður 6 og 8.



REYKINGABANN Stefnir er að því að banna reykingar á börum og veitingastöðum.

Bretland:

Reykingabann í undirbúningi

BRETLAND Breska ríkisstjórnin áformar að koma á reykingabanni á börum og veitingahúsum í Englandi. Áformað hafði verið að leggja á bann sem takmarkaði reykingar að einhverju leyti en samkomulag hefur nú náðst um að banna þær algjörlega, að því er breska blaðið The Guardian segir frá.

Tony Blair forsætisráðherra hefur látið út berast að hann muni ekki koma í veg fyrir að Patricia Hewitt heilbrigðisráðherra fyrirskipi breytingu á núverandi áformum, sem voru þau að reykingar yrðu einungis bannaðar á stöðum þar sem matur er borinn fram. ■

VÍKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagur Kópavogur / Ísland

591 3000



SPURNING DAGSINS

Kristján, þarftu nú að fara að læra að ganga í takt?

„Nei, ég er mjög taktviss.“

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri þar sem íbúar felldu tillögu um sameiningu sveitarfélaga. Tillögur voru felldar í öllum sveitarfélögum nema einu og sagði Árni Magnússon félagsmálaráðgjafi að sveitarstjórnarmenn væru því ekki í takt við íbúa.

Unglingspiltar á Akureyri:

Ógnuðu fólki með loftbyssu

LÖGREGLA Lögreglunni á Akureyri barst á laugardagskvöldið tilkynning um að tveir unglingspiltar væru að ógna fólki með skotvopni í miðbænum.

Piltarnir voru farþegar í bíl og gerðu sér það að leik að skjóta á fólk út um gluggann. Lögregla hafði hendur í hári piltanna og lagði hald á vopnið sem reyndist vera loftskammbýssa. Engin meiðsl urðu á fólki en piltarnir, sem eru 14 og 16 ára, verða kærðir fyrir brot á vopnalögum. - þo



VEITINGASTAÐURINN KFC Eldurinn kom upp í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Faxafen:

Eldur kviknaði á veitingastað

BRUNI Eldur kom upp á veitingastaðnum KFC í Faxafeni aðfaranótt sunnudags.

Tilkynnt var um brunann um klukkan þrjú og var allt tiltækt lið slökkviliðsins kallað á staðinn. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins sem kviknaði í eldhúsi en töluverðar skemmdir urðu á húsinu vegna elds, hita og reyks. Ekki er hægt að meta tjón eldsins að svo stöddu og upptök eldsins eru enn óljós. Húsið var mannlæst og nærliggjandi hús voru ekki í hættu. - þo

Tveir bæir í Gvatemala grófust undir aurskriðu:

Talið að 1.400 hafi farist

GVATEMALA, AP Talið er að allt að fjórtán hundruð manns hafi farist þegar aurskriða féll á tvo bæi í Gvatemala. Tugir erlendra ferðamanna flúðu flóðasvæðin í Gvatemala í gær, ýmist fótgangandi eða með þyrlum.

Aurskriðan féll í kjölfar þess að fellibylurinn Stan reið Mið-Ameríku fyrir fáeinum dögum með úrhellisrigningu. Auk þeirra sem látist hafa í Gvatemala er hundruð manna saknað í El Salvador, Hondúras, Níkaragva og Mexíkó.

Gvatemala varð hins vegar verst úti og þar var í gær staðfest að tæplega 600 væru látnir. Yfirvöld reikna hins vegar með því

að tæplega þúsund í viðbót hafi farist.

Eduardo Stein, varaforseti landsins, skýrði frá því að heimilt væri að gera bæjarfélög sem urðu undir flóðinu í heilu lagi formlega að kirkjugörðum til þess að komast hjá því að þurfa að grafa líkin upp. Smithætta væri mikil og engar líkur þykja hvort eð er á því að takast megi að grafa upp alla sem létust. ■

SORG Í PANABJA Kona sem bjó í bænum Panabaj í Gvatemala grætur látna ættlingja og vini sem grófust undir aurskriðu.



HJÁLARGÖGN FLUTT TIL JARÐSKJÁLFTASVÆÐANNA Hjálpargögn hafa borist víða að til jarðskjálftasvæðanna í Kasmír-héraði. MYND/AP

Harmleikur færir fjandvini saman

Meira en þrjátíu þúsund fórust í jarðskjálftanum í Pakistan á laugardaginn. Harmleikurinn færir Indverjum og Pakistönunum óvænt tækifæri til þess að gleyma ágreiningi sínum og vinna saman að björgunarstörfum.

PAKISTAN, AP Talið er víst að meira en þrjátíu þúsund manns hafi farist í jarðskjálftanum nyrst í Pakistan á laugardaginn, langflestir í Pakistan en á Indlandi hafa hundruð manna einnig farist og frá Afganistan bárust fréttir af því að ein stúlka hefði látist. Þó fer fjarri því að endanleg tala látinna liggja fyrir.

Jarðskjálftinn mældist 7,6 stig á Richter kvarða og átti upptök sín í Kasmír-héraði, sem áratugum saman hefur verið eitt helsta þrætuþli Pakistana og Indverja.

Harmleikurinn gefur þessum fornu fjandvinum hins vegar fágætt tækifæri til þess að taka höndum saman og glíma við afleiðingar hamfaranna í sameiningu. Einungis fáeinum klukkustundum

eftir að jarðskjálftinn reið yfir á laugardaginn hafði Manmohan Singh, forsætisráðgjafi Indlands, rætt í síma við Pervez Musharraf hershöfðingja, leiðtoga Pakistans, til þess að bjóða honum neyðarhjálp og björgunaraðstoð. Utanríkisráðgjafi Indlands ítrekaði þetta boð í viðræðum við pakistanskan starfsbróður sinn.

„Sagan sýnir að þegar náttúruhamfarir verða þá höfum við náð saman á þessu svæði. Þetta er tækifæri fyrir bæði Indland og Pakistan til þess að gleyma ágreiningi sínum,“ sagði N.M. Prusty, yfirmaður neyðaraðstoðar, á skrifstofu alþjóðlegu hjálpararsamtakanna CARE á Indlandi.

Tjónið varð mest í þeim hluta Kasmír-héraðs, sem Pakistanar

hafa haft yfirráð yfir, en bæði löndin krefjast yfirráða yfir öllu héraðinu.

Deilurnar hafa þó hjaðnað nokkuð á síðustu misserum.

Síðan jarðskjálftinn reið yfir hafa ríkisstjórnir og hjálparstofnanir um heim allan sent neyðaraðstoð og læknaþjónu til jarðskjálftasvæðanna, lofað fjárstuðningi og vottað Pakistönunum samúð sína.

„Við þurfum á alþjóðlegri aðstoð að halda. Við höfum nóg af mannskap en við þörfumst fjárhagsaðstoðar,“ sagði Musharraf á laugardaginn áður en hann hélt til jarðskjálftasvæðanna. Í gær var hann staddur í Muzaffarabad, höfuðborg pakistanska hlutans í Kasmír. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

BÍLVELTA VIÐ VÍKURSKARÐ Bifreið valt við Víkurskarð á laugardagskvöldið. Fjórir farþegar voru í bílnum en þá sakaði ekki. Tveir þeirra kvörtuðu undan lítillhátar meiðslum og voru fluttir á slysaðeild Fjórðungsjúkrahússins á Akureyri.

HÓPSLAGSMÁL Í KEFLAVÍK Um klukkan sjö, aðfaranótt sunnudags, fékk lögreglan í Keflavík tilkynningu um hópslagsmál fyrir utan skemmtistaðinn Traffic í Keflavík. Slagsmálin voru afstaðin þegar lögreglan kom á staðinn og engin eftirmál urðu. Þá stöðvaði lögreglan í Keflavík einn mann sem er grunaður um ölvun við akstur.

ÖLVUNARAKSTUR Þrjár teknir grunaðir um ölvun við akstur á Akureyri aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglunnar var um hefðbundið eftirlit að ræða og báðir ökmennirnir voru við akstur innanbæjar.

Innbrot í Mosfellsbæ:

Þjófur veittist að íbúum

LÖGREGLA Um klukkan sjö í gærmorgun var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um mann sem hafði ætt inn í íbúðarhúsi að Furubyggð í Mosfellsbæ. Maðurinn sem var í annarlegu ástandi veittist að heimilisfólkinu og virtist vera búinn að tapa öllu veruleikaskyni. Húsráðendur náðu að buga manninn og héldu honum niðri þar til lögregla kom á staðinn. Hann var fluttur í fangageymslur lögreglu og látinn sofa úr sér áður en hann var yfirheyrður.

Húsráðendur þekktu ekki manninn og ekki er vitað hvaða erindi hann átti í húsið. Lítið er á málið sem húsbrot. - þo



PUNGT HUGSI Angela Merkel, leiðtogi kristilegra demókrata, var þungt hugsi í gær. MYND/AP

Stjórnarviðræður í Þýskalandi:

Enn deilt um kanslarastól

ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel, leiðtogi hægrimanna, og jafnaðarmaðurinn Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, virtust bæði komin á þá skoðun í gær að mynduð yrði „stór samsteypustjórn“ flokka þeirra beggja.

Ekki var þó búist við því að niðurstaða fengist strax á því hvort þeirra verður kanslari. ■

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafræna myndavéla og meðferð stafræna mynda í tölvu.

- Stillingar stafræna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimarentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnslu-forrit á Netinu tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalinn er ný kennslubók á íslensku).

Næsta námskeið hefst mánudagskvöldið 17. október



TÖLVUSKÓLINN
PEKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur ósáttur við jarðgöng:

Vill ekki göng um Óshlíð

JARÐGÖNG Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur gagnrýnir harðlega vinnubrögð meirihlutans vegna fyrirhugaðra jarðganga um Óshlíð og vill kanna hvort vænlegra sé að gera göngin annars staðar.

Meirihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur lýst yfir mikilli ánægju með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja rannsóknarvinnu vegna jarðganga um Óshlíðarveg. Hefur meirihlutinn meðal annars átt í samstarfi við Vegagerðina um öryggismál á veginum.

„Þar er stillt upp nokkrum valkostum, þar á meðal jarðgangavalkostum sem við hefðum viljað fara,“ segir Elías Jónatansson, formaður bæjarstjórnar í Bolungarvík. Hann segir meirihluta bæjarstjórnar hafa viljað fylgja leiðbeiningum Vegagerðarinnar



SNJÓFLÓÐAVARNIR Á VEGNUM UM ÓSHLÍÐ Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur vill að göng verði gerð annars staðar, meðal annars vegna snjóflóðahættu sem verði enn til staðar víða þrátt fyrir göng um Óshlíð.

um að fara með jarðgöng í gegnum Óshyrnu.

Soffía Magnúsdóttir, fulltrúi minnihlutans í bæjarstjórn, segir minnihlutann jákvæðan fyrir jarðgangagerð, en ekki um Óshlíð.

„Fram hafa komið háværar raddir um að skoða aðra möguleika, að fara fram Syðridal og

inn í Vestfjarðagöngin Tungudalsmegin. Við teljum þetta ekki rétta leið og viljum fá fagaðila til að skoða það úr því að þau gleðiðindi bárust að ríkisstjórnin vildi setja þetta fjármagn.“ Hún telur að snjóflóðahætta verði enn á mörgum stöðum ef farin verði sú leið sem Vegagerðin leggur til. ■

Veitingahúsavika e-kortsins

10. – 16. október



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



20%
ENDUR-
GREIÐSLA



20%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



20%
ENDUR-
GREIÐSLA



20%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



Veitingahúsavika e-kortsins er vikuna 10.–16. október og hafa ofangreindir samstarfsaðilar hækkað endurgreiðslu sína í tilefni þess. Í vikunni geta korthafar gælt við bragðlaukana á mörgum af bestu veitingastöðum landsins.

e kort
www.ekort.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 07.10.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	61,12	61,42
	Sterlingspund	GBP	108,09	108,61
	Evra	EUR	74,26	74,68
	Dönsk króna	DKK	9,951	10,009
	Norsk króna	NOK	9,425	9,481
	Sænsk króna	SEK	7,955	8,001
	Japanskt jen	JPY	0,5388	0,543
	SDR	XDR	88,83	89,35

Gengisvísitala krónunnar
103,7792

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



FJÖLTEFLI Friðrik Ólafsson, stórmeistari í skák, tefldi við gesti og gangandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjöltefli í ráðhúsinu:

Teflt til heiðurs geðfötluðum

SKÁK Skákfélagið Hrókurinn og Vin, athvarf Rauða krossins fyrir geðfatlaða, efndu til skákhátíðar í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Til efnið var alþjóða geðheilbrigðisdagurinn sem haldinn er hátíðlegur dagana 4. til 10. október.

Í ráðhúsinu var margt um manninn og mikið um að vera. Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslendinga í skák tefldi, fjöltefli við gesti og gangandi og Edda útgáfa og Hrókurinn stóðu fyrir hraðskákmóti.

Þema alþjóða geðheilbrigðisdagsins þetta árið er „andleg og líkamleg heilsa yfir æviskeiðið“ og er skákin gott tæki til að minna fólk á tengslin milli andlegrar og líkamlegrar heilsu. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

SJÓ ÓKU ÖLVADIR

Nokkuð erilsamt var hjá lögreglunni í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Þónokkuð var um ölvun í borginni og minni háttar mál sem lögregla þurfti að hafa afskipti af. Þá voru sjö ökumenn teknir grunaðir um ölvun við akstur.

FÍKNIEFNAMÁL

Lögreglan í Snæfellsbæ gerði upptæk tíu grömm af fíkniefnum í unglingspartíi síðastliðið föstudagskvöld.

Lögregluöfbeldi í New Orleans náðist á myndband:

Lögreglumenn börðu aldraðan mann

NEW ORLEANS, AP Lögreglumenn í New Orleans börðu 64 ára gamlan mann til óbóta á laugardagskvöldið og einn lögregluþjónn réðst á sjónvarpsfréttamann frá AP-fréttastofunni. Myndatökumaður frá sömu fréttastofu náði að taka atburðina upp á myndband.

Aldraði maðurinn sem varð fyrir barsmíðunum heitir Robert Davis og var sakaður um ölvun á almannaferi. Drír lögreglumenn voru handteknir í gær og kærðir fyrir líkamsárás. Þeim hefur verið víkið úr starfi.

„Við höfum miklar áhyggjur af því sem við sáum í morgun,“ sagði Marlon Defillo, yfirmaður

ur í lögreglunni í New Orleans, eftir að hann og fleiri yfirmenn í lögreglunni höfðu horft á myndbandið.

Á myndbandinu sést lögreglu- maður æpa eftirfarandi á fréttamanninn frá AP eftir að hafa barið hann í magann: „Ég hef verið hér í sex vikur að reyna að halda mér á lífi. Farið þið heim.“

Lögreglan í New Orleans hefur þrífaldlega verið sökuð um að beita óþarfa öfbeldi í störfum sínum. Þessar vikurnar glíma lögregluþjónar í New Orleans við eftirköst hamfaranna sem urðu þegar fellibylurinn Katrín gekk yfir borgina. ■



MISPYRMINGAR í það minnsta einn lögregluþjónn í New Orleans barði ítrekað 64 ára ölvuðan mann á laugardagskvöldið. Annar lögregluþjónn réðst á sjónvarpsfréttamann frá AP.

MYND/AP

Aðkoma alþjóðlegs fjárfestis þótti helsti kostur S-hópsins

Í skýrslu HSBC um sölu Búnaðarbankans kemur fram að helsti kosturinn við tilboð S-hópsins væri aðkoma Societe Generale eða álíka alþjóðlegs fjárfestis. Án hans hefði S-hópurinn samt sem áður þótt álitlegri kostur en Kaldbakur. Bankastjórn Búnaðarbankans hafði áhyggjur af pólitískum tengslum S-hópsins.

BANKASALA Helstu rökin fyrir vali HSBC á S-hópnum sem álitlegasta fjárfestinum vegna Búnaðarbankans var aðkoma Societe Generale eða álíka alþjóðlegs fjárfestingabanka að fjárfestahópnum.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Fréttablaðið hefur fengið afhenta í kjölfar ákvörðunar úrskurðarnefndar um upplýsingamál. HSBC er alþjóðlegur fjárfestingabanki sem veitti framkvæmdanefnd um einkavæðingu ráðgjöf vegna einkavæðingar ríkisbankanna 2002. Fréttablaðið sendi fjölda beiðna til framkvæmdanefndar og viðskiptaráðuneytinu um upplýsingar um sölu bankanna og fékk synjun við þeim öllum. Synjununum var áfrýjað til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og hefur nú fengið afhentar skýrslur HSBC um Landsbankann og Búnaðarbankann, en þær styðja í öllu það sem fram kom í greinaflokki Fréttablaðsins um sölu bankanna sem birtar voru í maí.

Skýrslan um Búnaðarbankann hefur að geyma mat HSBC á fjárfestunum tveimur sem voru valdir úr hópi áhugasamra um kaup á Búnaðarbankanum, S-hópnum og Kaldbaki. Þar kemur fram að bankastjórn Búnaðarbankans hafði áhyggjur af pólitískum tengslum S-hópsins og varaði við hugsanlegum afleiðingum þess fyrir bankann.



ODDVIÐAR RÍKISSTJÓRNARFLOKKANNA Á TÍMA EINKAVÆÐINGAR BANKANNA, HALLDÓR ÁSGRÍMSSON OG DAVÍÐ ODDSSON í ráðherra-nefndinni sem hafði ákvörðunarvald um sölu bankanna áttu sæti auk Davíðs og Halldórs, Geir H. Haarde, og Valgerður Sværissdóttir.

Bankastjórnin óttaðist að pólitísk tengsl S-hópsins gæti fælt frá viðskiptavinum bankans og dregið úr nýjum viðskiptum.

S-hópurinn ætlaði sér í samstarf með VÍS og sá fyrir sér samvinnu eða samruna við aðrar fjárfestingafyrirtæki, þótt það væri ekki tilgreint nánar.

HSBC notaði reiknilíkan til að leggja mat á fjóra þætti í til-

boðum bjóðendanna: Fjárhagsstaða fjárfestis, framtíðaráform um rekstur bankans, hugmyndir um staðgreiðsluverð, þekking og reynsla fjárfestis á fjármálamarkaði. Í reiknilíkani HSBC vegna sölu Landsbankans var einn þáttur hafður til viðbótar, skilyrði af hálfu kaupenda.

Í reiknilíkani HSBC vegna sölu Búnaðarbankans var tilboð S-hóps-

ins metið á bilinu 66 til 74. Ástæðan fyrir bilinu var óvissan um hvort franskir alþjóðafjárþingabankinn Societe Generale eða víðlíka alþjóðlegur fjárfestir tæki þátt í fjárfestingunni. Tilboð Kaldbaks var metið á 64 og því hefði tilboð S-hópsins verið metið sem vænlegra en Kaldbaks, með eða án alþjóðlegs fjárfestis.

sda@frettabladid.is

REIKNILÍKAN HSBC VEGNA TILBOÐA Í LANDSBANKA

Fjárfestir	Fjárhagsstaða	Staðgreiðsluverð	Framtíðaráform	Þekking og reynsla	Skilyrði	Samtals
Vægi	25	20	25	20	10	100
Samson	20	10-15	18	14	8	70-75
S-hópur	15	17	12	16	6	66
Kaldbakur	13	18	10	14	6	61

REIKNILÍKAN HSBC VEGNA TILBOÐA Í BÚNAÐARBANKA

Fjárfestir	Fjárhagsstaða	Staðgreiðsluverð	Framtíðaráform	Þekking og reynsla	Samtals
Vægi	30	25	25	20	100
S-hópurinn	17	19	16-20	14-18	66-74
Kaldbakur	17	14	18	15	64

Öryggi, gæði og still



Full búð af Nazran mótörhjólafatnaði á ótrúlega hagstæðu verði.

Yamaha-búðin, Nýbýlavegi 2, 200 Kópavogi, s. 570 5300.

Xtra, Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbæ, s. 421 1888.

Toyota, Baldursnesi 1, 603 Akureyri, s. 460 4300.

www.yamaha.is

YAMAHA
Touching Your Heart

VEÐURSPÁ

um hádegis »


Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

TÓLF DAGAR

Þó að enn séu tólf dagar þar til vetur hefst skv. dagatalinu minnir veður dagsins á fátt annað en harða vetur, sérstaklega Norður- og Austurlandið. Þar er að sjá talsverða ofankomu, strekkingsvind og frost. Syðra verður þetta skaplegra. En vafalítið kætir snjórinn börmin og kannski líka jeppakarlana!!!

HÖFUÐBORGIN Í DAG

Ákveðin norðaustlæg átt. Skýjað með köflum. Hiti við frostmark.



* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Átt þú hlut í stærsta sjóði landsins?

Fyrirtækjabréf Landsbankans er stærstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóði á landinu, að verðmæti 40,9 milljarðar. Einnig hefur sjóðurinn sýnt bestu meðalávöxtun sambærilegra sjóða sl. 3 ár, en hún var 10,8%.

Fyrirtækjabréf fjárfesta einkum í verðtryggðum skuldabréfum traustra fyrirtækja og fela í sér frekar litla áhættu.

Hafðu samband í 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans og gerðu meira úr þínum peningum.

10,8%
meðalávöxtun sl. 3 ár

Fyrirtækjabréf
Landsbankans

Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingaheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðtryggðum bréfum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á

verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðslustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Athygli er vakin á því að verðbréfavíðskipti geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



KJÖRKASSINN

Á Hannes Hólmsteinn að borga Jóni Ólafssyni milljónirnar?

Já	53%
Nei	47%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er þörf á að fækka sveitarfélögum í landinu?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Samband sveitarfélaga um niðurstöður úr kosningum um sameiningarkosningu:

Íbúarnir hafa lýst vilja sínum

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Það er ljóst að þessar niðurstöður eru ýmsum sveitarstjórnarmönnum vonbrigði, öðrum ekki,“ segir Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Skiptar skoðanir voru meðal sveitarstjórnarmanna um tillögurnar sem settar voru fram af sameiningarnefnd eftir ítarlega yfirlegu og að undangengnum viðræðum,“ segir Þórður.

Aðspurður segir hann niðurstöðurnar í sjálfu sér ekki vonbrigði. „Íbúarnir hafa lýst þessum vilja sínum með lýðræðislegum hætti og í mörgum sveitar-



ÞÓRÐUR SKÚLASON
Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Spurður um hvert framhaldið verði segist Þórður telja að umræða um sameiningu sveitarfélaga, verkefni þeirra og skyld-

félögum hefur meiri hluti þeirra komist að þeirri niðurstöðu að sameining þeirra sveitarfélags við annað eða önnur sveitarfélög væri ekki til hagsbóta fyrir þeirra sveitarfélög,“ segir Þórður.

ur og breytt verkaskipti ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga muni halda áfram. „Ekki síst heima í héraði þar sem menn halda áfram að ræða bæði sveitarfélágaskipunina og samstarf sveitarfélaganna á tilteknum svæðum,“ segir hann.

Hann segir að vel geti verið að sveitarstjórnarmennihugi annars konar sameiningu og bendir á að þrátt fyrir að viðlíka niðurstaða hafi fengist úr kosningum um sameiningu sveitarfélaga 1993 hafi sveitarfélögum fækkað um rúmlega helming síðan þá, með samþykki íbúa í atkvæðagreiðslu.

Amma í Englandi:

Dreifir seðlum

ENGLAND Áttæð amma í Liverpool í Englandi hefur stundað það að gefa vegfarendum í miðbænum fimm pund, eða um sex hundruð krónur. Amman, Ruby Dickens, sem er ekkja, segist ekki þurfa á peningunum að halda og að hún vilji breiða út svolitla hamingju. Ruby hefur vikið sér að fólki í miðborg Liverpool undanfarna fjóra daga og boðið þeim fimm punda seðil. Hún segist gefa tæpar tuttugu þúsund krónur daglega og reynir að ná til flestra stúdenta og ungs fólks sem líti út fyrir að það þurfi á peningunum að halda.

Ruby segist sjálf hafa nóg ofan í sig og á en segist ekki vera efnuð. Hún sé einfaldlega að njóta þess að geta breitt út svolitla hamingju. ■

Kosið verði að nýju um sameiningar

Félagsmálaráðherra segir niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga koma á óvart. Hann býst við því að sveitarstjórnarmenn taki upp þráðinn og boði til nýrra kosninga um nýjar sameiningartillögur.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Niðurstaðan kemur að nokkru leyti á óvart því skoðanakannanir höfðu gefið vísendingar um að meiri vilji væri fyrir sameiningu en raunin er. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja en ég á von á því að í kjölfarið muni sveitarstjórnarmenn taka upp þráðinn og halda áfram að fækka sveitarfélögum, ekki ólíkt því sem gerðist eftir kosningarnar 1993,“ segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra.

Hann segir að með niðurstöðunum úr kosningunum um sameiningu sveitarfélaga hafi íbúar þeirra sveitarfélaga sem í hlut áttu sagt skoðun sína með býsna afgerandi hætti. „Það er ekki nema í tveimur tillögum sem fer fram endurkosning og ein tillaga var samþykkt. Þetta er niðurstaðan í lýðræðislegri kosningu sem menn munu að sjálfstöðu una,“ segir Árni.

Spurður hvernig sveitarstjórnarmenn geti haft áhrif á sameiningu í ljósi þessara úrslita segir Árni að þeir geti ákveðið sín á milli að efna til kosninga um nýjar tillögur. „Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það og yrði ég ekki hissa ef það gerðist í kjölfarið,“ segir Árni.

Hann segist ekki eiga neina einhlíta skýringu á niðurstöðunum. „Kosningabátttaka var ekki nema rétt um þriðjungur og það er eðli þess kerfis sem við höfum verið sammála að nota að neitunarvaldið er ríkt. Þó svo að það séu tæp 45 prósent í heild sem samþykkja sameiningu er niðurstaðan sú að fleiri hafna sameiningu. Fyrst við höfum valið þessa aðferð verðum við að vera tilbúin að taka niðurstöðunni,“ segir hann.

Spurður hvort til greina komi að breyta lögum um kosningar sem þessar, til að mynda með því að krefjast lágmarkspátttöku segist Árni síður eiga von á því að jafn víðtæk tilraun og þessi muni eiga sér stað í bráð. „Rætt hefur verið um hvort breyta eigi lögum um lágmarksíbúafjölda. Ég mun ekki beita mér fyrir því en býst



ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA Býst við því að sveitarstjórnarmenn efni til kosninga að nýju um nýjar tillögur um sameiningu sveitarfélaga líkt og gerðist í kjölfar kosninganna 1993. Hann telur því að sveitarfélögum muni halda áfram að fækka.

við því að umræða um það fari í gang í kjölfar þessara kosninga,“ segir hann.

Árni bendir á að sameiningu hafi verið hafnað í mörgum smáum sveitarfélögum og segir það umhugsunarefni. Spurður hvað hann lesi út úr því segir

hann: „Það segir mér fyrst og fremst að íbúar telji sig geta vel við unað en ég hef sjálfur miklar efasemdir um að smá sveitarfélög geti veitt alla þá þjónustu sem lög kveða á um og íbúar gera kröfu um,“ segir Árni.

sda@frettabladid.is

Arkar jólahlaðborð 2005

**JÓHANNES KRISTJÁNSSON
ÓMAR RAGNARSSON
BIRTA OG BÁRÐUR
HLJÓMSVEITIN FEDGARNIR
HAUKUR HEIDAR INGÓLFSSON**

Jólahlaðborð 18. 19. 25. 26. nóvember og 2. 3. 9. 10. 16. 17. desember
Kracka jólahlaðborð 20. 27. nóvember og 4. 11. 18. desember

Sjá nánar á www.hotel-ork.is
info@hotel-ork.is

Borðapantanir í síma 483 4700 **HÓTEL ÖRK**

INNFLUTNINGSHRÆÐSENDINGAR DHL

ENGIR ERLENDIR GJALDMIÐLAR

SEM ÞARF AÐ UMREIÐNA.
OG ÞVÍ ENGIN ÞÖRF Á AÐ
ÚTSKÝRA HVERNIG Á AÐ
UMREIÐNA.

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.



Íbúar í Grýtubakkahreppi afdráttarlausir í skoðun sinni:

Ríflega 99 prósent íbúa sögðu nei

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sameining sveitarfélaga í Eyjafirði var felld á Akureyri á laugardaginn. Ef af sameiningu hefði orðið hefði nýtt sveitarfélaga verið með rúmlega 23 þúsund íbúa. Athygli vakti að íbúar Grýtubakkahrepps voru nokkuð afdráttarlausir í sinni skoðun. Íbúar í þessum hreppi eru 393 og var kosningabátttaka nokkuð góð eða 82 prósent. 202 eða 99 prósent þeirra sögðu nei við



GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR
Íbúar Grýtubakkahrepps voru mjög afdráttarlausir í sinni skoðun. Aðeins tveir greiddu atkvæði með sameiningu.


sameiningu en aðeins eitt prósent sagði já eða tveir.

„Gárungarnir segja að það sé verið að senda út björgunarsveitir til að leita að þeim,“ sagði Guðný

Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, og hló. Hún sagði að íbúar Grýtubakkahrepps hefðu verið mjög afdráttarlausir í sinni skoðun og sameining hefði aldrei komið til greina. „Við erum mjög ánægð með þá þjónustu sem við bjóðum upp á og þar að auki hefðu aflaheimildir, sem við höfum nýtt til atvinnuþyppbyggingar hjá okkur, glatast úr hreppnum,“ sagði hún.

-fgg

Fiskur í dag!



Ýsa

- í karrýsósu
- í hvítlaukssósu
- í mexíkósósu

50%
afsláttur

Kjöt & fisktorgið

TILBOÐ

499 kr/kg

Verð áður 1.089,-

Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari
og sjónvarpskokkur, kokkarnir.is

Kjöt & fisktorgið



TILBOÐ

59 kr/stk

Verð áður 95,-

Svínabuff 120g úr kjötborði
- fljótlegt, beint á pönnuna

Kjöt & fisktorgið



TILBOÐ

998 kr/kg

Verð áður 1.398,-

Lamba framhryggjasneiðar úr kjötborði
- klikkar ekki

Gildir til 12. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



1 Hvar í Asíu varð mest tjón vegna jarðskjálfta sem reið yfir um helgina?

2 Hver sigraði í Formúlu 1 keppinni í Japan?

3 Hvað heitir konan sem á von á barni með Tom Cruise?

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar ánægður með sameiningu:

Styrkir kröfuna um ný jarðgöng

SVEITASTJÓRNARMÁL Fjögur sveitarfélög á Austfjörðum sameinuðust í sameiningarkosningunum sem haldnar voru á laugardaginn. Það voru Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarbyggð, Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppur. Þegar hafði verið ákveðið að nafnið Fjarðabyggð skyldi gilda. Kjósendur voru nokkuð afdráttarlausir í skoðun sinni í öllum sveitarfélögunum nema Fjarðabyggð en þar skiptust menn í tvo hópa. Ennfremur var kosningabáttaka þar minnst eða rétt um fimmtíu prósent.

Að sögn Guðmundar Bjarna-

sonar, bæjarstjóra Fjarðabyggðar, var umræðan um sameiningu frekar lítil og fáir sóttu sameiningarfundi. Hann sagðist ánægður með niðurstöðuna.

„Það var almennt álit í sveitarfélaginu að þessar kosningar væru of snemma.“ sagði hann en rúmlega helmingur kjósenda Fjarðabyggðar sagði já við sameiningu. „Við erum þó miklir sameiningarsinnar,“ bætti hann við. Guðmundur taldi ástæðuna fyrir litlum áhuga á sameiningu ekki vera þá að íbúar Fjarðabyggðar vildu sitja einir að álverinu í Reyðarfirði. „Sameining

Fjarðabyggðar var sínum tíma einn grundvöllur þess að farið var í þá framkvæmd,“ útskýrði hann.

Guðmundur sagði að stjórnvöld hlutu nú að sjá nauðsyn þess að gera ný göng til Norðfjarðar. „Gömlu göngin eru barn síns tíma og sameiningin hefur gert það að verkum að við höfum fengið aukinn kraft í kröfu okkar um gerð nýrra ganga.“ - fgg

GUÐMUNDUR BJARNASON Bæjarstjóri var sannfærður um að nú hlutu stjórnvöld að sjá nauðsyn þess að gera ný göng til Norðfjarðar.



Ný bensínstöð Skeifunni

Við hlið Krónunnar
KRÓNAN
VIRKA SÁÐERFUR



ATLANTSOLIA
- Ávallt ódyr -

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



TRÚIR ÞÚ Á DRAUGASÖGUR?

Most Haunted – mánudaga kl. 22:25




Ein sameiningartil- laga var samþykkt

Kosið var í 61 sveitarfélagi. Ein tillaga var samþykkt, fimmtán felldar en um tvær þeirra þarf að kjósa aftur. Kjørsókn var víða dræm og mældist minnst 13 prósent. Meðalkjørsókn var um 32 prósent að meðaltali.

SAMEINING Á laugardag var kosið í 61 sveitarfélagi vítt um landið um sextán tillögur um sameiningu sveitarfélaga. Ein sameiningartil- laga var samþykkt og samkvæmt henni sameinast Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppur í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 9. júní á næsta ári.

Þrettán sameiningartil- lögur voru felldar. Það var á Snæfellsnesi, Dala og A-Barðastrandasýslu, Strandasýslu, Hrutáfirði, A-Húnavatnssýslu, Skagafirði, Eyjafirði, S- og N-Pingeyjarsýslum, N-Pingeyjarsýslu, N-Múlasýslu, uppsveitum Árnessýslu, Ölfus og Flóa, Suðurnesjum og Reykjanesi.

Í fimm sveitarfélögum verða sameiningarkosningar endurteknar innan sex vikna. Fjögur þeirra eru í Þingeyjarsýslum þar sem kosið er um sameiningu við Húsa- víkurbæ, Óxarfjarðarhrepp og Raufarhafnarhrepp. Það eru Aðaldælahreppur, Kelduneshreppur, Skútustaðahreppur og Tjörneshreppur. Einnig munu íbúar Reykhólahrepps greiða atkvæði að nýju um sameiningu við Dalabyggð og



Saurbæjar- hrepp.

Á kjörskrá voru alls 69.144 en atkvæði greiddu 22.271, sem gerir 32,2 prósent kosningabátttöku. Alls voru 9.622 fylgjandi sameiningu, eða 43,8 prósent en 12.335 andvígir, eða 56,2 prósent.

Andstaða við sameiningu var áberandi í fámennari sveitarfélagunum. Andstaðan var mest í Grýtu-

bakka- hreppi

þar sem einungis tveir kjósendur vildu sameiningu, eða innan við 1 prósent. Þegar áttak um eflingu sveitarstjórnarstigsins hófst haustið 2003 voru sveitarfélögin í landinu 103. Að fengnum niðurstöðunum nú ásamt niðurstöðum þeirra atkvæðagreiðslna sem fram fóru 20. nóvember 2004 og 23. apríl 2005 munu sveitarfélögin í landinu verða 89 að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2006.

sda@frettabladid.is

AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Áshreppur	41%	59%	92%
Blönduósbær	86%	14%	40%
Höfðahreppur	8%	92%	68%
Skagabyggð	20%	80%	69%

AUSTURLAND

	Já	Nei	Pátttaka
Fjarðabyggð	53%	47%	46%
Mjóafjarðarhreppur	76%	24%	78%
Fáskrúðsfjarðarhr.	72%	28%	73%
Austurbyggð	67%	33%	%

DALASÝSLA OG AUSTUR-BARÐA-STRANDARSÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Saurbæjarhreppur	50%	40%	69%
Dalabyggð	61%	36%	56%
Reykhólahreppur	31%	69%	63%

EYJAFJÖRÐUR

	Já	Nei	Pátttaka
Siglufjarðarkaupst.	65%	35%	61%
Akureyrarkaupstaður	44%	56%	23%
Ólafsfjarðarbær	56%	44%	68%
Dalvíkurbyggð	36%	64%	65%
Arnarneshreppur	35%	65%	78%
Eyjafjarðarsveit	14%	84%	61%
Hörgárbyggð	12%	88%	66%
Svalbarðsstrandarhr.	26%	74%	72%
Grýtubakkahreppur	1%	99%	82%

NORÐUR-MÚLASÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Skeggjastaðahreppur	65%	35%	61%
Vopnafjarðarhreppur	36%	64%	48%

NORÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Svalbarðshreppur	16%	84%	64%
Þórshafnarhreppur	66%	34%	40%

REYKJANES

	Já	Nei	Pátttaka
Hafnarfjörður	87%	13%	14%
Vatnslaysustrandarhr.	32%	68%	75%

S- OG N-ÞINGEYJARSÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Aðaldælahreppur	24%	76%	79%
Tjörneshreppur	46%	54%	70%
Kelduneshreppur	49%	51%	72%
Skútustaðahreppur	35%	65%	69%
Húsavíkurbær	75%	25%	28%
Óxarfjarðarhreppur	52%	48%	68%
Raufarhafnarhreppur	56%	44%	60%

SKAGAFJÖRÐUR

	Já	Nei	Pátttaka
Akrahreppur	17%	83%	82%
Sveitarfélagið Skagafjörður	49%	51%	16%

SNÆFELLSNES

	Já	Nei	Pátttaka
Grundarfjarðarbær	15%	85%	69%
Helgafellssveit	24%	76%	71%
Stykkishólmsbær	35%	65%	55%
Eyja- og Miklaholtshr.	43%	57%	85%
Snæfellsbær	21%	79%	59%

STRANDASÝSLA OG V-HÚNAVATNSSÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Bæjarhreppur	39%	61%	82%
Húnaþing vestra	58%	42%	25%

STRANDASÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Árneshreppur	32%	68%	74%
Kaldrananeshreppur	14%	86%	67%
Broddaneshreppur	75%	25%	51%
Hólmavíkurbær	33%	67%	45%

SUÐURNES

	Já	Nei	Pátttaka
Reykjanesbær	Já 72%	28%	13%
Sandgerðisbær	Já 9%	91%	63%
Garður	Já 26%	74%	69%

UPPSVEITIR ÁRNESÝSLU


	Já	Nei	Pátttaka
Bláskógabyggð	59%	41%	50%
Hrunamannahreppur	30%	70%	59%
Grimsmes- og Grafingshreppur	16%	84%	49%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	52%	48%	69%

VESTUR-BARÐASTRANDARSÝSLA

	Já	Nei	Pátttaka
Tálknafjarðarhreppur	28%	72%	58%
Vesturbyggð	40%	58%	35%

ÖLFUS OG FLÓI

	Já	Nei	Pátttaka
Sveitarfélagið Árborg	40%	60%	28%
Hveragerðisbær	12%	88%	49%
Sveitarfélagið Ölfus	7%	93%	70%
Gaulverjabæjarhreppur	17%	83%	72%
Hraungerðishreppur	30%	70%	79%
Villingaholtshreppur	12%	88%	69%



Sala á nýjum áfangastöðum
hefst miðvikudaginn 12. október

VIÐ ERUM Á ÞINNI LÍNU!

» Iceland Express kynnir splunkunýtt leiðakerfi sem opnar þér dyrnar að Evrópu. Næstkomandi miðvikudag hefst sala á nýjum áfangastöðum og þú kemst því loksins til meginlandsins á viðráðanlegu verði.

» Það eina sem þú þarft að gera er að ákveða á hvaða línu þú ert og drífa þig á www.icelandexpress.is til að bóka!

**SALA HEFST
MIÐVIKUDAGINN
12. OKT.**

Verð frá **7.995 kr.**

M.v. aðra leið með sköttum.

Iceland Express





MAÐUR MEÐ KRÖSS Þessi maður í Brasilíu bar í gær kross í skróðgöngu sem farin var á Mariuhátíð í bænum Belem. Nærri ein og hálf milljón manna tók þátt í hátíðarhöldunum, sem eru með þeim stærstu sem haldin eru meðal kaþólskra. MYND/AP

Þróunarvísitala þýsku Bertelsmann-stofnunarinnar:

Máritíus er best stjórnað

ÞRÓUNARMÁL Eyrikið Máritíus í Indlandshafi er það þróunarland sem hefur bestu stjórnarhættina. Að þessari niðurstöðu er komist í rannsókn sem unnin var á vegum þýsku Bertelsmann-stofnunarinnar, þar sem lagt var mat á stjórnarhætti í 119 þróunar- og umskiptalöndum.

Í rannsókninni er lagt mat á framfarir í átt til lýðræðisstjórnarháttas og sjálfbærsmarkaðsbúskapar. Niðurstöðurnar eru flokkaðar í „Bertelsmann-umskiptavísitölunni“ (BTI), en ásamt Máritíus eru þar efst á lista Chile, Botsvana, Slóvenía og Taívan. Neðst á listanum eru Simbabwe, Norður-Kórea,



NAVINCHANDRA RAMGOOLAM Forsætisráðherra Máritíus.

Fílabeinsströndin, Túrkménistan og Sómalía, eftir því sem greint er frá í vefútgáfu þýska blaðsins Die Welt.

Meðal annarra niðurstaðna rannsóknarinnar er að nú teljast 62 prósent jarðarbúa búa við lýðræði. ■

Tyrkland og ESB:

Tyrkir fullgildi tollabandalag

TYRKLAND, AP Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál Evrópusambandsins í framkvæmdastjórn þess, tjáði Tyrkjum í gær að þeir yrðu að fullgilda gerða samninga um tollabandalag eða stefna að öðrum kosti nýhöfnum aðildarviðræðum í uppnám.

Tyrklandsstjórn undirritaði fyrr í ár samning um að tollabandalag Tyrklands og ESB næði einnig til nýju aðildarríkja títla, sem gengu í sambandið í fyrri, þar á meðal grískri hluti Kýpur, sem Tyrkir neita að viðurkenna. Tyrkneska þingið hefur hins vegar ekki fullgilt samninginn enn. ■

Blind kona:

Þekkir liti með snertingu

ÞÝSKALAND Blind kona á fimmtugsaldri hefur komið sérfræðingum verulega á óvart með því að sýna það og sanna í sjónvarpi að hún getur greint á milli liti með snertingunni einni saman.

Gabriele Simon, sem er frá Þýskalandi, sýndi snilli sína í einum vinsælasta sjónvarpsþætti Þjóðverja, Wetten Dass. Hún notaði fingurgómanna til að þekkja hina ýmsu liti á stuttermabolum og skyrstum með bundið fyrir augun.

Hún sagði að það hefði tekið sig tuttugu ár að þjálfu upp þennan hæfileika. „Þetta er sambland af þjálfun og einbeitingu. Þessi eiginleiki gefur mér aukið sjálfstæði því ég þarf ekki lengur að spyrja móður mína í hvað ég á að fara,“ sagði Simon. ■



ÁVÍSUNIN AFHENT Björn Hafsteinsson fær afhenta ávísun upp á 1,3 milljónir króna.

Söfnun fyrir strætóbílstjóra sem missti af fótum:

Fær rúma milljón

SÖFNUN 1,3 milljónir króna söfnuðust á vel heppnuðum styrktartónleikum sem voru haldnir fyrir strætóbílstjórann Björn Hafsteinsson sem missti báða fætur í alvarlegu umferðarslysi í lok ágúst.

Meðal þeirra sem komu fram á tónleikunum var Lögreglukórinn, Strætókórinn, Stefán Stefánsson tenór, Ragnar Bjarnason, Þorgeir Ástvaldsson útvarps-

maður, Jónsi í Í svörtum fótum, Árni Johnsen, André Bachmann, söngvari, Kalli Bjarni og hlóm-sveitirnar Nylon og Tilþrif.

Kynnar kvöldsins voru Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri og Edda Andrésdóttir fréttamaður. Dansarar frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru tóku á móti gestum. Umboðsskrifstofan Gigg stóð fyrir tónleikunum. -fb

Fyrirverandi þingmaður í Danmörku dæmdur:

Hafði mök við þrettán ára gamlan dreng

DANMÖRK Flemming Oppfeldt, fyrrum þingmaður Venstre á danska þinginu, var á föstudag dæmdur í fjögurra mánaða skil-orðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft mök við 13 ára dreng.

Flemming viðurkenndi að hafa haft mök við drenginn en talið hann vera 15 ára gamlan. Tók dómurinn skýringar Flemmings trúanlegar og var refsingin því vægari en reiknað hafði verið með.

Dómurinn sýknaði Flemming af hinum sex ákæruatriðunum, þar á meðal um að hafa borgað

ungum drengjum fyrir kynlíf.

Flemming sagði af sér þingmennsku síðasta haust þegar honum voru birtar ákæurnar og vakti málið mikla athygli. Í síðasta mánuði viðurkenndi Flemming fyrir dómi að hann hefði notað net þingsins til að komast í samband við unga drengi. Lögmaður hans sagði í viðtali við danska blaðið Politiken í gær að niðurstaðan dómsins sýndi að málið hefði aldrei verið það stóra barnaníðingsmál sem fjölmiðlar hefðu gert úr því í upphafi. -ks

Slökkvilið kallað út:

Eldur í Smáralind

ELDSVÖÐI Allt tiltækt slökkvilið var kallað í Smáralind upp úr klukkan hálf tvö í fyrrinótt eftir að tilkynnt var um að eldur hefði komið upp á veitingastaðnum Pizza Hut.

Eldur hafði komið upp í plasti og þegar slökkvilið kom á vettvang var búið að slökkva eldinn. Slökkviliðið þurfti ekki að reykra Smáralindina þar sem bruninn var smávægilegur. ■



SMÁRALIND Eldurinn kviknaði á Veitingastaðnum Pizza Hut.



FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

NISSAN
PRIMERA



SKIPT_um stíl



EKKERT
VENJULEGUR

Primera
Verð 2.090.000.-

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, cruise control og bakkmyndavél í lit.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

GOTT PÓLKVÍGAN

„Drífðu þig!“

Þessi mynd var tekin nokkrum augnablikum eftir að við frelsuðum þessa ungu fjölskyldu sem hafði verið lokuð inni í 360 daga samfleytt með allt of lítinn hraða og mjög takmarkað niðurhal.

Svo sannarlega merkileg tímamót fyrir þau og okkur hjá Hive, en við vitum að hver mínúta skiptir máli því fleiri bróða frelsisins. Þess vegna sögðum við ljósmyndaranum að drífa sig. Við biðjumst því afsökunar á töfnni sem þessi myndataka olli.

Við reynum að láta það ekki gerast aftur.

3.990*
HiveLite
 Þráðlaust internet
 4 GB niðurhal
 8 Mb tenging
 Hive netsími


*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is



*M.v. 12 mánaða samning.

DÆMI UM LEGUR Á SJÚKRAHÚSUM 2002



Heimild: Landlæknisebættid

FBL GREINING: LÖG UM SVEITARFÉLÖG

Pekking á aðstæðum bætir þjónustu

Í sveitarstjórnarlögum segir að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Lágmarks-íbúatala sveitarfélags er samkvæmt lögum 50 íbúar og fer félagsmálaráðuneytið með málefni sveitarfélaga.

Í sveitarstjórnarlögum eru tilteknar almennar skyldur sveitarfélaga. Samkvæmt þeim er sveitarfélögum skylt að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Verkefni í sérlögum

Í sveitarstjórnarlögum er hins vegar ekki kveðið á um hver séu verkefni sveitarfélaga heldur eru þau tíunduð í sérlögum um hina ýmsu málaflokkar sem varða skyldur þeirra og þjónustu.

Meðal þess sem telst til skyldu sveitarfélaga er að vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Í lögunum segir að sveitarfélög geti tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Þá skulu sveitarfélög hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

Frumkvæði heimamanna

Jafnframt segir að sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af

því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra. Í skýringum við lögina segir að sveitarfélögin hafi með höndum verkefni sem ráðist af staðbundnum þörfum og viðhorfum þar sem ætla megi að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins.

Færri verkefni

Sveitarstjórnir hér á landi fara með færri verkefni en á hinum Norðurlöndunum. Hér fara sveitarstjórnir með um 30 prósent af ráðstöfun hins opinbera, en ríkið fer með rétt um 70 prósent. Hlutfallið er gagnstætt á hinum Norðurlöndunum. Þar fara sveitarfélög með um 60-70 prósent af ráðstöfun hins opinbera.

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT OG SVARAÐ

VARNARÞING

Lugano-samningurinn

Meiðyrðamál Jóns Ólafssonar viðskiptamanns gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor hefur vakið nokkra athygli að undanförunu. Málið var höfðað í Englandi og var þar dæmt Jóni í vil. Jón nýtur nú fulltingis Sýslumannsins í Reykjavík við að innheimta þær bætur sem honum voru dæmdar í öðru landi. Sigurður Línadal er prófessor í lögum við Háskóla Íslands.



SIGURÐUR LÍNADAL

Er hægt að höfða mál á hendur manni í hvaða landi sem er?

„Það er í grundvallaratriðum ekki hægt að velja sér varnarþing eftir hentugleikum. Það er minn skilningur að röksemdin fyrir því að höfða þetta mál í Englandi hafi verið sú að þessi meiðyrði hafi verið viðhöfð á ensku og Jón telji sig hafa hlotið skaða af þar í landi. Héraðsdómur á núna eftir að fjalla um það hvort krafa verði talin gild, jafnvel þótt sýslumaður hafi samþykkt hana.“

Hvað er varnarþing?

„Varnarþing er sú dómþinghá eða umdæmi dómstóls þar sem sækja má mann til að svara til saka og þola dóm. Það eru til ýmsar gerðir af varnarþingum en sú algengasta er heimilisvarnarþing. Þar er mönnum jafnan birtar stefnur.“

Hvað sker úr um hvar höfða má mál?

Það eru ýmsir alþjóðlegir sáttmálar og samningar í gildi. Einn þeirra heitir Lugano-samningurinn. Hann snýr að dómvaldi og fullnustu dóma í einkamálum. Meiðyrðamál eru einkamál. Mér virðist að í þessu tilviki sé verið að fara eftir ákvæðum í Lugano-samningnum þar að lútandi að það megi gera aðför hér. Sýslumaður virðist hafa tekið það til greina.

Hægrisveifla í Póllandi

Báðir frambjóðendurnir sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð forsetakosninga í Póllandi í gær eru hægrimenn. Flokkar þeirra eru að mynda ríkisstjórn. Pólskir hægrimenn hafa boðað nýtt uppgjör við arftaka kommúnista og lýst stríði á hendur spillingu. Með í kaupunum fylgir ströng „þjóðernis-kapólska“.

Frambjóðendurnir tveir, sem kosið verður á milli í úrslitumferð forsetakosninganna eftir hálfan mánuð, eru Donald Tusk úr frjálslyggjuflokknum Borgaravettvangi (PO), og íhaldsmaðurinn Lech Kaczyński, borgarstjóri Varsjár. Báðir eiga þeir pólitískar rætur sínar í Samstöðu, hreyfingunni sem lék burðarhlutverkið í að fella kommúnismann á níunda áratugnum. Reyndar voru þeir fjórir frambjóðendur sem flest atkvæði hlutu í kosningunum í gær hægrimenn. Það var enginn málsmetandi vinstrimaður í framboði.

„Það er kominn tími til að gefa hægrimönnum tækifæri núna, því jafnvel þegar hægriflokkar höfðu einhver völd [á síðasta áratug] voru vinstrimennirnir samt þarna í lykilstöðum og mökkuðu áfram bak við tjöldin,“ hefur AP-fréttastofan eftir Ewu Grzegorek, 58 ára gömlum Varsjárþúa, þegar hún kom út af kjörstað í pólsku höfuðborginni í gær.

Með þessum orðum endurspeglast sú ríkjandi stemning kosningabaráttunnar bæði fyrir þingkosningarnar í lok september og fyrir forsetakosningarnar nú, að tími væri kominn til að hleypa þeim mönnum að stjórnartaumunum sem bezt mætti trúta til að taka til í þeirri spillingarhít sem margir



DONALD TUSK Frjálslyggjumaður sem vill draga úr umsvifum ríkisins.

landsmanna telja stjórn málin vera. Í síðustu þingkosningum árið 2001 fengu arftakar kommúnista ótvírátt umboð kjósenda til að stjórna landinu, en vegna ótal hneykslismála á kjörtímabilinu voru þeir rúnir trausti.

„Kalda stríðinu er enn ekki lokið í Póllandi,“ skrifar fréttaritari þýska vikuritsins Der Spiegel frá Varsjá um þetta. Öll borgaraleg öfl, íhalds- sem frjálslyggjummenn, kvörtuðu yfir því að eftir árið 1989 hefði ekki farið fram almennilegt uppgjör við valdatíð kommúnista. Þess í stað hefðu fulltrúar Samstöðu, Lech Walesa þar fremstur í flokki, og forkólfar kommúnistastjórnarinnar samið um „mjúk umskipti“ yfir í nýja tíma fjölbakalýðræðis og markaðsbúskapar.

Nú á loks að vinna upp þetta uppgjör sem ekki fór fram við gömlu valdhafana, en menn úr þeirra röðum komu sér á tíunda áratugnum vel fyrir í stjórnkerfinu og hinum einkavæddu fyrrum ríkisfyrirtækjum. Það fyrsta sem hægrimennirnir vilja hrinda í framkvæmd nú þegar völdin eru þeirra er að allir þeir sem gegna opinberum embættum gangist undir „gegnumlýsingu“ á ferli sínum. Vonast er til að með þessu takist að hemja hina útbreiddu spillingu í stjórnkerfinu. Einnig á að gera öll gögn gömlu leyniþjónustunnar aðgengileg, en þeim hefur hingað til verið haldið lokuðum með fáum undantekningum.

Reyndar er talsverður munur á stefnu og stíl Tusks og Kaczyński. Tusk er frjálslyggjumaður sem vill ganga óhikað fram í að draga úr hlut ríkisins í hagkerfinu, lækka skatta og gera velferðarkerfið skilvirkara. Kaczyński vill hins vegar að ríkið sé sterkt og rækti „kapólsk gildi“. Hann og tvíburabróðir hans Jaroslaw, formaður íhaldsflokksins Lög og réttlæti sem vann þingkosningarnar, standa fyrir „skilyrðislausu þjóðernis-kapólsku“, vilja endurinnleiða dauðarefsingar og að samkynhneigðir haldi sig „inni í skápnum“. Kaczyński krefst þess að Pólverjar fái „verðugan sess“ í Evrópusambandinu, varar við áhrifum Þjóðverja innan þess og fjandskapast út í Rússa.

„Við stefnum í að einangra okkur,“ skrifar Maciej Rybinski, leiðarahöfundur dagblaðsins Rzeczpospolita um stefnuna sem vænta megi að fylgi nýju hægristjórninni. Almennt séð megi gera ráð fyrir að áhrifur utanríkisstefnunnar verði þó óbreyttar – fylgispekt við Bandaríkin og upp á kant við ESB.



LECH KACZYŃSKI Íhaldsmaður sem vill „síðferðislega byltingu“ í pólskum stjórn málum.

Baritónsöngvari í fangelsi

REYNDI AÐ
NAUÐGA
KONU Á
SVEITABALLI

Þeirir þegar aðrir þegja!

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
auidunn@frettabladid.is

SOFÐU VEL

VELDU ÞAÐ BESTA



**FRÁBÆR
TILBOÐ Á
RAFMAGNS-
RÚMUM**




ATH!
FRÍ HEIMSENDING
OG UPPSETNING
Akureyri,
Reykjavík
og nágrenni




WALLHUGGER

Eitt með öllu!

Eitt mest selda
stillanlega rúm
í heimi



- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa
★★★★★

Verið velkomin

www.svefn.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Úrslit sameiningarkosninga eru áfall fyrir ríkisstjórnina og félagsmálaráðherra.

Vantraust og vantrú almennings

Úrslit kosninganna á laugardaginn um sameiningu nokkurra sveitarfélaga hljóta að teljast áfall fyrir ríkisstjórnina og Árna Magnússon félagsmálaráðherra sérstaklega. Sama er að segja um forystumenn sveitarfélaganna sem flestir beittu sér eindregið fyrir því að sameiningin næði fram að ganga. Ummæli félagsmálaráðherra og ýmissa sveitarstjórnarmanna í fjölmiðlum í gær um að niðurstaðan komi þeim á óvart bendir til þess að gap sé á milli þess veruleika sem þeir lifa og hrærast í og þeirrar myndar sem blasir við almenningi í hinum dreifðu byggðum.

Niðurstöður kosninganna voru ótvíræðar. Kosið var í 61 sveitarfélagi; í 40 var tillögunum hafnað en íbúar 21 sveitarfélags samþykktu. Aðeins ein af sextán tillögum um sameiningu náði fram að ganga.

Ekki er um það deilt að smá sveitarfélög eiga erfitt með að keppa við þau sem stærri eru um að veita ýmsa þjónustu sem nútíminn heimtar. Sameining lítilla sveitarfélaga í stærri einingar hefur því þótt einboðin og aðeins talið tímaspursmál hvernig sú framvinda öll yrði. Ýmsir stjórnmalámmenn hafa hneigst til að tala um sameiningarkosningar sem tæknilegt formsatriði frekar en að þar sé tekist á um grundvallaratriði. Almennur virðist líta málið öðrum augum. Úrslitin á laugardaginn benda til þess að fólk efast um hagræðið sem hlýst af sameiningunni. Og svo virðist sem fólk tortryggi að stjórnmalámmenn muni eða geti staðið við fyrirheit um ávinning af sameiningu. Úrslitin eru því í senn vantraust á stjórnmalámmenn og vantrú á kosti sameiningar.

Kosturinn við lítil sveitarfélög er sá að þar eiga íbúar auðveldara en í stærri sveitarfélögum með að fá hagsmunum sínum framgengt. Þegar sveitarfélagið er orðið hluti af stærri heild þarf að taka tillit til fleiri sjónarmiða. Þetta hefur birst með skýrum hætti í deilum um skólalahláð í Svarfaðardal. Þar telja íbúar sig hafa verið svikna um mikilvæga þjónustu í kjölfar sameiningar við Dalvík. Ekki er ósennilegt að þetta mál og sú mikla umræða sem það hefur skapað hafi átt sinn þátt í neikvæðum viðhorfum kjósenda til sameiningar í kosningunum.

Það var svo ekki traustvekjandi þegar gengið var til kosninga að ekki var búið að ganga frá ýmsum lausum endum er tengjast fjármálum sveitarfélaganna á landsvísi. Það kann að hafa skapað efasemdir meðal kjósenda.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir í grein á heimasíðu sinni á netinu í gær, að stjórnvöld beri ábyrgð á því hvernig fór. Þau hafi ekki gert greinarmun á eflingu sveitarfélaga annars vegar og sameiningu þeirra hins vegar. „Það er álíka og að sameina tvö fallit fyrirtæki og halda að úr því verði blómlegt bú!“ segir Árni Þór.

Hann segir mikilvægt að efla sveitarstjórnarstigið í landinu en til að ná því þurfi fyrst og fremst að færa sveitarfélögum fleiri verkefni, styrkja hið lýðræðislega stjórnkerfi þeirra og umfram allt tryggja þeim viðunandi og nægilega tekjustofna til að þau geti sinnt verkefnum sínum með sóma og veitt íbúnum öflugum og góða þjónustu. Sameining sveitarfélaga skili engu af þessu í raun og veru. Þetta eru umhugsunarverð orð fyrir félagsmálaráðherra og ráðandi öfl á sveitarstjórnarstigi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þarf ekki að horfa

Össur Skarphéðinsson gat ekki horft á Silfur Egils á Stöð tvö í gær. Hann átti erindi á Þingvöllum til að skoða stórriddan í Óxaránni. En það kom ekki að sök, því hann vissi nákvæmlega hvernig þátturinn yrði. Þeir sem horfðu á Silfrið geta nú mátað dóm Össurar við veruleikann. Össur skrifaði: „Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins verður semsagt í drottningarviðtali í Silfrinu. Það verður kómískt og skemmtilegt ef að líkum lætur. Kjartan mun auðvitað halda því fram að hann hafi á engan hátt átt aðild að neinum plottum gegn Baugi, sé áhrifalaus maður í Sjálfstæðisflokknum og setja upp saklausan undrunarsvip einsog á nýfæddu barni þegar Egill spyr hann út í plottið með Stymma og Jóni Steinari.“

Veikur fyrir bersyndugum

Um þátt stjórnandans skrifaði Össur: „Og Egill, sem alltaf er veikur fyrir bersyndugu fólki ef það er skemmtilegt mun iskra af ánægju yfir húmorískri ósvifni Kjartans, taka bakföll af ánægju og iða af gleði yfir því að vera eina sjónvarpsstjarnan sem hefur nægilegt aðdráttaraff til að fá aðalleikendur úr plottinu til sín. Svo munu þeir klappa hvor öðrum á alla kanta í beinni og loks hneykslast sameiginlega á því hvað Baugsmálið er orðin mikil sápuopera.“

Iðrunarmerki

Kjartani er hins vegar ekki alls varnað „fremur en öðrum bersyndugum“ að

mati Össurar. „Það eru iðrunarmerki farin að sjást á Kjartani. Nú síðast stofnaði hann Skipholt ehf þar sem hann er stjórnarformaður. Það er líknaströfnum hér í borg sem tekur að sér að skjóta skjóli yfir auralausa prófessora sem hafa verið dæmdir frá eignum sínum fyrir að hafa ekki hemil á sorakjafnum þegar heftin ber þá ofurliði - einsog meistari Jón Víðalín orðaði það.“

Kannski get ég komist í skjól hjá Skipholti ehf þó ég sé ekki prófessor ef ég verð aftur dæmdur fyrir meidyrdi einsog á Þjóðviljanum í gamla daga? Ég er að minnsta kosti doktor einsog Hannes!“

gm@frettabladid.is



Undarleg lögsókn

Ég segi kannski ekki að maður sé reiðubúinn að láta lífið til að Hannes H. Gissurarson fái að láta í ljós skoðanir sínar – en er ekki heldur langt gengið að rukka hann um 12 milljónir fyrir þær?

Gremja Jóns Ólafssonar er vissulega skiljanleg enda snýst málið um slaður af því tagi sem sjálfsgaht hefur verið óþolandi að búa stöðugt við. Einhver ógurleg heift út af gömlum sigum Jóns í átökum um eignarhald á Stöð tvö varð til þess að Hannes og Davíð Oddsson fengu hann á heilann og notuðu sérhvert tækifæri sem gafst – og raunar fleiri – til að fara með óhróður um þennan mann, svo að kalla má einhvers konar einelti. Fram að Bónusfeðgum var hann Óvinurinn af því að hann hafði náð einhverjum viðskiptum sem öðrum bar að mati Innmúrara.

Af einhverjum ástæðum virðist Hannes af öllum mönnum hafa verið fenginn til að hitta að máli norræna blaðamenn árið 1999 – kannski sem einhvers konar spesimen um íslenskt hugarástand – og það er eins og við manninn mælt: hann fer að tala um Jón Ólafsson. Og upphafst nú gamalkunn rulla um að ólyginn segi að Jón Ólafsson hafi á yngri árum höndlað með eiturlyf og lætur Hannes liggja að því að sitt hugarfóstur og sérlegt sköpunarverk, ljósvakamiðlar í einkaeigu, hafi fallið í hendur glæpamönnum og gott ef ódámurinn hafi ekki keypt hugarfóstrið fyrir gróðann af eiturlyfjasölunni. Þetta slaður birtir Hannes svo á heimasíðu sinni – á ensku – og skellir á að sögn þegar lögræðingar Jóns biðja hann um að fjarlægja það.

En er ekki full langt gengið að rukka hann um 12 milljónir?

Óneitanlega finnst manni það skjóta skökku við að bresk lög skuli gilda þegar metinn er sá skaði sem Hannes kann að

hafa valdið æru Jóns Ólafssonar með tali sínu á opinberum vettvangi á Íslandi, jafnvel þótt það hafi verið í eyru erlendra blaðamanna. Í sérhverju samfélagi ríkir ólík umræðuhefð og undarlegt að réttarvenjur í einu ríki um nið ná til annars ríkis. Hér hefur smám saman slaknað á meidyrdalöggjöfinni,

Í DAG

JÓN ÓLAFSSON
GEGN HANNESI
HÓLMSTEINI



GUÐMUNDUR
ANDRI
THORSSON

Er ekki „útrásin“ farin að ganga heldur langt þegar við erum farin að reka meidyrdamál í Englandi?

til allrar hamingju. Sú var tíð að Jón Steinar Gunnlaugsson og aðrir hægri sinnadír lögræðingar sóttu mál gegn ýmsum herstöðvaandstæðingum fyrir það eitt að láta í ljós heitar skoðanir á undirskriftasöfnun „Varins lands“ á bænarskjál til Bandaríkjamanna um her-setu hér á landi. Þá voru menn dæmdir fyrir að kalla samborgara sína „mannvitsbrekkur“. Á sjöunda áratugnum var faðir minn lögsóttur af Kristmanni Guðmundssyni fyrir að mótmæla því harkalega að Kristmann nyti listamannalauna í hærri flokki og hafa skoðana-bræður Hannesar löngum síðan reynt að snúa þeirri atögu að tjáningarfrelsinu við og láta líta svo út að þar hafi Kristmann

verið ofsóttur; gott ef ekki var skrifuð heil skáldsaga af Sigurjóni Magnússyni um það sára píslarvætti Kristmanns að Thor Vilhjálmsson skyldi skrifa um hann grein. Um þetta allt má lesa í greinasafni Thors Faldafeykir – sem kannski er hægt að krækja í hjá Braga fornbókasala – en almennt held ég að Kristmann hafi ekki verið talinn hafa haft sæmd af málinu.

Við erum ýmsu vön hér í opinberri umræðu. Við erum vön alls konar orðhákum sem ýmsir hafa furðu gaman af að heyra rífast, en eru þó oftast nær taldir hitta sjálfa sig fyrir þegar þeir ganga of langt í drulluaustrinum. Að minnsta kosti hefur það hingað til ekki verið talið mönnum til álitsauka að leita á náðir dómstóla til að rétta hlut sinn gagnvart óvægnum pappírsvíkingum. En er ekki „útrásin“ farin að ganga heldur langt þegar við erum farin að reka meidyrdamál í Englandi? Má ekki gera ráð fyrir því að Jón Ólafsson hefði fengið ummæli Hannesar dæmt dauð og ómerk fyrir íslenskum dómstól og jafnvel fengið einhverja upphæð dæmda sér í skaðabætur? Hefði það ekki átt að nægja?

Hér á landi þekkjum við Hannes sem sjaldan kemur mjög á óvart í afstöðu sinni til manna og málefna; við áttum okkur á því hverra hagsmuna hann telur sig vera að gæta, við erum vön öfgum hans, stríðni hans og þeirri neikvæðu orku sem iðulega stafar frá návist hans í opinberri umræðu, og stafar af einhverri þrálátri óánægju jafnvel þótt hann hafi um árabil baðað sig í náðarsól valdsins og fengið óskir sínar uppfylltar. Andúð á Jóni Ólafssyni er eitt af þessum fáu stefnum sem sífellt dýnja í málflutningi Hannesar og furðulegt að fara nú eftir öll þessi ár að reyna að hafa af honum húsið út af henni.

Spennandi námskeið fyrir millistjórnendur:

Mannauðsstjórnun

Nýjustu aðferðir við stjórnun, hvatningu og teymisvinnu.

Að auka fræðilega og faglega þekkingu þátttakenda á stjórnun með því að benda á nýjar og hagnýtar leiðir og tengja þær eigin reynslu þátttakenda.

Meðal námsþátta eru:

- Nýjustu aðferðir og hugtök
- Mannauðsstjórnun og hvatning
- Að leiða fólk að settu marki

Námskeiðið stendur yfir í 2 daga.

Frá kl. 8:30 til 15:50.

Næsta námskeið hefst 18. október.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Iðntæknistofnun** í síma 570 7100 og á vefsíðu okkar www.iti.is.



MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna
viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Við viljum að þú nái árangri

“Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinnanna.“

Guðríður Ólafsdóttir
Yfirmaður fyrirtækjasviðs




LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

PETTA GERÐIST > 10. OKTÓBER 1975

Elizabeth Taylor

Á þessum degi árið 1975 giftust stórstjórnanar Elizabeth Taylor og Richard Burton á ný en þau höfðu skilið aðeins 16 mánuðum fyrr. Þá höfðu þau verið gift í ein tíu ár. Giftingin fór fram á laun í Afríku og eyddu þau hveitibrauðsdögum í Chobe-garðinum í Botswana.

Þau hittust fyrst þegar þau léku saman í kvikmyndinni Kleópötru. Þegar þau giftust árið 1964 hafði Taylor þegar verið gift fjórum sinnum áður en Burton einu sinni.

Elizabeth Taylor sagði síðar að hún hefði gift Burton á ný þar sem röntgenmynd af lungum hennar sýndu nokkra bletti sem hún óttaðist að væri krabbamein sem var þó ekki. Þrátt fyrir að blásið hafði verið í gamlar glæður entist samband þeirra hjóna ekki. Sex árum síðar voru þau skilin að nýju en sumir segja ástæðuna þá að Burton hafi verið farinn að



ELIZABETH TAYLOR OG RICHARD BURTON

halla sér um of að flöskunni.

Burton kvæntist tvisvar til viðbótar á lífsleið sinni og lést árið 1984. Taylor giftist einnig tvisvar og síðasta hjónaband hennar og Larry Fortensky flosnaði upp árið 1995.

CHRISTOPHER REEVE (1952-2004)
lést þennan dag.



„Þrátt fyrir að ég trúir ekki sjálfur á guð, reyni ég að haga mér eins og hann sé að horfa.“

- Christopher Reeve varð frægur fyrir hlutverk sitt sem Superman. Hann lamaðist fyrir neðan háls þegar hann féll af hestbaki.

tímamót

timamot@frettabladid.is

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



BRÚÐHJÓN Þann 27. ágúst voru Freydis Aðalbjörnsdóttir og Róbert Línberg Runólfsson gefin saman í Háteigskirkju af séra Hjálmari Jónssyni. Þau eru búsett í Reykjavík.



ALÞINGISMAÐUR Auður Auðuns árið 1962, ári eftir að hún gegndi borgarstjórastöðu fyrst kvenna.



STÓRMENNI Í AFMELISVEISLU Auður spjallar við Davíð Oddsson, sem þá var borgarfulltrúi í Reykjavík, í sjötugsafmæli sínu árið 1981. Margt fyrirmenna mætti til veislunnar.

Þegar andlát ber að
Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Allhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofn 1990

AUÐUR AUÐUNS: FYRSTI KVENRÁÐHERRA FYRIR 35 ÁRUM

Ómetanleg fyrirmynd

Auður Auðuns var sannarlega brautryðjandi á mörgum sviðum. Hún var fyrsta konan til að ljúka lögfræðiprófi, árið 1935. Hún varð fyrsta konan til að verða borgarstjóri í Reykjavík þegar hún og Geir Hallgrímsson tóku við af Gunnari Thoroddsen og deildu með sér borgarstjórnastarfinu í eitt ár frá 1959 til 1960.

Á þessum degi fyrir 35 árum varð Auður síðan fyrst kvenna til að setjast í ráðherrastól.

Auður Auðuns fæddist á Ísafirði 18. febrúar 1911. Hún var dóttir Jóns Auðunar Jónssonar bónda og alþingismanns, og systir Jóns Auðuns dómkirkjuprests í Reykjavík 1945 til 1973.

Eftir að Auður lauk lögfræðiprófi stundaði hún ýmis lögfræðistörf meðfram húsmóðurstarfi og var lögfræðingur mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur á árunum 1940 til 1960. Hún var áberandi í starfi sjálfstæðismanna og gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum innan flokksins. Hún varð

alþingismaður Reykvíkinga árið 1959 og gegndi því starfi allt til ársins 1974.

Í júlí árið 1970 lést Bjarni Benediktsson forsætisráðherra voveiflega í bruna. Þá tók Jóhann Hafstein, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, við forsætisráðherraembættinu og myndaði formlega nýja ríkisstjórn í október. Hún var að mestu óbreytt fyrir utan Auði Auðuns sem tók við starfi dóms- og kirkjumálaráðherra af Jóhanni og sinnti því embætti í tæpt ár.

Þetta þóttu án efa mikil tímamót í baráttu kvenna og var Auður að öllum líkindum mjög meðvituð um það. Þegar samflokksystur hennar fóru til hennar næsta morgun eftir að tilkynnt var um skipting hennar var hún mjög glöð en þó ekki vegna eigin frama heldur þar sem þetta væri fordæmi fyrir aðrar konur.

Auður barðist fyrir bætri stöðu kvenna bæði í ráðherratíð sinni og sem alþingismaður. Hún var til að mynda

formaður sendinefndar Íslands á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Mexíkóborg árið 1975.

Stefanía Óskarsdóttir stjórnsmálafræðingur sér stöðuveitingu Auðar sem gríðarstór tímamót. „Við höfðum farið í gegnum Íslandssöguna án þess að konur væru áberandi í stjórnunarhlutverki og þarna var löngu kominn tími á að kona yrði skipuð ráðherra,“ segir Stefania sem telur Auði ómetanlega fyrirmynd fyrir aðrar konur. „Allt í einu sáu konur að þetta væri möguleiki,“ segir Stefania og bendir á að aðrar konur innan Sjálfstæðisflokksins hafi síðar litið til Auðar sem fyrirmyndar auk þess sem hún hafi veitt þeim mikinn stuðning innan flokksins.

Þrátt fyrir þetta liðu tólf ár þar til önnur kona gegndi ráðherraembætti en það var Ragnhildur Helgadóttir sem varð menntamálaráðherra árið 1983. Auður Auðuns andaðist 19. október árið 1999.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

Erlendur Lárusson

fyrirverandi forstöðumaður Vátryggingaefirlitsins, Krosshömrum 11, Reykjavík,

verður jarðsunninn frá Langholtskirkju miðvikudaginn 12. október kl. 11.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Amnesty International á Íslandi.

Anna Sigurðardóttir

Lárus Erlendsson

Stefán Erlendsson

Pálmi Erlendsson

Pálmi Lárusson

barnabörn og barnabarnabörn.

Síta Rína Haraldsdóttir

Vilborg Helgadóttir

Kristín Jónsdóttir

Elsa Vilmundardóttir

Fróðleikur af gardur.is



Bankamaður og ástsæll leikari:

Brynjólfur Jóhannesson

Brynjólfur Jóhannesson var fæddur í Rvík 3. ágúst 1896, sonur Jóhannesar Kristjánssonar skósmiðameistara og k.h. Pálinu Hælgerðar Brynjólfsd. sem fluttust til Ísafjarðar 1904. Skómmu eftir ferlingu varð hann búðarsveinn hjá Braunsverzlun, starfaði þar til 1916. Var í Páhlmansverzlunarskóla í Khöfn 1916–17. Starfsm. Íslandsbanka á Ísaf. frá 1917, í aðalbankanum í Rvík 1919–20. Verzl.stj. Braunsverzl. á Ísaf. 1920–23. Lék þar í leikritum 1916–23, auk söngs og hljóðfæraleiks. Stundaði, skíði, fjallgöngur og knattspyrnu. Starfsm. Íslandsbanka í Rvík frá 1924 (Útvegsb. frá 1930), bankaftr. til 1961. Hóf að leika með Leikfél. Rvíkur 1924, vann þar fjölda leiksgra í marga áratugi. Lék nokkur hlutverk hjá Þjóðleikhúsinu og í útvarpi sem og gamanhlutverk í revíum, auk leikfara út á land og til Helsingfors, Khafnar og Osló. Lék í 2 kvikmyndum. Var meðal ástsælustu leikara þjóðarinnar og túlkun hans minnstæð. Fékk þó oft lítinn tíma til hvíldar frá tveimur störfum. Sat oft í stjórn LR, ritari, form. og varaform. Form. Fél. ísl. leikara um tíma; fulltrúi þess í Bandalagi ísl. listamanna. Forseti Bandalagsins 2 ár. Hlaut ýmsar orður, m.a. stórriddari FO. Heiðursfélagi Starfsm.fél. Útvegsbankans. Ævisaga hans, Karlar eins og ég, kom út 1966. Hann lézt 8. apríl 1975. K.h. (1922) var Guðný Helgadóttir (1897-1994). Þau áttu fjögur börn.

Meira um hann á gardur.is

Hugst er að setja inn auðvöðug líkinnu Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

Hjálpsamir strákar úr Smárahverfi

Tveir strákar úr Smárahverfi, þeir Hilmar Jökull Stefánsson og Sindri Þór Sigurðsson, afhentu Kópavogsdeild Rauða krossins ágóða af tombólu sem þeir héldu fyrir skömmu á Smáratorgi og fyrir framan róluvöll í hverfinu sínu. Strákarnir söfnuðu samtals 4.071 krónu sem fer í að styrkja börn í neyð í gegnum verkefni Rauða krossins erlendis. Strákunum var kunnugt um starfsemi Rauða krossins enda hafði annar þeirra tekið þátt í sumarnám-skeiðinu Mannúð og menning sem Kópavogsdeild hélt í sumar. Í sjálfboðamiðstöð Kópavogsdeildar, Hamraborg 11, er tekið vel á móti þeim sem vilja afhenda Rauða krossinum afkrstur af fjársöfnun sinni. Opið er virka daga kl. 11-15.



GÓÐIR DRENGIR Hilmar Jökull Stefánsson og Sindri Þór Sigurðsson.



GÓÐHJARTAÐIR VINIR Brynjar og Breki Arndal, Harpa Haraldsdóttir og Aníta Sævarsdóttir.

Fjórir vinir safna fyrir bágstöddum

Vinirnir Aníta Sævarsdóttir, Harpa Haraldsdóttir og Breki og Brynjar Arndal héldu nýlega tvær tombólur fyrir utan Nóatún í Hamraborg. Þau söfnuðu alls 3.362 krónum sem þau afhentu Kópavogsdeild Rauða krossins. Þeim var umhugað um að peningarnir

feru í að aðstoða veik og bágstödd börn í útlöndum. Hópurinn boðaði síðan komu sína fljótt aftur í sjálfboðamiðstöð Kópavogsdeildar með annað framlag því þau áttu enn til varning sem þau ætluðu sér að koma í verð með enn annarri tombólu.

TOUJAFRÁ
MISSTIMM

TAKMARKAÐ MAGN

HP lita geislaprentari á ótrúlegu verði • Takmarkað magn



HP 2600N ColorLaser

Glæsilegur **lita** laser prentari frá HP með **innbyggðu netkorti** svo allir í fyrirtækinu geti prentað án vandræða. HP 2600N er **20 sek** að prenta fyrsta blað og prentar allt að **8 bls** í **lit** á mínútu. Hann er með **250 bls** fjölnotabakka. Tengist beint í beini eða USB2 tengi. HP 2600N er **hvergi** á betra verði og kemur með **2ja** ára ábyrgð til fyrirtækja sem einstaklinga.

VERÐ 34.900

VISA OG EURO TIL ALLT AÐ 36 MÁNADA • VERÐ ER STAÐGREIÐSLUVERÐ MEÐ VIRÐISAUKASKATTI OG BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR





Slöpp mæting

Einungis 808 manns sáu sér fært að mæta á leik Vals og Potsdam í Evrópukeppni félagsliða kvenna. Ekkert lið hefur komist jafn langt í Evrópukeppni í knattspyrnu, hvorki karla né kvenna, og því sorglegt að mæting var undir meðaltali á leik í Landsbankadeild karla. Þá sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að frítt var á leikinn.

sport
sport@frettabladid.is

SIGURÐUR JÓNSSON OG ÓLAFUR KRISTJÁNSSON: BREYTINGA AÐ VENTA HJÁ ÞJÁLFURUNUM

Sigurður til Fram eða Grindavíkur?

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Framarar að ná starfslokasamningi við Ólaf Kristjánsson, þjálfara liðsins, en liðið féll sem kunnugt er úr Landsbankadeildinni í sumar. Fram olli miklum vonbrigðum í sumar en væntingarnar voru óvenju miklar í Safamýrinni þetta árið. Sigurður Jónsson mun vera efstur á óskalistanum hjá stjórn Fram sem eftirmaður Ólafs en samkeppnin er hörð því Grindvíkingar vilja einnig fá Sigurð til starfa hjá sér.

Sigurður stýrði Víkingum í sumar með góðum árangri og kom liðinu upp í Landsbankadeildina þrátt

fyrir harða samkeppni frá KA-mönnum. Víkingar misstu stærstan hluta af byrjunarliði sínu frá því í fyrra en Sigurður náði að púsla saman góðu liði og árangurinn frábær. Margir bjuggust við því að Sigurður yrði áfram í Víkingi en upp úr viðræðum slitnaði milli hans og stjórnar knattspyrnu-deildar Víkings að tímabilinu loknu og hann því laus sem stendur. Víkingar hafa enn ekki fundið eftirmann hans.


Grindvíkingar hafa um nokkurn tíma haft áhuga á að fá Sigurð til að taka að sér þjálfun hjá sér og er hugsunin vist sú að hann

taki við af Milan Stefán Jankovic sem þjálfari meistaraflokks Grindavíkur í knattspyrnu. Sigurður mun hafa hitt forráðamenn Grindvíkinga síðustu daga og vikur til að ræða þessi mál. Ekki stendur þó til að leysa Milan Stefán undan störfum heldur er stefnan að hann taki að sér yfirþjálfun yngri flokka hjá félaginu ásamt því að vera aðstoðarmaður Sigurðar með meistaraflökkin. Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnu-deildar Grindavíkur, vildi ekki staðfesta að hann hefði átt í viðræðum við Sigurð og sjálfur vildi Sigurður ekki láta annað hafa eftir sér en að hann væri nú að skoða sín mál.



> **Við finnum til með ...**

... Valsstúlkum sem töpuðu allt of stórt gegn Evrópumeisturum Potsdam á Laugardalsvelli í gær, 1-8. Valsstúlkur stóðu sig frábærlega í fyrri hálfleik en svo gengu ófárirnar yfir í þeim síðari og



> **Við óskum ...**

... liðum Keflavíkur og Njarðvíkur innilega til hamingju með að hafa orðið meistarameistaranna í Reykjanesbæ í gær. Kórfuboltaleikiðin er nú formlaga hafin og er það einkar ánægjulegt.



Þýskur stórsigur í Laugardalnum

Þýsku Evrópumeistararnir í Potsdam sigruðu Valsstúlkur á Laugardalsvelli 8-1 í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Evrópukeppni félagsliða. Margrét Lára Viðarsdóttir átti stórleik í framlínu Vals.

FÓTBOLTI Valur var betra liðið í fyrri hálfleik en þrátt fyrir yfirburði sína var staðan í hálfleik 2-1 Potsdam í vil. Eyjastúlkan í liði Vals, Margrét Lára Viðarsdóttir, fór illa með þýsku varnarmennina hvað eftir annað og var óheppin að skora ekki. Hún átti þó stóran þátt í marki Valsliðsins sem Guðný Ómarsdóttir gerði á 36. mínútu þegar hún jafnaði leikinn 1-1.

Í seinni hálfleik kom síðan getumunurinn á liðunum í ljós. Þýsku stelpurnar eru í mun betra líkamlegu ásigkomulagi en þær íslensku og gerðu sex mörk í síðari hálfleik, þar af þrjú á fimm mínútna kafla.

Margrét Lára var langbest í liði Vals og þá átti Ásta Árnadóttir góðan dag og voru þær einu leikmenn Vals sem höfðu í fullu tré við þær þýsku þegar á leikinn leið.

Nadine Angerer, markvörður Potsdam átti stórleik í markinu og varði oft vel frá Valsstúlkum úr opnum færum, sérstaklega í fyrri hálfleik. Hún var ánægð að leikslokum en vildi ekki gera mikið úr eigin frammistöðu. „Við vorum mjög heppnar að halda jöfnu í byrjun leiks því Valsliðið spilaði mun betur í fyrri hálfleik og í raun var ótrúlegt að við skildum hafa yfirhöndina í hálfleik. En í síðari hálfleik sýndum við hver munurinn á liðunum tveimur er og burstuðum leikinn. Ég held hins vegar að sigurinn hafi verið of stór því við vorum ekki þetta



GUÐNÝ SKORAR Guðný Óðinsdóttir (12) skorar eina mark Vals í leiknum gegn Potsdam. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

mikið betri í leiknum,“ sagði Angerer, markvörður Þjóðverja. Seinni leikur liðanna fer fram í

Potsdam um næstu helgi sem er í úthverfi Berlínarborgar í austurhluta Þýskalands.

Elísabetu Gunnarsdóttur, þjálfara Vals, var orða vant eftir leikinn:

Margrét Lára er ein sú besta í heimi

FÓTBOLTI Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, var nánast orðlaus eftir leikinn enda gáfu lokatölur leiksins ekki rétta mynd af honum að hennar mati. „Vafaatriðin í þessum leik höfðu alveg ótrúlega mikið að segja. Þegar staðan er 0-0 áttum við að fá víti og svo skömmu síðar gerði Laufey Ólafsdóttir fullkomlega löglegt mark sem var dæmt af. En úrslitin eru með ólíkindum,

þaði liðin fengu níu góð mark-tækifæri en þau gerðu átta mörk en við bara eitt. Þetta sýnir bara styrk þeirra leikmanna, sagði Elísabet en hrósar mjög Margréti Láru: „Hún átti líklega sinn besta leik á ferlinum. Í dag sýndi hún að við eigum líklega einn besta framherja í heimi.“

Þrátt fyrir að títtnefnd Margrét Lára Viðarsdóttir hafi verið í liði sem tapaði 1-8 var hún samt

langbesti leikmaðurinn á vellinum. „Ég fékk fullt af færum sem ég nýtti ekki. Ég held að þessi markvörður hafi verið sú besta sem ég hef spilað á móti. En nú er bara að stilla sig inn á leikinn í Þýskalandi og vonandi náum við að stríða þeim eitthvað,“ sagði Margrét Lára sem ætlar að spila áfram á Íslandi til að vinna titla á næsta ári þrátt fyrir áhuga fjölda liða erlendis. - hjó

Traust dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.



Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SIAL HITABLÁSARAR

Hágæða rafmagns- og steinolíublásarar



Margar stærðir og gerðir
- hagstætt verð

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 • 110 Reykjavík
Sími 544 5470 • www.murbudin.is

PRÓFAÐU ÞAÐ FERSKASTA
FRÁ SÓMA

NÝTT

MEIRA Á MILLI

Nýjar matarmiklar samlokur í innsigliðum umbúðum sem tryggir enn meiri ferskleika.



SÓMI

FERSKUR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

MEIRA
Á MILLI

www.somi.is



MARKÚS MÁNI Skoraði fjögur mörk í sigri Düsseldorf á Wetzlar.

Íslendingar í Þýskalandi: Düsseldorf lagði Wetzlar

HANDBOLTI Í gær voru tveir leikir á dagskrá í þýsku úrvalsdeildinni og komu íslenskir handboltamenn við sögu í þeim báðum. Lübbecke tapaði á heimavelli sínum fyrir HSV Hamburg 26-32 en með liðinu leikur Þórir Ólafsson sem skoraði tvö mörk í leiknum. Róbert Sighvatsson og félagar í Wetzlar gerðu ekki góða ferð til Düsseldorf en þar fór fram sannkallaður íslendingaslagur. Markús Máni Michaelsson og Róbert Sighvatsson skoruðu fjögur mörk hvor fyrir Düsseldorf sem vann 28-24 en leikurinn var einnig merkilegur fyrir þær sakir að þetta var síðasti leikur Düsseldorf í Philipshalle handboltahöllinni.



Sólarupprás Hádegj Sólarlag
 Reykjavík 8.03 13.15 18.25
 Akureyri 7.51 12.59 18.06
 Heimild: Almanak Háskólans

hús o.fl.

Viftur í eldhúsið bls. 2
 Mósaik á heimilið bls. 4

fasteignir o.fl.

Fagurt er í firðinum bls. 24
 Vel heppnuð viðbygging bls. 13

allt - fasteignir

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 10. október,
 283. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 fasteignasala	20
Atlas	30
Árborgir	16
Ás	35-37
Bifröst	11
Borgir	8
Draumahús	25-28
Eignastýring	29
Fasteignam. Grafarv.	13
Fasteignamiðlun FM	12
Fasteignastofan	14
FF	42
FMH fasteignasala	18
Hof	34
Hóll	31
Hraunhamar	6-7
Húsalind	19
Kjöreign	9
Lundur	32-33
Lyngvík	22
Neteign	21
Nethús	23
Nýtt	10
Remax Kópavogi	43
Remax Stjarnan 16, 44-45	
Smárinn	38-39
Smárinn Rauðavað	40
Stoðir	41
x-hús	15
Pingholt	41



Í Setbergslandi í Hafnarfirði er til sölu stór og falleg sérhæð.

Falleg hæð í Setbergi

FMH fasteignasala hefur til sölu fallega hæð með tvöföldum bílskúr í Setbergslandi í Hafnarfirði.

Eignin er sérhæð í tvíbýli og skiptist í 122,1 fermetra á efri hæð, 24,7 fm á neðri hæð og bílskúr sem er 49,4 fm.

Á neðri hæð er rúmgóð forstofa með flísum á gólfi og fallegum skáp. Þar er einnig gestasnyrting og þvottaherbergi með flísum á gólfi. Úr forstofu er innangengt í bílskúr þar sem búið er að útbúa geymslu. Af neðri hæðinni er steyptur stigi með parketti upp á efri hæð.

Á efri hæðinni er gangur með parketti,

stór stofa og eldhús sem er samliggjandi henni. Eldhúsinnréttingin er hvít og mahogny með flísum milli skápa. Öll tæki eru vönduð, gashelluborð, blástursofn og vifta úr stáli. Úr stofu er gengið út á stórar svalir með góðu útsýni. Hjónaherbergið er stórt og með góðum skápum. Badherbergið er með fallegri mahogny innréttingu og stórum flísalögðum sturtuklefa.

Í íbúðinni eru tvö barnaherbergi með parketti á gólfum, skápur í öðru. Úr holi er gengið út á suðursvalir og mögulegt er að breyta holinu í aukaherbergi. Íbúðin er nánast öll nýmálúð og parkettið ýmist nýtt eða nýlakað.

Íbúðin er laus við kaupsamning.

LIGGUR Í LOFTINU [FASTEIGNIR]

Íbúar við Stígahlíð í Reykjavík eru ósáttir við framkvæmdir á lóð Menntaskólans við Hamrahlið. Samkvæmt deiliskipulagi frá árinu 1982 var gert ráð fyrir 1.200 fermetra íþróttahúsi sunnanmegin við menntaskólann en á lóðinni sem liggur að íbúðabygginginni átti að vera opið svæði. Þessu skipulagi hefur verið breytt og ákveðið að byggt verði 6.000 fermetra íþróttahús og

kennslustofur austan megin við skólann. Við þetta eru íbúar ósáttir.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í utandagskrárumræðum á Alþingi í vikunni að hraða þyrfti endurskoðun á hlutverki íbúðalánasjóðs. Hann sagði að breytinga væri augljóslega þörf vegna þeirrar þenslu sem orðið hefur á íbúðamarkaði undanfarið.



SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is



Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
 Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Heitir pottar

eiga það til að fyllast af laufblöðum og rusli á þessum árstíma. Það er ágætt að setja eitthvað yfir þá þó að ekki sé vatn í þeim til þess að koma í veg fyrir að þetta gerist.



ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Ré Hús Grensasvegi 22. Sími 511 5580. Veffang. www.rchus.is

Ungverskir dagar í október

Allt að 40% afsláttur af dúkum, kristal og postulíni frá Ungverjalandi.

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík - S. 552 - 6255
Opíð virka daga 14-18 • www.ammaruth.is

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

STIGAR & HANDRIÐ

Heildarlausnir og stuttur afgreiðslutími. Teikningar og uppsetning innifalið í verði

Einnig er hægt að teikna sjálfur og fá verð á: www.timberman.dk

Sjá einnig: www.ftf-trapper.dk www.plan.dk www.imex.is

Mex ehf. Lynghals 3 Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 Gsm 848 3215

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum tilboð að kostnaðarlausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF. • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



AMICA-VEGGHÁFUR ÚR HÚSASMIÐJUNNI Gufugleypir, ryðfrítt stál. Loftflæðið er bæði hringrás og útsog, kolasía. Minnsta hæð að eldavélarplötu er 650 mm. Minnsta hæð að gaseldavél er 750 mm. Burstað stál og gler.

Lykill að hreinu lofti

Góð vifta er gulli betri. Húsið angar ekki af matarlykt og loftið helst hreint. Til eru ýmsar tegundir af viftum og háfum, frístandandi eða vegggháfum sem bæði fegra eldhúsið og skila sínu hlutverki. Það sér enginn eftir því að eyða tíma í að koma upp góðri lausn á loftræstingunni.



Electrolux-vifta úr Húsasmiðjunni. Burstað stál. Loftflæðið er bæði hringrás og útsog. 2x40w kertaperur. Kolafilter innifalinn.



Electrolux-vifta úr Húsasmiðjunni. Loftflæðið er bæði útsog og hringrás. Hefðbundinn gufugleypir. Ein fitusía úr áli og kolasía fánleg sem aukabúnaður.

Þegar valið kemur að viftu er gott að hafa í huga nokkur atriði. Viftur og háfar hafa mismunandi loftflæði og mismunandi síur. Loftflæði getur verið tvenns konar, hringrás, útrás eða hvort tveggja. Með útsogi er uppgufun frá eldamennsku söguð út um málm- eða akrýlsíur. Útblæstri er komið út fyrir bygginguna um loftræstistokk. Háfar og viftur geta einnig boðið upp á hringrás lofts. Málm- eða akrýlsíur sjá þá um að hreinsa fitu úr loftstraumnum. Með hringrás er lyktinni eytt með virkum kolasíum og lofti blásið á ný út úr

síunni. Loftinu er svo beint aftur inn í eldhúsið sem hreinu síuðu lofti.

Hægt er að fá tvenns konar síur í eldavélarháfa og viftur, fitusíur og kolasíur. Fitusíurnar eru ýmist málm- eða akrýlsíur og er ætlað að hreinsa fitu úr uppgufun frá eldamennsku. Þær hindra einnig að feitin setjist á viftumótorana og skemmi þá. Málm-síurnar hafa

viðnám gegn tæringu, er auðvelt að þrifa og þær má setja í uppþvottavél. Akrýlsíurnar verður að skipta um á þriggja til fjögurra mánaða fresti. Kolasíurnar eyða lykt við eldun og skulu aðeins notaðar þegar háfar og viftur eru notaðar í hringrás lofts. Í dag eru það háfarnir sem eru vinsælir, bæði frístandandi eða áföstum við vegg. Einnig er vinsælt að fá viftur sem falla inn í eldhúsinnréttinguna.



Electrolux-vifta úr Húsasmiðjunni. Loftflæði er hringrás og útsog. Hefðbundinn gufugleypir með þremur hraðastillingum. Ein ál-fitusía og kolasía fánleg sem aukabúnaður.



Amica-vegggháfur úr Húsasmiðjunni. Ryðfrítt stál. Fitusían er úr málm. 2x20w lýsing. Loftflæðið er útsog.




Amica-vifta úr Húsasmiðjunni. Loftflæðið er hringrás og útsog. Hefðbundinn gufugleypir með akrýl-fitusíu 40w halogen vinnuljósi.



Amica-stálvifta úr Húsasmiðjunni. Vifta til innbyggingar undir skápa og er útdráganleg. Dýptin er 28 sentimetrar. Fitusía úr málm. Útblástur, þrjú hraðastig. 2x40w glóperur.



AEG-VEGGHÁFUR FRÁ BRÆÐRUNUM ORMSSON 60 sentimetra vegggháfur. Fyrir útblástur eða kolafilter, tvær fitusíur úr málm. 2x20 halogen lýsing.



Spegill, spegill, herm þú mér

Speglar eru til fleiri hluta nytsamlegir en að spegla á sér andlitid.

Einfalt og gott ráð til að stækka rými er að hengja upp spegil eða tvo. Þetta er gott að hafa í huga þegar flutt er inn í litla íbúð eða búid í smáu herbergi.

Gott ráð er að velja spegil með einfaldri umgjörð ef plássid er sérlega lítið. Þá verður spegillinn ekki mjög áberandi en stækkar rýmið eigi að síður.

Íburðamiklir speglar eru hið þrýðilegasta veggskraut og geta hæglega komið í stað myndar yfir sófa.

Skemmtilegt veggskraut er að hengja upp marga litla spegla þétt saman.



RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR SEGIR FRÁ SÉRKENNILEGU SALERNI.

Klósettið fylltist af gufu og reyk

Einu sinni var ég á naumhyggjuveitingahúsi í útlöndum. Það er svo sem ekki í frásögur færandi, nema fyrir þá sök að þarna mátti sjá salerni í gegnsæju glerbúri í einu horninu. Þetta vakti furðu mína og ég var auðvitað hissa á að innanhússarkitektinn skyldi klicka svona á mikilvægu atriði í hönnun sinni. Hver fer eiginlega á klósett í beinni útsendingu? Enda leið og beið. Loksins lét einn gesturinn vaða inn í glerbúrið og lokaði á eftir sér. Viti menn! Um leið og salernisdýrnar lokuðust var sem glerbúrið fylltist af gufu og reyk. Er kviknað í eða gefur manneskjan frá sér svona miklar eiturgufur? Ég var að því komin að hringja á slökkviliðið eða eiturefnadeildina en var augljóslega sú eina sem virtist hafa áhyggjur af þessu. Eftir óralangan tíma, að mér fannst, opnuðust dýrnar og þá létti þokunni eins og hendi væri veifað. Glerið var aftur glært og jafnvel glærara en það hafði nokkru sinni verið og ég ringlaðri en ég hef nokkru sinni verið. Hvað var eiginlega í gangi? Jú, eftir að hafa farið á stúfana og kannað málið

eftir ýmsum leiðum, komst ég að því að um var að ræða gler sem gengur fyrir rafmagni þannig að það skiptist á að vera grátt eins og sandblásið og gegnsætt eins og venjuleg gluggarúða. Og rofinn fyrir strauminn var í dyralæsingunni. En fleira þarf að koma til en rafmagnið. Galdurinn við svona gler felst í fljótandi kristöllum, svipuðum þeim sem notaðir hafa verið í stafræn úr og tölvuskjá um árabíl. Kristallar eru settir á milli tveggja laga af gegnsærri rafleiðandi filmu. Filman er síðan límd á milli tveggja glerja. Þegar rafmagni er hleypt á filmuuna raðast mólíkúlin í kristöllumunum upp á ákveðinn hátt þannig að þau hleypa ljósinu í gegn og glerið verður gegnsætt. Þegar slökkt er á straumnum, fara þau í normal stöðu og endurkasta eða dreifa ljósinu þannig að glerið verður grátt að lit svipað og sandblásið gler. Það er því kveikt á glerinu þegar það er glært og dýrnar eru ólæstar, en á því slökknar þegar glerbúrið er læst. Svo er bara að vona að læsingin bili ekki á óheppilegu augnabliki. Spannandi!

TILBOÐSDAGAR 10-30% AFSLÁTTUR



STEARNS & FOSTER

NÝ KYNSLÓÐ FRÁ STEARNS & FOSTER

Bandarísku hágæðarúmin frá Stearns & Foster eru heimsþekkt á meðal vandlátra kaupenda fyrir gæði og glæsileika. Rúmin eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja velliðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi. Bandarísku neytendasamtökin hafa í mörg ár útnefnt rúmin frá Stearns & Foster sem „bestu kaupin“.

Yves Delorme®
PARIS

Frá einu virtasta tiskuhúsi Frakklands: Rúmteppi, sængurverasett, lök, handklæði, frottisloppar, ilmsápur, ilmkerfi, ilmvatn o.fl.



Langholtiavegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900

Opið virka daga 11-18. Laugardaga 11-14.

Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

Sparisjóður Kópavogs

Hlíðasmára 19 • Digraunesvegi 10 • Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is



- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK



AMERÍSKIR
GLUGGAHLERAR

glæsileg lausn
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756



S.O.
Garðverk
Reykjanesbæ

Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,
TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson
S: 822 3650




Hreinlætistækja
...dagar í október



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR
ÞÚ VILT FALLEGA VIÐHALDSFRÍA GLUGGA



- engin málningavinna
hvorki fúí né ryð
- frábær hita og hljóðeinangrun
- fallegt útlit
- margir opnunarmöguleikar
- örugg vind og vatnspétting

pgv
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJAN

PGV í Hafnarfirði
framleiðir hágæða
viðhaldsfría PVC-u glugga
á sambærilegu verði og glugga
sem þarfnast stöðugs viðhalds

plastgluggaverksmiðjan ehf. | bæjarhrauni 6 | 220 hafnarfjörður | sími: 564 6080 | fax: 564 6081 | www.pgv.is



Fiskur á bakka.

Heimatilbúin listaverk

Mósaík getur lífgað upp á heimilið.

Mósaíkgerð er mjög vinsæl núna. Margir hafa tileinkað sér þetta listform og gera fallega hluti sem þeir skreyta heimili sitt með. Það þarf ekki að vera flókið að gera fallegan mósaíkramma eða blóm-pott. Föndra á Dalvegi í Kópavogi selur allt efni sem þarf til þess að gera einföld mósaíkverk og stendur einnig fyrir kvöldnámskeiðum í mósaíkgerð. Næsta mósaíknámskeið verður 13. október og kostar aðeins 5.400 krónur. Mósaík er auðvelt að vinna heima hjá sér og getur vinnan þess vegna farið fram við eldhúsbörðið.



Skrautlegur platti með vínberjum.



Litríkur blóm-pottur.



Myndarammi úr mósaík.



Fallegur rammi utan um spegil.



Skál sem færi vel á stofuborði.



Eplabakki.



Sérstakur og fallegur rammi.

- Best er að nota gler-, flísa- eða postulínsbrot til þess að skreyta hlutinn með.
- Mikilvægt er að nota hlífðargleraugu á meðan skrautið er brotið.
- Trélim er notað þegar límt er á tré en ef límt er á gler er notað glært sílfkonlím, t.d. UHU.
- Brotin eru límd á hlutinn eins og hverjum og einum finnst fallegast.
- Fúgan er blönduð með vatni svo að hún líkist óhræðu skyri.
- Fúgan er borin á og þrýst vel niður á milli brotanna.
- Fúgan er látin þorna í um 30 mínútur.
- Hluturinn er þússaður með grófum svampi.

Þú verður bara líka...



Sturtuklefar og
baðker í úrvali!
Ótrúleg verð!!!!



www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og
uppsetningaþjónusta fyrir hendi

GÍTARINN
HLJÓDFÆRAVERSLUN

Opíð:
Mán-Fös: 10-18
Laur: 11-16

Þjóðlagagítar
Kr. 12.900,-

Rafmagnsgítar
Kr. 22.900,-

MAPEX Trommusett
Frá kr. 43.900,-

Klassískur Gítar
Kr. 10.900,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is
Ötormotóla 2f • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Næstum eins og að vera í útilegu

Íslenska sumarið er stutt en þeir sem eiga glerstofur geta notið varma sólarinnar þótt lofthitastigið úti sé lágt. Ein þeirra er Ingibjörg Ingimundardóttir sjúkraliði.

„Mig var lengi búið að dreyma um glerstofu enda hafði ég kynnst því hjá vinkonu minni á Höfn hversu notalegt það er að sitja þar með handavinnu og sötra kaffi,“ segir Ingibjörg sem nýlega er flutt frá Höfn í Kópavog. Hún og maður hennar, Gunnar Bjarnason múrari, létu verða af því í fyrravetur að byggja yfir svalirnar sínar að hluta og eru hæstánægð með framtakið. Stofan er ekki stór, aðeins 7-8 fer-

metrar, en þjónar sínum tilgangi og eykur á gildi íbúðarinnar. „Það sem hefur eiginlega komið mér mest á óvart er hvað stofan nýtist okkur vel þrátt fyrir að vera svona lítil,“ segir Ingibjörg brosandí.

Hún kveðst hlakka til þess að koma heim eftir vinnu og setjast út á yfirbyggðar svalirnar með blöðin eða handavinnuna enda sé birtan þar einstök. „Mér finnst svo mikil hvíld í því að vera svona næstum undir berum himni og hafa útsýni,“ segir hún og kveðst ekki hafa tímt að byrgja gluggana með gardínum ennþá. „Þetta er svo frjálst, næstum eins og að vera í útilegu,“ bætir hún við hlæjandi.

Glerstofuna keyptu þau hjón hjá Gluggum og garðhúsum og það

tók ekki nema einn dag að ganga frá henni. Hægt er að opna hana að hluta með renniglugga ef hitinn verður of mikill en oftast nægir golan sem berst inn um loftlúguna. „Sá sem gekk frá glerinu veit að ég er frá vindasömum stað á landinu og gantaðist með að það yrði að vera hægt að opna fyrir austanáttina,“ segir Ingibjörg glædlega. Í fyrravetur kveðst hún hafa haft lítinn ofn í stofunni en nýlega var settur hiti í gólfíð sem eykur á þægindin. „Það reyndist ekki mikið mál. Heita vatnið var bara leitt úr ofni í aðalstofunni.“ segir hún. En hvað skyldu svona herlegheit kosta í það heila? „Við höfum ekki alveg tekið það saman en ég giska á tólf til þrettán hundruð þúsund. Glerið með uppsetningu



kostaði innan við milljón og Gunnar lagði sjálfur flísarnar en leyfi, teikning, pípulögn og fleira dregur

sig saman í dálitla upphæð en mér finnst þessi framkvæmd fyllilega peninganna virði.“



Veggir brotnir niður

Það er fátt karlmannlegra en að brjóta niður vegg. Menn verða þó að passa sig á að fara ekki offari.

Áður en hafist er handa verður að athuga hvaða tegund af vegg á að brjóta niður, hvort um sé að ræða tré-, gips- eða steinvegg. Fyrir trévegg eiga kúbeinið og gamli hamarinn að duga en á gipsvegginn ættu þau tól ásamt léttri sleggju að nægja. Gipsveggi má reyndar skrúfa niður í sumum tilfellum.

Á steinveggina duga hins vegar engin vettlingatök. Stóra sleggju verður að nota en hægt að er að fá sleggjur frá þrjú þúsund krónum og upp í 10.000 krónum, allt eftir stærð þeirra. Sleggjur með tréskaftri vega yfirleitt 3-6 kíló. Fyrir sérverkefni er hægt að fá iðnaðarmenn sem nota þá stein- eða blautsagir. Annað sem þarf að gera áður en hafist er handa er að setja lök yfir húsgögn og reyna einhvern veginn að hindra það að ryk og drulla sem hlýst af verkinu nái að dreifast um stórt svæði. Hægt er að hengja upp plastdúka eða annað slíkt. Nauðsynlegt er að nota rykgrímur.

Þá er bara að kalla saman vini, láta testósterónið flæða og byrja að brjóta niður vegginn.

NÚ er rétti tíminn fyrir

TEMPUR

Betra BAK



TEMPUR-PEDIC
Heilsunnar vegna

Tilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum



Að sofa er eitt, að hvílast er annað.

Í september bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kotta á frábæru tilboði.

Yfir 30 þúsund læknar, sjúkrahjálfarar og kiropraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

- Heilsudýnur
- Heilsukoddar
- Sessur og bakstoðir



EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VÍÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARIKJANNA

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

GLUGGA LAUSNIR

Góð lausn fyrir gluggann

Hafðu samband og viðkomum heim til þín

Blaðset Blínas 534 1300
www.gluggalausnir.is

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir...
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

GARÐABÆR

Nökkvavogur 16 Opið hús í dag milli kl 17-19. Aðalhæð ásamt góðum bílskúr. Mjög falleg 94 fm hæð ásamt 32 fm bílskúr í fallegu húsi í lokuðum botnlanga á þessum frábæra stað. Stofa og borðstofa. Fjögur herbergi. Góður garður. Allt umhverfi mjög snyrtilegt, hellulögð innkeyrsla. Stutt í skóla og framhaldsskóla. **LAUS STRAX. Verð 25,5 millj.**

4ra til 7 herb.



4ra herbergja endaíbúð á fyrstu hæð með sér inngangi við klukkurima. Gengið er inni flísalagt anddyri með góðum skápum. Eldhús flísalagt með ljósi góðri innréttingu og stórum borðkrók. Stofan er góð og björt með útgangi úti garð. Herbergi eru með flisum á gólfi og góðum skápum. Hjónaherbergi er rúmgott með parketi á gólfi. Baðherbergi með baðkari, flísað í hólf og gólf ásamt vandaðri innréttingu. Geymsla í sameing fylgir íbúðinni. **Laus strax. Verð 20,9 millj**



Kelduland-Fossvogi. Björt 87 fm 4 herbergja endaíbúð á 2. hæð Falleg og smekkleg íbúð. Húsið hefur verið mikið endurnýjað, þak og rennur endurnýjað, gert við steypuskemmdir, svalir lagaðar, drenlagir endurnýjaðar og húsið málað. Einnig skipt um gler í allri íbúðinni.

Ný, upphituð hellustétt við húsið og ný, steypt gangstétt með götunni.

Stórar suðursvalir með miklu útsýni yfir Fossvoginn. **Verð 20.9 millj kr**

3ja herb.

Til sölu góð 85 fm 3ja herbergja íbúð við Hátún. Gengið er inni gott flísalagt anddyri þaðan tekur við rúmgott parketlagt hol. Barnaherbergi er bjart með parketi á gólfi og skáp. Hjónaherbergi er gott með parketi á gólfi og skápum. Stofan er björt og rúmgóð með parketi á gólfi. Eldhúsið snyrtilegt með nýlegum kork á gólfi og góðri innréttingu. Baðherbergið bjart flísað í hólf og gólf með baðkari. Þvottahús er sameiginlegt á sömu hæð. Þetta er snyrtileg eign á þessum eftirsóttu stað í 105 Reykjavík. **Verð 16,9 millj**

Mjög góð Snyrtileg 103 fm endaíbúð í viðhaldslitlu fjölbýli við Suðrhóla. íbúðin er björt 3ja herbergja á annarri hæð í enda íbúð með sér inngangi af svölum. Eign í góðu ásigkomulagi. Tvö Rúmgóð herbergi, stofa björt og falleg með parketi á gólfi. Eldhús gott með góðum borðkrók. Þvottaaðstaða innan íbúðar og yfirbyggðar svalir. Blokkin er klædd að utan og sameign ný tekin í gegn **Laus Strax. Verð 17,4 millj**



Alftamýri . Góð 74 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð.

Tvö svefnherbergi með parketi. Fyrir dyrum stendur að endurnýja frænnislið frá húsinu en til eru í hússjóði um 1.5 millj kr sem ætti að dekkja þann kostnað. Gott sameiginlegt þvottahúsi með góðum tækjum. Nýlega búið að mála stigagang og skipta um teppi. **Verð 16.6 millj**

EIGNIR VIKUNNAR



Bakkastaðir- Grafarvogi. Vorum að fá í einkasölu mjög falleg og vel skipulagt 172 fm einbýli á einni hæð ásamt 54 fm bílskúr samtals 226,1 fm. Húsið stendur á einstökum útsýnisstað í Grafarvogi þar sem ekkert er byggt fyrir aftan húsið. Fjögur svefnherbergi, stofa og sjónvarpshol. Mjög stór bílskúr með millilofti. Húsið er stendur í lokuðum botnlanga þar sem stutt er í skóla. **Verð 54,9 millj.**



Vesturholt / Hafnafirði, Frábær vönduð neðri sérhæð í góðu tvíbýlishúsi innst í botnlanga. Forstofa með náttúrustein og hita í gólfi ásamt fatahengi. Eldhús með fallegri mahóni innréttingu, vönduðum tækjum og náttúrustein á gólfi. Opið er úr eldhúsi yfir í góða bjarta parketlagða stofu með útgangi útá timburverönd. Barnaherbergi gott parketlagt. Hjónaherbergi er rúmgott parketlagt með góðum skáp. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, góðri innréttingu, vönduðum tækjum og hita í gólfi. Þvottahús er bjart og rúmgott með hillum. Gott útsýni. Leikskóli, skóli og Hvaleyrargolfvöllur í göngu fjarlægð. **Verð 19,9 millj.**



Frábær talsvert endurnýjuð íbúð með frábæru útsýni í góðu lyftuhúsi í Arahólum. Íbúðin er björt og snyrtileg. Stofan er rúmgóð, parketlögð með útgangi útá góðar yfirbyggðar svalir með útsýni yfir alla borgina. Ný eldhúsinrétting í eldhúsi og parket á gólfi. Baðherbergi flísað í hólf og gólf með baðkari. Herbergi rúmgott með góðum skápum **Verð 15,9 millj.**

Naustabryggja Íbúðin er öll sérlega vönduð, allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá Brúnás. Lúmx lysing. Flott skipulagt. Eign í viðhaldslitlu húsi á góðum stað í Bryggjuhverfinu. **Íbúðin getur verið laus fjótlega. Verð 18,9 millj.**



Góð talsvert endurnýjuð tveggja herbergja íbúð við Vindás. Anddyri flísalagt með skáp. Stofa björt parketlögð með góðum gluggum, opið er inni eldhús sem er með góðri innréttingu og nýlegum tækjum. Baðherbergi endurnýjað, flísað í hólf og gólf með sturtu og tengi fyrir þvottavél. Svefnherbergi rúmgott með góðum skápum. Húsið er klætt að utan og sameign snyrtileg. **Verð 13,9**

Fyrirtæki

Pylisuvagn við sundstað

Vagninn er í góðu standi og er á hjólum og væri því unnt að flytja hvert á land sem er **Verð aðeins 1,3 millj**

Hesthús

Glæsilegt 26 hesta hús í Mosfellsbæ

Paradís hestamanna höfuðborgarinnar. Mjög skemmtilegar reiðleiðir út á leirur, fjörur og inn sveitina í allar áttir. Góðir reiðvellir og tamningagerði, uppgróid svæði með trjágróðri. **Verð 26 millj**

Gott, nýlegt 19 hesta hús í Hafnafirði.

Tvö samliggjandi hús, úthlutað sem 10 hesta og 6 hesta hús. Heitt vatn hefur verið leitt inn í húsin. Stórt og gott loftunargerði. **Verð 13.9 millj**

Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060 • Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is

Er löggiltur fasteignasali að selja eignina þína?



Finbogi Hilmarrson
lögg. Fasteignasali



Einar Guðmundsson
lögg. Fasteignasali



Bogi Pétursson
lögg. Fasteignasali



Anney Bæringsdóttir
lögg. Fasteignasali



Hafdis Björnsdóttir
Ritari

Skipholti 29A
105 Reykjavík

fax 530 6505
www.heimili.is

opið mánudaga
til föstudaga 9-17

sími 530 6500

Hjá Heimili fasteignasölu starfa fjórir löggiltir fasteignasalar sem hafa áralanga reynslu af fasteignaviðskiptum. Það er því löggiltur fasteignasali sem heldur utan um allt ferlið, allt frá því eignin er skoðuð og þar til afsal er undirritað.

Metnaður okkar á Heimili er að viðhafa vönduð og fagleg vinnubrögð sem tryggja þér besta verðið og ábyrgja þjónustu í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um fasteignaviðskipti.



heimili
FASTEIGNASALA



www.arborgir.is



Birgir Ásgeir
Kristjánsson
Sölumaður



Anna Björg
Stefánsdóttir
ritari/sölumaður



Þorsteinn
Magnússon
sölumaður



Guðjón Ægír
Sigurjónsson hdl.



Óskar Sigurðsson
hrl.



Réttarholt - Nýtt-

Vorum að fá í einkasölu gott 133,7 m² einbýlishús ásamt 64,9 m² bílskúr í grónu hverfi á Selfossi. Eignin telur, flísalagða forstofu, lítið forstofuklósett, samliggjandi stofu og borðstofu, sjónvarpsherbergi sem hægt er að breyta í forstofuherbergi, eldhús með góðri hvítlakkaðri innréttingu og korkflísu á gólf, 3 dúklögð herbergi þar af 2 með fataskápum, baðherbergi sem er nýtekið í gegn flísalagt bæði gólf og veggir, innbyggt klósett, stór sturta og búið að setja hita í gólf. Þvottahús með innréttingu og flísum á gólf. Eikarparket er á stofu, borðstofu, sjónvarpsholi og gangi. Svalahurð er útur stofu sem liggur út á stór- og góðan sólpall sem er við suður og vesturhlíðar hússins. Garðurinn er skjólgóður og gróinn. Verð 29.500.000



Hörðuvellir ñ Nýtt-

Vorum að fá til sölu meðferðar 4 herbergja íbúð í þrjú á frá- bærnum stað miðsvæðis á Selfossi. Íbúðin sem er 106,6m², telur dúklagða forstofu, dúklagt forstofuherbergi, flíslagt hol, Bað- herbergi sem er flíslagt í hólf og gólf, svefnherbergi með plast- parketi. Inn af hjónaherbergi er lítið barnaherbergi. Stofa er teppalögð sem og borðstofa. Út frá stofu er gengið út á hellu- lagða verönd sem tilheyrir íbúðinni. Í borðstofunni er fallegur bogadreginn gluggi sem snýr út að garðinum. Eldhúsið er dúk- lagt með ágættri hvítlakkaðri innréttingu. Inn af eldhúsi er búr.

Nýjar ofnalagnir sem og neysluvatns- og raflagnir. Nýlegt gler. Þvottahús í sameign. Verð 15.400.000



Fífumói

Um er að ræða mjög vel skipulagða íbúð í nýju fjórbýlishúsi á Selfossi. Íbúðin er 94,8 m² að flatarmáli og skiptist í forstofu, eldhús, stofu, baðherbergi, tvö rúmögð svefnherbergi, þvottahús og geymslu. Íbúðin afhendist tilbúin til blettsþörlunar og málunar. Allir innveggir eru hlaðnir eða steypfir. Lóð verður grófið og bílplan malbikað. Verð 14.950.000



hrossaræktun og er uppbygging á staðnum miðuð við slíkan rekstur: Hesthús eru fyrir um 80 hross, Á jörðinni er 900m² reiðskemma með góðri lýsingu, loftræstingu og starfsmannaáðstöðu. Þá er einnig reidvöllur í fullri stærð sem nýtanlegur er allt árið um kring. Íbúðarhús er steinsteypt byggt 1979 177,6 m² að stærð með litilli studio-íbúð í kjallara. Bæjarstæðið er afar glæsilegt með ægífögru útsýni.

Ennfremur eru á jörðinni tvö fjárhús, byggð 1966 og 1970, votheysturn byggður 1972, járnsmíðaverk- stæði byggt 1964 og geymsla byggð 1970.

Vegna staðsetningar jarðarinnar og þeirrar aðstöðu sem til staðar er hentar þessi jörð einstaklega vel til hvers konar starfssemi með hross s.s. reiðkennslu, tamningum, þjálfun og sýningu hrossa, hestaleigu os.frv.

Þá er einnig möguleiki á að skipuleggja sumar- bústaðabyggð á jörðinni.

Frábær jörð fyrir áhugafólk í hestamennsku sem vill góða aðstöðu á fallegum og rólegum stað stutt frá Reykja- vík. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Verð Tilboð



Brautarholt

Um er að ræða einbýlishús í byggingu að Braut- arholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Húsið er skemmtilega hannað af Einari Ólafssyni, arkitekt hjá Arkiteo. Eignin er samtals 226,8 fermetrar með 25 fm. bílskúr. Teikning gerir ráð fyrir 4 svefnherbergjum, stofu/borðstofu, tveimur/þremur baðherbergjum, anddyri, þvottahúsi, bílskúr og geymslu. Mjög vönduð steinsteypt hús. Að hluta er húsið klætt með citrus harðviði

Eignin er staðsett að Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þar sem stutt er í alla þjónustu, bæði skóla sem og íþróttamannvirki.

Eignin afhendist á tveimur byggingarstigum. 1. stig, (fokhelt) fullbúið að utan, verð kr. 21,5 millj. 2. stig, full- búið án gólfefna kr. 34 millj.

ÁRBORGIR • Austurvegi 38 • 800 Selfoss • Sími 482 4800 • Fax: 482 4848 • www.arborgir.is



Enginn í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

RE/MAX®

Mjódd

Að kaupa eða selja fasteign er ein af stærstu ákvörðunum sem þú tekur

Okkar hlutverk er að vinna fyrir þig og setjum við metnað okkar í að veita þér persónulega og góða þjónustu. Því höfum við færri eignir í sölu og leggjum okkur fram við að þekkja hverja þeirra eins vel og okkar eigin.

- Við sýnum alltaf sjálfar eignina!
- Við útbúum eignamöppu fyrir eignina!
- Við hjálpum þér að finna nýja eign!
- Við erum með virka eftirfylgni!
- Við bjóðum þér bestu fánlegu þjónustu á fasteignamarkaðnum!



Hafdís Rafnsdóttir

Sölufulltrúi RE/MAX Mjódd
GSM: 895 6107
Netfang: hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Valsdóttir

Sölufulltrúi RE/MAX Mjódd
GSM: 863 0402
Netfang: asdis@remax.is



Ábyrgðamaður: Jónas Örn Jónasson, löggiltur fasteignasali
RE/MAX Mjódd, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík
Sími: 520 9550, fax: 520 9551

**Blásalir í Kópavogi**

Til endurúthlutunar er 4-5 herbergja íbúð um 123 fm. ásamt stæði bílageymslu.

Til endurúthlutunar er rúm 2 herbergja íbúð um 80 fm.

Íbúðirnar eru í 10 hæða fjölbýlishúsi og geta verið til afhendingar fljótlega.

Ýmsir staðir

Eigum einnig íbúðir í Garði, Sandgerði og á Kirkjubæjarklaustri.

Umsóknarfrestur er til 17. október n.k.**Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri**

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 í síma 552-5644 milli kl. 9-15.

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is

www.bumenn.is

**HB Grandi hf. auglýsir eftirfarandi eignir í Þorlákshöfn til sölu:**

Húseignir 2,911,6 m², þar af 1.880,4 m² bygging frá árinu 1966 og 980 m² skemma frá árinu 1997.
2 tankar (áður hráefnistankar) u.þ.b. 6.800 m³, frá árinu 1998.
2 tankar (áður lýsistankar) u.þ.b. 1.000 m³, frá árinu 1965.
Eignirnar standa á 7.522,7 m² iðnaðar- og athafnalóð (leigulóð).

Eignirnar eru staðsettar við höfnina í Þorlákshöfn og henta vel fyrir hvers konar hafnsækna starfsemi. Þar hefur verið rekin fiskimjölsverksmiðja og mun búnaður sem er í húsunum verða fjarlægður fyrir afhendingu. Afhending verður eftir nánari samkomulagi þar um, en getur orðið fljótlega.

Nánari upplýsingar veitir Ingimundur Ingimundarson í síma 550 1146.

Óskað er tilboða í eignirnar fyrir 1. nóvember nk.

Tilboð sendist til HB Granda hf., Norðurgarði, 101 Reykjavík, merkt „Þorlákshöfn“.



María Haraldsdóttir
Sölustjóri
maria@101.is
Gsm 820 8103

Helgi J. Jónsson
Söluáður
helgi@101.is
Gsm 820 8104

Leifur Aðalsteinsson
Framkvæmdastj./Sölum.
leifur@101.is
Gsm 820 8100

Sigtryggur Jónsson
Lögg. fasteignasali
sigtryggur@101.is
Gsm 863 2206


Hrafnhildur
Guðmundsdóttir
Skrifstofustjóri
hrafnh@101.is

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEDLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is



T. & W. / 0033

**Eignamiðlun Suðurnesja**

Sigurður V. Ragnarsson,
löggiltur fasteignasali

Víkurbraut 46
Grindavík
Sími 426 7711
www.es.is


Hafnargötu 20,
230 Reykjanesbæ
Sími 421-1700

**VESTURHÓP 5-7, GRINDAVÍK**

Parhús sem skilast fullbúin að utan, steinuð í ljósum lit, en fohkheld að innan. Lóð verður sléttuð og gróðfönuð. Húsin eru 118 ferm. og bílskúr 42 ferm. með mikilli lofthæð. Möguleiki að gera herbergi í bílskúr. Byggingaraðili: Stamphóll ehf. Verð: 16.000.000,-

**SUÐURHÓP 3-5**

Glæsileg parhús í byggingu, 168 ferm. alls. Skilast fullbúin að innan, að utan verður lóð gróðfönuð en innkeyrsla og aðalinngangur hellulagt með snjóbræðslukerfi. Húsin eru steypt úr en klædd að utan með báruðu áli. Í eldhúsi verður aukalega tvöfaldur isskápur, uppþvottavél og örbylgjuofn. Öll eldhústaeki eru frá Whirlpool úr stáli. Byggingaraðili P.A.byggingar ehf. Verð kr. 28.000.000,-

**VESTURHÓP 16-22**

Falleg raðhús í byggingu. Um er að ræða raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Íbúðin ásamt bílskúr er samtals 125 ferm.. Húsbýggjandi er H.H. smíði ehf. Eignin skilast fullbúin að utan sem innan. Lóð verður tyrft og hellulögð innkeyrsla. Verð: 21.100.000,-

**LITLUVELLIR 4, GRINDAVÍK**

Gott raðhús með einu svefnherb. Plastparket á gólfum nema í forstofu og á baði, en þar eru flisar. Verð: 10.600.000,-

**HRAUNBRAUT 4, GRINDAVÍK**

Mikið endurnýjað einbýlishús ásamt bílskúr. Allt nýtt í eldhúsi, nýtt parket á gólfum í stofum og herbergjum, nýjar innihurðar og fataskápur, allt nýlega málað að innan. Nýlegar skolplagnir. Nýtt járn á þaki. Sólþallur. Ræktuð lóð. Góð staðsetning. Verð: 24.000.000,-

**BLÓMSTURVELLIR 2, GRINDAVÍK**

Mjög vandað einbýlishús 140,4 ferm. ásamt 36 ferm. bílskúr. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Góð verönd með heitum potti. Hlaðið útgrill með þaki. Innkeyrsla er hellulögð. Verð: 28.900.000,-



SKÁLANUM

Strandgötu 41 - 220 Hafnarfjörður
www.fmh.is Sími: 517 9500
OPIÐ VIRKA DAGA 9.00 - 17.00



Eskivellir 9 - Glæsilegar eignir



GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR AÐ ESKIVÖLLUM 9 HAFNARFIRÐI
Íbúðunum verður skilað fullbúnum að utan sem innan, án gólfefna. Baðherbergin eru sérlega glæsileg, flísalagðir veggir og gólf með vönduðum flísum, hornbaðkar með nuddi og innbyggðum hitastýrðum blöndunnartækjum og sturtu út úr vegg. Gólf í þvottahúsum verða einnig flísalögð. Vandaðar innréttingar frá MODULIA og öll tæki að vandaðri gerð. Lóð og sameign fullfrágengin. **sjá einnig: www.fmh.is**

STÆRÐIR OG VERÐ

3ja herbergja 79,9 til 90,6 fm, verð frá 15,9 millj.
4ra herbergja 86,0 til 127,3 fm, verð frá 18,1 millj.
5 herbergja 138,9 fm til 142,1 fm, verð frá 23,4 millj.

Traustur verktaki Fagtak ehf.

Eskivellir 7 - Glæsilegar íbúðir í Hafnarfirði



37 glæsilegar 2ja til 5 herbergja íbúðir með stæði í bilageymslu komnar á sölu. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna nema hvað golf á bað- og þvottaherbergjum verða flísalögð. Innréttingar, innihurðir og tæki eru frá BYKO og geta kaupendur komið fram með óskir um breytingar séu þær settar fram tímanlega. Húsið stendur afar vel með tilliti til útsýnis og sólar. Að utan verður húsið steinað með marmarasalla til að minnka viðhaldskostnað.

2ja - 3ja herb. 80 fm íbúðir, verð frá 16,1 millj.
3ja - 4ra herb. 95,7 fm íbúðir, verð frá 18,8 millj.
4ra herbergja 95,7 til 97 fm íbúðir, verð frá 19,4 millj.
4ra herb. 101 til 113 fm íbúðir, verð frá 22,7 millj.

Sjá nánar á fmh.is.

Kirkjuvellir - Lyftufjölbýli




KIRKJUVELLIR - HAFNARFIRÐI

Glæsilegt 6 hæða lyftufjölbýli á góðum stað á völlum. 4 íbúðir á hæð 3ja - 4ra herb. Húsið skilast fullbúið að utan sem innan fyrir utan gólfefni. Vandaðar innréttingar og tæki. Traustur verktaki. Afhending sept - okt 2006. **Nánari upplýsingar á skrifstofu FMH (517-9500), Verð frá 16,7 millj**

Í SMÍÐUM



FJÓLUVELLIR 3 - HAFNARFIRÐI
Fallett og skemmtilega hannað einbýli á nýttiskulegan hátt af Vektor hönnun og ráðgjöf. Húsið eru hannað þannig að lítið mál er að breyta innra skipulagi Hússins. Íbúð er 176,1 fm og bílskúr 31,3 fm samtals 207,4 fm. Hægt er að nálgast **Teikningar hjá FMH fasteignasölu Strandgötu 41 - Verð 32,9 millj**



FJÓLUVELLIR 1 - HAFNARFIRÐI
Vorur að fá í sölu glæsilega hannað einbýlishús á völlum í Hafnarfirði. Húsið og bílskúr er samtals 223 fm Hægt er að nálgast **Teikningar hjá FMH fasteignasölu Strandgötu 41 - Verð 34,9 millj**



Drekavellir - Hafnarfirði
Vorur að fá í Einkasölu glæsilegt fjórbýli á völlum. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna. Vandaðar innréttingar, hús klæðist að utan með álklæðningu. Lóð fullklárúð. Ein 107,3 fm 3ja herb neðri hæð **Verð 22,8 millj**
Afhending mars - apríl 2006

EINBÝLI



VIÐVANGUR - HAFNARFIRÐI
Skemmtilegt pallabyggt einbýli með aukabúð í kjallara á þessu vinsæla stað í Hafnarfirði. Á efri hæð eru 3 góð svefnh., stofa/boðstofa, baðherbergi með kari og sturtu, rúmgott eldhús ásamt góðum bílskúr með millilofti. Á neðri hæð er 63fm séríbúð með góða tekjumöguleika. **Verð 55 millj.**

HÆÐIR



STRANDGATA - 220 HAFNARFIRÐI
Stórglæsileg 191 fm íbúðarhæð á 3. hæð í miðbæ Hafnarfjarðar. Íbúðin er öll endurgerð að innan. Stórglæsilegt baðherbergi. Þrjú stór svefnherbergi. U.p.b. 90 fm stofa með 4 m. lofthæð, Bose hljóðkerfi. Tilbúin til afhendingar. **VERÐ 37,5 millj.**



HVERFISGATA - 220 HAFNARFIRÐI
Nýkomin í sölu glæsileg hæð og ris með séringangi ásamt innbyggðum bílskúr miðsvæðis í Hafnarfirði. Hæðin og risið er alls 180,7 fm og bílskúrin er 30,8 fm, samtals 211,5 fm. Eignin er mikið endurnýjuð. (Laus við kaupsamning) **Verð 29,7 Millj.**



LÆKJARBERG - HAFNARFIRÐI
Glæsileg efri sérhæð í vönduðu húsi við Lækjarberg í Hafnarfirði. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir, eldhús með glæsilegri innréttingu og vönduðum tækjum (gas). Rúmgott svefnh með skápum, tvö góð barnah. Í svefnherbergisgangi er sjónvarpshol með útgengi á svalir (mögulegt aukaherb) Baðherbergi með sturtuklefa og snyrtilegri innréttingu er á efri hæð. Á neðri hæð er gestasnyrtling ásamt góðum 49fm tvöföldum bílskúr. Stutt í skóla og þjónustu. Glæsileg eign í alla staði **Laus við kaupsamning.**

4ra - 5 HERBERGJA



BERJAVELLIR - HAFNARFIRÐI
Ein af glæsilegri íbúðum bæjarins. Rúmgóð stofa/boðstofa með glæsilegu útsýni til sjávar útgengi á góðar svalir. Glæsilegt eldhús frá HTH hvít eik. Baðherbergi með vandaðri innréttingu, baðkar/sturtuklefi flísalagt í hólf og gólf. Svefnherbergi með góðu skáplássi, gluggar á tvo vegu. Rúmgott sjónvarpsherbergi. Íbúðin er öll hin glæsilegasta og má nefna að öll lýsing er með þráðlausri fjarstýringu. **VERÐ 31,7 MILLJ.**



STRANDGATA - HAFNARFIRÐI.
Vorur að fá í sölu glæsilega þakíbúð í miðbæ Hafnarfjarðar íbúðin er 101m2 að stærð og samþykki fyrir 25m2 þaksvölum til suðurs. Íbúðin er öll nýtekinn í gegn. Opin stofa með arinstæði. útgengi á svalir. Þrjú svefnh. Eldhús er vandað frá HTH með sambygðri gaseldavél og ofni. Íbúðin er öll hin glæsilegasta. **Nánari upplýsingar á skrifstofu FMH.**



BURKNAVELLIR - HAFNARFIRÐI.
Nýkomið í sölu glæsileg 4ra herb íbúð með bílskúli í lyftuhúsi. 3góð svefnh, baðherbergi með baðkar snyrtileg innrét. Góð stofa/boðstofa. Eldhús með vandaðri eikarinnréttingu. Laus við kaupsamning. Skipti möguleg á 3ja herbergja íbúð í norður bæ. **Verð 23,7 millj**

EFSTIJJALLI - KÓPAVOGUR
Vorur að fá í sölu snyrtilega 4ra herb 99.9fm íbúð á þessum vinsæla stað í Kópavogi. Rúmgott svefnh með skápum. Tvö góð barnaherb. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir. Baðherbergi með nýlegri innréttingu/baðkar flísalagt. Stutt í skóla og aðra þjónustu. **Verð 19,9 millj**

3ja HERBERGJA

STRANDGATA - 220 HAFNARFIRÐI
Glæsileg 3ja herbergja íbúð í miðbæ Hafnarfjarðar. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Rúmgóð stofa sem tengist við eldhús, Glæsileg innrétting með vönduðum eldhústækjum. opið rými. Baðherbergi með sturtuklefa, sérlega glæsileg innrétting flisar á gólf. Frábært útsýni. **Verð 20,9 millj**

AUSTURGATA - HAFNARFIRÐI
Glæsilegar nýuppgerðar 3ja herb. íbúðir í 6 íbúða húsi í miðbæ Hafnarfjarðar. Íbúðirnar eru allar innréttaðar með fallegum eikarinnréttingum. Eikarparket gólfum. Sameign verður fullfrágengin svo og lóð hússins. Stærðir íbúðanna er frá 67fm - 71fm. **Verð frá 17,9 - 18,8 millj.**

STRANDGATA - HAFNARFIRÐI:
Nýkominar í sölu tvær 3ja herbergja íbúðir (ca. 90m2) í nýju steinhúsi í miðbæ Hafnarfjarðar. Íbúðirnar verða afhentar tilbúnar undir tréverk og málingu. Til afhendingar fljótlega.

KRÍUÁS 17A

Vorur að fá í sölu glæsilega 3ja herbergja íbúð (103,8 fm) á þriðju hæð í vönduðu fjölbýli. Rúmgott svefnh. með skápum. Gott barnaherbergi einnig með skápum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og sturtu. Rúmgóð stofa með útgengi út á góðar svalir. Allar innréttingar úr Kirsuberjavið. Eldhús og anddyri flísalagt. Íbúðin að öðru leiti öll parketlögð. **Verð 23,9 millj.**

2ja HERBERGJA

HRINGBRAUT - HAFNARFIRÐI:
Snyrtileg og hentug 2ja herbergja 30fm risíbúð (ath. gólfliður er mun meiri) miðsvæðis í Hafnarfirði. Glæsilegt útsýni. Íbúðin er mjög mikið endurnýjuð. **Verð 10,4 millj.**

ATVINNUHÚSNÆÐI

FORNUBÚÐIR - HAFNARFIRÐI
TIL SÖLU/LEIGU
Fornubúðir 3 sem í dag hýsa Fiskmarkað Suðurnesja ásamt fleiri fyrirtækjum sem tengjast hafnarrekstri.
LÝSING: Stærð hússins samkvæmt FMR er 4096,7 fm. Í húsinu eru 16 innkeyrsludyr 4,0 metrar á breidd. Einnig eru hefðbundnar hurðir á báðum göflunum. Innangangur fyrir skrifstofur er á gaffinum sem snýr að Óseyrarbrýggju. Innangengt úr húsinu inn í skrifstofurnar. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu FMH.

REYKJAVÍKURVEGUR - HAFNARFIRÐI
466,9 FM húsnæði á 1817 fm lóð með mikla möguleika. Húsnæðið er skipt í 3 hluta, félagsheimili, geymslu og búð að samþykka húsvarðaríbúð allt að 80 fm í suðurenda hússins. Á lóð er gert ráð fyrir 38 bílastæðum, þar af stæði fyrir tvo stóra bíla. Gott tækifæri fyrir fjárfesta. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

MÍÐHRAUN - GARDABÆ
Vorur að fá í sölu að Miðhrauni 250 fm atvinnuhúsnæði á 2 hæðum. Á neðri hæð eru tvær góðar innkeyrsludyr ein á hverri hlið. Sér innangangur er að efri hæð og er þar ca 100 fm skrifstofurými. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

www.fmh.is

Skoðið heimasíðu okkar og fáið nánari upplýsingar um eignir sem við erum með í sölu.





HÚSALIND
FASTEIGNASALA

Hamraborg 20A • 200 Kópavogur • www.husalind.is
Sími 554 4000 • Fax 554 4018 • husalind@husalind.is



Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir,
Löggiltur fasteignasali og hdl.
GSM 867 2928



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölufulltrúi
GSM 899 5949

REYNIHVAMMUR – EINBÝLISHÚS



Vel staðsett og fallegt einbýlishús á 2 hæðum, aukaíbúð á neðri hæð ásamt tveimur bílskúrum, samtals 220 fm. Pallur og stórar suður svalir. Fallega ræktaður garður. Möguleiki á stækun hússins yfir bílskúr. Íbúð á jarðhæð er með sérinngangi. **Ásett verð kr. 44,0 millj.**

HLÍÐARHJALLI - PARHÚS - BÍLSKÚR



Fallegt og vel viðhaldið 205,1 fm parhús þar af er 28,8 fm bílskúr á eftirsóttum stað í Hjöllunum (Suðurhlíðum) í Kópavogi. Mikil lofthæð er í húsinu og falleg gólfefni. Eldhús er opið við stofu. Arinn í stofu. Tvö baðherbergi eru í húsinu. Útgengið er á góðan pall í vel ræktuðum suðurgarði. Barnvænt og gróíð hverfi. **Verð 47 millj.**

SÖRLASKJÓL – SÉRINNGANGUR



70,1 fm mikið endurnýjuð íbúð á jarðhæð í vesturbænum. Forstofa með flot/lökkkuðu gólfi. Mjög rúmgott svefnherbergi og stór stofa. Parket á gólfum. Eldhúsið er stórt og með miklu og góðu skáplássu, skápar ná alveg upp í loft. Eign nálægt Háskóla Íslands og með útivistarparadís við þróskuldinn. **Verð kr. 17,3 millj.**

TRÖLLABORGIR – RAÐHÚS - BÍLSKÚR

NÝTT



Bjart og snyrtilegt 167,2 fm endaraðhús þar af er 25,9 fm innb. bílskúr á góðum og rólegum stað í Grafavogi. Fallegt sjávar- og fjallaútsýni. Garður og svalir snúa í austur-suður. Í húsinu eru 3 svefnherbergi og tvö baðherbergi. Eldhús er með hvítri L-innréttingu. Oliuborið gegnheilt stafaparket. Stutt í alla þjónustu, verslanir og skóla. **Tilboð óskast í eignina**

SANDAVAÐ – ENDAÍBÚÐ

NÝBYGGING



123,8 fm glæsileg 4-5 herb. endaíbúð í fallegu lyftuhúsi. Gluggar í þrjár áttir. Eignin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, vinnuherbergi, baðherbergi, þvottahús, bílastæði í lokaðri bílageymslu, sérgeymslu, rúmgóðar svalir og sameign. Fallegar eikarinnréttingar frá Brúnás, tenglar fyrir síma og sjónvarp í öllum herbergjum. Gólfefni fylgja ekki með. **Ásett verð kr. 28,7 millj.**

NÚPALIND-3JA HERBERGJA

LYFTUHÚS



Opið hús í kvöld kl. 20.00-21.00
Vel skipulögð og björt 3ja herbergja 87,2 fm íbúð þar af 5,5 fm geymsla í nýlegu lyftuhúsi á góðum stað í Kópavogi. Rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergi er bæði með baðkari og sturtu. Þvottahús inn af íbúðinni. Stórar svalir. Gott aðgengi fyrir fatlaða um húsið og bílaplan. Íbúðin er laus 1. nóvember 2005. **Verð 21,2 millj.**

FRAMNESVEGUR – RISÍBÚÐ



Einstaklega falleg og björt mikið endurnýjuð 37,4 fm risíbúð á góðum stað í Reykjavík. Eldhús er opið við stofu. Risloft er yfir eldhúsi. Baðherbergi flísalagt með náttúrustein, innfeld blöndunartæki. Falleg lýsing er í íbúðinni. Eign sem vert er að skoða. **Tilboð óskast í eignina.**

HOLTSGATA – RISÍBÚÐ



LAUS STRAX

Mjög rúmgóð 3ja herbergja 58,3 fm risíbúð á 5. hæð við Holtsgötu. Tvö svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi og sameiginlegt þvottahús. Mjög snyrtileg sameign. Íbúðin er í góðu ásigkomulagi og er ósamþykkt. **Ásett verð kr. 10,5 millj.**

SANDAVAÐ- 4RA HERBERGJA

NÝBYGGING



Vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð. Fermetrar 106,7 en þar af er 9,1 fm geymsla í þessu nýja lyftuhúsi ásamt stæði í bílskylí. Íbúðin afhendist fullfrágengin án gólfefna og flísalagnar á baðherbergi. Í þessari íbúð hefur verið steypt í plötuna fyrir halógenlýsingu. Gott og vel skipulagt hverfi sem er í hraðri uppbyggingu og með góðu útsýni yfir Árbæinn og Heiðmörk. **Tilboð óskast.**

STRANDASEL – 3JA TIL 4RA HERB.

GÓÐ KAUP



82,6 fm 3-4ra herb. íbúð á 3ju hæð (efstu). Svefnherbergi eru rúmgóð. Búið er að stúka af hluta stofunnar sem er nýtt sem tölvu-/vinnuástaða. Stórar suðursvalir. Snyrtileg sameign. Stutt í alla þjónustu, skóla og verslanir. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **Verð kr. 16,5 millj.**

HLÍÐARVEGUR – BÍLSKÚR



Mikið endurnýjuð 3ja herbergja 87,7 útsýnisíbúð á 2. hæð (efstu) þar af 21,8 fm bílskúr í Suðurhlíðum Kópavogs. ath. ca. 8 fm geymsla er ekki inn í fermetrafföldu íbúðar. Ljóst parket og innréttingar í íbúðinni. Mikið útsýni yfir Fifuhvamminn. Stórar suðursvalir. Íbúðin getur verið laus fljótlega. Fallegur suðurgarður. **Verð 20,7 millj.**

TIL LEIGU ATVINNUHÚSNÆÐI



Verslunarhúsnæði við Síðumúla. Stórt 140 fm. verslunarhúsnæði með góðum gluggum út að götu, auk verslunnarrýmis eru þar 2-3 smáskrifstofur, snyrting og kaffiástaða. Húsnæðið er laust og langtímaleiga.

Leiguráðgjöf ehf. Símar 554-0400 og 898-9394 Barbara.

MÁVAHLÍÐ - RISÍBÚÐ



Falleg og björt 3ja herbergja risíbúð. Kvistgluggar og velux þakgluggar eru í íbúðinni. Parket á öllum gólfum nema á baðherbergi en þar eru flisar. Rúmgott baðherbergi með baðkari og sturtuáðstöðu, gluggi. Þak og þakrennur endurnýjaðar. Stutt í skóla; MH, Verslól, Kennó, HR og alla þjónustu. **Verð: 11,5 millj.**

NÝLENDUGATA – VIÐ NORÐURSTÍG

SÉRINNGANGUR



Falleg og björt 89,7 fm sérhæð á tveimur hæðum í hjarta Reykjavíkur. Sérinngangur er inn í íbúðina. Rúmgóð stofa. Slípaðar gólfjalir eru á öllum gólfum. Eignin er laus strax. **Ásett verð 21,5 millj.**

KÁRSNESBRAUT – ÚTSÝNI



Falleg 3ja herbergja 73,9 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Mjög björt og velmeðfarin íbúð. Ljóst parket á allri íbúðinni. Á baðherbergi eru fallegar ljósar flisar á gólf og veggjum, yfirbyggðar svalir sem eru með gólfhlita og parketi á gólf, þvottahús og geymsla inn af eldhúsi. **Ásett verð kr. 19,2 millj.**

VESTURVÖR – ATVINNUHÚSNÆÐI



Atvinnuhúsnæði með stórum innkeyrsludryrum til sölu eða leigu. Nýjum eignaskiptasamningi hefur verið þinglýst á eignina. Möguleiki er á að leigja eða kaupa allt húsnæðið eða hluta. **Tilboð óskast í eignina**

Einbýli



STARENGI Gullfalleg og vel skipulagt 177 fm einbýlishús sem er á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Ein-staklega vönduð 12 fm sólstofa, Gróður-hús á lóð, 3 svefnh. Stutt í golf og hér færðu þúttvöll á lóðinni. Hiti í plani og við inngang. Hellulagt alveg í kring um húsið. Húsið getur losnað við kaupsamning. **Verð 41,5 millj.** (3904)



LÁGHOLT, MOSFELLSBÆ Mjög vel staðsett vel við haldið einbýlishús með glæsilegum garðskála með arin og verðlauna garði. Eignin skiptist í: forstofu, gestasalerni, 2 stórar stofur, glæsilegan garðskála með arin, gott eldhús sem er opið við borðstofu að hluta, 5 góð herbergi, baðherbergi, stórt þvottahús og bílskúr. Garðurinn var valin verðlaunagarður Mosfellsbæjar 2001 og er hann vægast sagt glæsilegur með fallegum trjám og heitum nuddpotti. SJÓN ER SÖGU RÍKARI. **Verð 39,9 millj.** (3815)



RÍTUHÓLAR Einstaklega vandað 282,2fm einbýlishús á 2 hæðum með tveimur íbúðum. Tvöfaldir bílskúr. Húsið er mjög vel staðsett með vægast sagt glæsilegt útsýni. Að framtíð verður er garðurinn hellulagður og afgirtur með heitum potti. (3910)




HÁALEITISBRAUT Miklir tekju-möguleikar. 291,1fm einbýlishús sem skiptist í efri hæð sem er: 122,8fm og neðri hæð: 142,8fm. Húsið skiptist þannig: Á efri hæð: Forstofa, gestasalerni, eldhús, búr, baðherbergi, stofa, borðstofa og 3 svefnherbergi. Neðri hæðin þar sem eru 2 sérinngangar: Þvottahús, 2 geymslur, 8 herbergi (öll í útleigu), 2 baðherbergi, eldhús, og setustofa. Búið er að breyta bílskúrum í herbergi. Eignin er laus til afhendingar fljótlega. **Verð 74 millj.** (3829)

Raðhús



BIRTINGAKVÍSL Glæsilegt 214 fm raðhús m/bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, og glæsilegar innréttingar teiknaðar af Birni Skaptasyni. 5 svefnherbergi, 2 baðherbergi, afgirtur garður. Húsið er laust og býður eftir að þú kaupir það. **Verð 39,9 millj.** (3892)



BJARKARHEIÐI, HVERA-GERÐI Nýbygging. Vorur að fá í sölu 3 raðhús. 2 endahús og 1 miðjuhús. Stærð húsan er 139,7 - 141,7fm, og eru húsin 4 herb. Húsin skilast fullklárað að innan sem utan. Lóð tyrð, frágengin ruslatunnugeymsla, tvö bílastæði (ekki hellulögð). **Verð 23,9-24,5 millj.**

Hæðir



BREKKULÆKUR 4ra herbergja þakhæð í fjórþýlishúsi með hreint frábæru útsýni, tvennar svalir. Eignin skiptist í: Forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi, 3 herbergi, gesta-salerni. Mjög stórar svalir. **Verð 24,9 millj.** (3873)



MJÖLNISHOLT 71,5fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð m/ sérinngangi ásamt 61,1fm vinnustofu / íbúð til útleigu á frábærum stað nálægt miðbænum. Íbúðin skiptist í: Forstofu, gang, eldhús, stofu, baðherbergi og 2 herbergi. Eignin er öll mikið endurnýjuð, svo sem gólfefni, innréttingar, lagnir, rafmagn, tafla, ofnar, klóak o.fl. Vinnustofu/húsið er einnig mikið endurnýjað en ekki fullklárað. EIGNIN ER LAUS STRAX. **Verð 27,4 millj.** (3879)



María Haraldsdóttir
Sölustjóri
maria@101.is
Gsm 820 8103

Helgi J. Jónsson
Söluáður
helgi@101.is
Gsm 820 8104

Leifur Aðalsteinsson
Frankvæmdastj./Sölum.
leifur@101.is
Gsm 820 8100

Sigtryggur Jónsson
Löggs. fasteignasali
sigtryggur@101.is
Gsm 863 2206

Hrafnhildur Guðmundsdóttir
Skrifstofustjóri
hrafnh@101.is

IOI REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEÐLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • IOI Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • IOI@101.is

„Ég hef tíma til að gera allt sem mig langar að gera“
Kærlleikskorn, Guðrún Bergmann



SIGLUVOGUR Sér hæð með bílskúr. Mjög góð 119,1 fm sér hæð auk 40,0 fm bílskúr. Sér inngangur. Eignin skiptist í forstofu, forstofuherbergi, hol, stofu, borðstofu, 2 svefnherbergi, eldhús og baðherbergi, einnig sameiginlegt þvotta og þurrkerbergi. Sér geymsla. Góð staðsetning innst í botnlanga. **Verð 29,7 millj.** (3850)



HRINGBRAUT, HAFNARF 104,5fm 5 herb. hæð og ris með sérinngangi. Eignin skiptist í: Forstofu með skáp, stofu og borðstofu með útgangi út á svalir. Eldhús með borðkrók, glæsilegt baðherbergi, með sturtuklefa og 2 herbergi. Í risi eru 2 herbergi ásamt 2 góðum geymslum. Sam. þvottahús í kj. ÓSKAÐ ER EFTIR TILBOÐI Í EIGNINA. (3880)



SÓLVALLAGATA Mjög glæsilega 98,3 fm, 3ja-4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í fallegu húsi við Sólvallagötu. Tvennar svalir. Útsýni. Íbúðin skiptist í gang, 2 svefnherbergi, stofu og borðstofu, eldhús með borðkrók, baðherbergi og sér geymslu í kjallara. Einnig er sameiginleg hjólageymsla í kjallara. **Verð 21,4 millj.** (3898)



HALLABREKKA, KÓPAVOGI Sérhæð. Í klasa húsi vorum við að fá í sölu 113 fm gullfallega endahæð með sérinngangi og sérgarði. Áhv. 15,0 millj. **Verð 19,9 millj.** (3881)

3ja herb.



LAUFENGI, GRAFARVOGUR Gullfalleg 86,0fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með afgirtum suður sérgarði. Eignin skiptist í: forstofu, hol, gang, 2 herbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottah. Einnig sér geymslu og sam.hjóla og vagnageymslu. Sérbílastæði. **Verð 17,5 millj.** (3848)



LEIFSGATA, MIÐBÆR 90,4fm 3 herbergja íbúð í kjallara og úteigeymsla ásamt óskráðu herbergi í risi. Eignin skiptist í: Forstofu m/fatahengi, Rúmgott eldhús og stofa mynda eitt rými, 2 rúmgóð herbergi með skápum, baðherbergi með sturtuklefa, geymsla með hillum, hebrergi í risi og úteigeymslu. **Verð 18,5 millj.** (3895)



LANGHOLTSVEGUR Langholtsvegur, 92,4 fm 3-4 herb. íbúð í kj. í fallegu húsi. Eignin skiptist í: Forstofu, hol, baðherbergi, 2-3 svefnherbergi, stofu, eldhús og geymslu. Stór sameiginlegur garður. SÉR- INNGANGUR. **Verð 18,9 millj.** (3894)



LOKASTÍGUR 60,3fm 3 herb. íbúð. Mjög falleg íbúð í hjarta borgarinnar á rólegum stað. Eignin skiptist í: 2 góð herbergi, stofu, eldhús, forstofu, bað og þvottahús. Sérinngangur. **Verð 14,2 millj.** (3592)



SUÐURHLÍÐ 102,4fm 3herbergja íbúð á jarðhæð með útgangi út á verönd. Eignin skiptist í: forstofu, hol, 2 herbergi, geymslu, þvottahús, bað, eldhús og stofu. Innréttingar og gólfefni er 1. flokks. Sér-inngangur. Eignin fylgir staði í bilageymslu. 3 sam. geymslur í kj. Glæsilegt útsýni. Örstutt í Nauthólsvíkina. **Verð 34,9 millj.** (3766)



KRUMMAHÓLAR, BÍLSKÚR 90 fm 3ja herbergja íbúð, ásamt 26 fm bílskúr. Yfirbyggðar svalir. **Verð 18,9 millj.** (3882)



BERJAVELLIR, HAFNARF 78,8fm 3 herb íbúð á 5 hæð (efstu) í nýlegu fjölþýli. Staði í bilageymslu, sérinngangur af svalagangi, lyfta. Eignin skiptist í: Forstofu, gang, 2 herbergi, eldhús, stofa, baðherbergi og geymsla. Góðar svalir. Sér staði í bilageymslu. **Verð 19,6 millj.** (3905)



DALSEL, SELJAHVERFI Glæsileg, opin og björt 90,1fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölþýlishúsi sem hefur verið klemt að utan. Sérlega fallegt nýtt parket á íbúðinni. Eignin skiptist í: Gang, stofu, borðstofu, eldhús, geymslu/þvottahús, hol, 2 herbergi og bað. Sam. þurrkerbergi og hjólageymsla. ÍBÚÐIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. **Verð 15,9 millj.** (3847)

2ja herb.



LAUGAVEGUR, MIÐBÆR 54,7fm 2ja herb. hæð Eignin skiptist í: forstofu, geymslu/pv.hús, gang, eldhús, stofu og baðherbergi. Parket og flisar á gólf. Stór verönd fyrir framan inngang sem snýr til su?urs. Mjög snyrtileg eign. Sérinngangur. **Verð 14,9 millj.** (3522)



HRAUNBÆR 58,5 fm 2ja herb. íbúð á 2 hæð í góðu fjölþýlishúsi, ásamt 8,2 fm herbergi í kjallara sem væri upplagt að leigja út, samtals 66,7 fm. Rúmgóðar svalir. ÍBÚÐIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. LYKLAR Á SKRIFSTOFU. **Verð 13,7 millj.** (3854)



HJALTABAKKI 71 fm endaíbúð á 3. hæð í þessu barn-væna og svínsæla hverfi. Tengt fyrir þvottavél á baði. **Verð 13,4 millj.** (3887)



HRÍSATEIGUR Falleg 53 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara í þríbýli. Eignin skiptist í: Gang m/skápum, flisar á gólf. Eldhús með snyrtilegri innréttingu, borðkrókur. Parketlögð stofa. Herbergi m/skápum. Baðherbergi m/sturtuaðstöðu. Laus strax. Lyklar á skrifstofu. **Verð 12,9 millj.** (3868)



ENGIHJALLI, ÚTSÝNI 62,2 fm 2ja herbergja íbúð á 9. hæð með stórgóðu útsýni. Eignin skiptist í hol, stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og sér geymslu í kjallara. Mjög stórar vestursvalir með útgengi frá stofu og svefnherbergi. **Verð 12,9 millj.** (3876)



KÓNGSBAKKI 2ja herbergja íbúð á 2. hæð. 60 fm. Þvottaherbergi innaf baðherbergi. Áhv. 9.5. **Verð 12,6 millj.** (3884)



SNORRABRAUT 55,6fm íbúðá 3 hæð (efstu) ásamt herbergi/geymsla í risi. Eignin skiptist í: Hol, eldhús, stofu, baðherbergi, herbergi. Í risi er mjög rúmgóð geymsla/herbergið ásamt annari geymslu í risi. Í kjallara er sér geymsla. Sam. þvottahús. **Verð 13,2 millj.** (3882)

Studioíbúðir



HRAUNBÆR Mjög góð 35,2 fm studioíbúð á 1 hæð. Falleg íbúð á jarðhæð auk 4,1fm geymslu, góð stofa og herbergi með parketi á gólf, eldhús með snyrtilegri eldri innréttingu, korkflisar á gólf. Hol með fatahengi, korkflisar á gólf. Baðherbergi með baðkari m/sturtuaðstöðu. **Verð 8,5 millj.** (3900)



BARÓNSTÍGUR Snotur íbúð á þessum eftirsótta stað við sundhöllina og lónskólann. Íbúin er ósamykkt. Sólumenn aðstoða þig við að fá allt að 75% lán út á þessa eign. Góð fyrstu kaup. **Verð 8,5 millj.** (3762)



LAUGAVEGUR, MIÐBÆR 25,8fm einstaklingsíbúð á miðhæð. Eignin skiptist í: Hol með parketi á gólf. Stofa/herbergi með skáp, parket á gólf. Eldhús með netri innréttingu, parket á gólf. Baðherbergi með sturtuklefa, innrétting við vask, flisar á gólf og veggjum. **Verð 7,5 millj.** (3889)

Sumarhús



GRÍMSSTAÐIR Á MÝRUM Einvítýralegt útsýni. Húsið stendur á glæsilegum útsýnisstað upp undir fjallsrót í landi Grímsstaða á Mýrum. Ekið er upp með Urriðáá sem er næsta á fyrir vestan Langá. Húsið er fallegt og sérlega vandað 61 fm sumarhús. Tvö svefnloft eru fyrir utan fermetratölu. Húsið skiptist í forstofu, baðherbergi og alrými sem skiptist í góða stofu, borðstofu og eldhús. Tvö svefnloft eru sitt hvoru megin við stofuna. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Hægt er að bæta við þríþega svefnherberginu. Mjög stór verönd er við húsið á tvo vegu. Landið er stórt, kjarri vaxið og leyfi er fyrir öðru húsi á lóðinni. **Verð 13,9 millj.** (3893)

Fasteignasala á Netinu
neteign.is
 Sími: 595 9090

99.900 kr.
 auk vsk. samtals 124.375 kr.



Lægsta sölupóknun á Íslandi!
Allar gerðir eigna vantar vegna mikillar sölu! Þú hringir og við komum og skoðum samdægurs!

Einar sparaði 968.112 kr!



100% Verðvernd
 Alltaf ódýrast!

Einar mælir með Neteign.is

- Ég fékk mjög fagmannlega þjónustu hjá neteign.is og mæli því hiklaust með þessari fasteignasölu.
- Mitt hús kostaði 45.000.000. Á flestum fasteignasölum hefði ég þurft að greiða 1,95 % auk vsk fyrir þjónustuna eða samtals 1.092.488!
- Hjá neteign.is greiddi ég fasta lága sölupóknun eða aðeins kr 99.900 auk vsk
- Ég sparaði því 968.112 krónur! Sparnaður í fasteignaviðskiptum er ávallt kærkominn.

Takk fyrir mig.

Parhús - Brekkutún í Kópavogi



NÝTT
 Parhús á besta stað í Kópavogi. Íbúðin sjálf er 235 fm. Bílskúr er 32 fm. Í íbúðinni er 2. herbergja íbúð sem leigð er út mánaðar. Leigutekjur eru um það bil 55.000 krónur. Eigninni fylgja tvö sérmerkt bílastæði. Í aðal íbúð eru 4 rúmgóð herbergi og 2 snyrtingar. Verð 48,3 millj.

3. herb - Naustabryggja í Reykjavík



NÝTT
 Mjög falleg 87,4 fm íbúð á 2. hæð í Bryggjuhverfinu í Reykjavík. Allt gólfefni á íbúð er falllegt eikar parket fyrir utan baðherbergi sem er flisalagt í hólf og gólf. Eldhús er rúmgott með falllegri eldhúsmúréttingu. Fábært útsýni. ATH LAUS FLJÓTLEGA. Verð 22,5 millj.

3. herb - Grettisgata í Reykjavík



NÝTT
 Falleg 3. herbergja 85 fm íbúð á 1. hæð á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Eldhús er rúmgott og bjart. Baðherbergi er með snyrtilegri hvítri innréttingu, gott skápláss er í íbúð. ATH TIL AFHENDINGAR 1. DES 2005. Verð 19,5 millj.

4. herb - Kjarrhólmi í Kópavogi



NÝTT
 Góð 4. herbergja, 90 fm íbúð á 3. hæð við Fossvogsdalinn í Kópavogi, 10 fm geymsla fylgir íbúðinni. Ath geymslan er ekki inn í fermetráðulu. Leiksvæði fyrir krakkana er í bakgarði, ný leiktæki. Glæsilegt útsýni er úr íbúð. Sjón er sögu ríkar! Verð 19,2 millj.

3-4. herb - Kambasel í Reykjavík



NÝTT
 Góð 3-4. herbergja íbúð á 2. hæð, alls 83,4 fm. Allt parket í íbúð er gegnheilt beyki parket. Öll geref og hurðar í búð eru úr gegnheilum við. Sameign hefur verið nýlega endurnýjuð. Afar barnvænt og rólegt hverfi. Verð 17,9 millj.

Tvíbýli - Vesturgata í Reykjanesbæ



NÝTT
 Snyrtileg 4-5. herbergja íbúð á efri hæð ásamt risi í gamla bænum í Keflavík. Íbúðinni fylgir bílskúr. Góð eign á góðum stað í Keflavík. Íbúðin er mikið endurnýjuð! Verð: 18,0 millj.

2.-3. herb - Kötlufell í Reykjavík



Snyrtileg 2.-3. herbergja, 70 fm íbúð á jarðhæð. Yfirbyggðar svalir, gengið út í sérgarð. Íbúðinni fylgir sérmerkt bílastæði. Snyrtilegur sameign. Góð „fyrsta íbúð“ Verð: 12,0 millj.

2. herb - Efstasund í Reykjavík.



Falleg 2. herbergja, 62,2 fm íbúð á frábærum stað í Sundunum í Reykjavík. Íbúðin er ósamþykkt og er í kjallara. Hún hefur verið nýstandsett. Parket á öllu rými nema forstofu þar sem eru flisar og í baðherbergi er dúkur. Verð 11,0 millj.

3. herb - Stekkjarberg í Hafnarfirði



Falleg 3. herbergja, 80 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á fallegum stað í Hafnarfirðinum. Íbúðin er mjög smekkleg að innan og snyrtileg. Íbúðin er í fallegu umhverfi Setbergshverfisins. Verð: 16,9 millj.

Sumarhús - Lækjargata í Bláskógabyggð



EIGNARLAND - Húsið er nýlegt og stendur í afar fallegu grónu umhverfi. Eignin stendur á 0,45 hektara eignarlóð. Lagðar hafa verið lagningar inn í hús fyrir heitt og kalt vatn. Frábær staðsetning. Verð: 4,8 millj.

4. herb - Laufvangur í Norðurbæ Hafnarfj.



Falleg og snyrtileg 4. herbergja, 110 fm íbúð á jarðhæð í Norðurbænum í Hafnarfirði. Parket og flisar eru á gólfum. Leiksvæði fyrir börnin í bakgarðinum. Mjög barnvænt svæði! Verð: 19,3 millj

3. herb - Skúlagata í miðbæ Rvk



VERÐLÆKKUN
 Falleg 3. herbergja, 63 fm íbúð á 4. hæð í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin og húsið eru töluvert endurnýjuð, t.a.m. hefur verið skipt um gler, rafmagn í íbúð, vatns inntak, klóak frá húsi og skipt um glugga. Björt og snyrtileg íbúð á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur. Verð: 14,3 millj.

4. herb - Hraunbær í Árbænum



Falleg 4. herbergja, 108 fm íbúð á 2. hæð í Hraunbænum. Gólfefni eru flisar og parket. Stofan er rúmgöð og björt. Mjög barnvænt þar sem gott leiksvæði er bakvið húsið. Göngufæri í alla þjónustu! Verð: 19,5 millj

3. herb - Sporhamrar í Grafarvogi.



Einkar skemmtileg 3. herbergja, 108 fm íbúð á 3. og efstu hæð í mjög góðu húsi í Hamrahverfinu í Grafarvogi. 20 fm bílskúr fylgir íbúðinni. Íbúðin er mjög rúmgöð og snyrtileg á allan hátt. Mjög góð staðsetning! Grunnskóli og 10/11 verzlun í næstu götu. Verð: 23,3 millj

4. herb - Rjúpufell í Breiðholti



Falleg 4. herbergja, 100 fm á 4. og efstu hæð í nýlega klæddu húsi í Breiðholti. Húsið er nýlega klætt og einnig hefur nýlega verið skipt um glugga, hellur, eldvarnarkerfi, dyrasíma og fleira. Áhugaverð íbúð! Verð: 17,9 millj

Tilboð

fyrir alla og allar gerðir eigna 99.900 auk vsk.
 Einfaldlega lægsta sölupóknun á Íslandi!

LYNGVIK

FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is



Sigrún Gíssonardóttir,
löggr. fasteignasali



Steinar S. Jónsson,
sími 898 5254



Daniel Björnsson,
sími 897 2593



Þorsteinn Austri,
sími 820 3466

OPIÐ

mánud. - fimmtud. frá kl. 9-18

föstud. frá kl. 9-16. Svo er GSM-inn alltaf opinn



EINB - RAÐ- OG PARHÚS



MIÐTUN - EINBYLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR. Einbýli á tveimur hæðum auk kjallara. Í kjallaranum er góð 2ja herbergja íbúð með sérinnangang. Húsið hefur verið tekið í gegn og endurnýjað svo sem baðherbergi, gólfefni raflagnir, vatnslagnir og frárennislagnir auk annars. Verð 32,0 m.



HRAUNBRUN - HAFNARFIRÐI - LAUST Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með möguleika á aukabúð. 4. svefnherbergi stofa, sjónvarpsherbergi, eldhús, salerni. Útbúin hafa verið í kjallaranum 2. herbergi með salernisaðstöðu. Góður bílskúr. Þetta er eign sem vert er að skoða. V. 46,5 m



LANGAFIT - GARÐABÆ 198 fm parhús á tveimur hæðum, ásamt 34 fm bílskúr. Stórar stofur, fjögur svefnherbergi og sólstofa. Húsið er steinað og klætt að utan með liggjandi álklaðningu. Verð 38,3 m



ALFHÓLSVEGUR PARHÚS MIKIÐ ÚTSÝNI Gott parhús á tveimur hæðum með bílskúr. Á neðri hæðinni er hol, þvottahús, snyrting, eldhús og stofa með arni gengið er í góðan garð frá stofu. Á efri hæð eru 4. herbergi, hol og baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Frá holi er gegnið út á stórar svalir. Þetta er góð eign. Verð. 35,0 m

5 HERB.



PRASTARHÓFÐI - MEÐ BÍLAGEYMSLU. Glæsileg ný 5. herb. íbúð 129,2 fm með 4 rúmgóðum svefnherbergjum á jarðhæð með séráfnotarétt af garði og stæði í bílageymslu. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna nema baðherbergi og þvottaherbergi er flísalagt. Allar nánri upplýsingar á skrifstofu Lyngvik S: 588-9490. Verð 27,5 m.

4RA HERB



NÝBYLAVEGUR - 3-4 HERB. M/BÍLSKÚR. Um er að ræða 83,3 fm 3-4 ra herbergja íbúð í góðu fimm íbúða húsi, íbúðinni fylgir 32,5 fm bílskúr. V. 22,6 m.



HOFTEIGUR - SÉRINNG. Rúm-góð og vel staðsetta 137 fm 4-5 herbergja íbúð í kjallara með sér innangangi. Stór og góð herbergi. V. 24,9 m

3JA HERB.



HVERAFOLD - MIKIÐ ÚTSÝNI Góð ca 99 fm íbúð á þessum eftirsóttasta stað í Grafarvoginum. Björt stofa með yfirbyggðum svölum og útsýni. Svefnherbergi eru með parketi á gólfi og skápum. Eldhús er flísalagt með góðri innréttingu og borðkrók. Baðherbergi með flísam á gólfi og veggjum. Baðkari, innréttingu og glugga. Þetta er góð eign í velviðhaldnu húsi. Verð 19,9 m



ÁLFKONUHVARF MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU Ný 3ja herbergja 95,8 fm íbúð á 1. hæð. Þvottahús í íbúð. Baðherbergi flísalagt með innréttingu og sturtubaðkari. Björt stofa með suður svölum. Skápar í öllum herbergjum. Í kjallara er góð geymsla. Stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðinni fylgir parketi á gólfum en á eftir að leggja það. Afh. samkomul. Verð 23,5 m.



HRÍSRIMI LAUS TIL AFHENDINGAR. Mjög góð 3ja herbergja íbúð á annarri hæð með stæði í bílageymslu. Rúm-gótt svefnherbergi með skápum. Gott herbergi með parketi. Rúm-góð og björt stofa með suðaustur svölum. Glæsilegt eldhús með Alno innréttingu og borðkrók. Þvottahús með hillum innan íbúðar. Góð sam- eign. Íbúðin er laus og til afhendingar við kaupsamning Verð 21,9 m.



BRÆDRABORGARSTÍGUR

Vorum að fá í sölu fallega ný uppgerða 119 fm þriggja herbergja íbúð á tveimur hæðum í virðulegu steinhúsi við Bræðraborgarstíg. Allt nýtt í íbúðinni. V. 31 m.

SUMARBÚSTAÐIR



STAPINN - SNÆFELLSNES Vorum að fá í sölu mjög vel staðsett heilsárs sumarhús á Stapa. Húsið er um 50 fm með verönd og heitum potti. V. 8,9 m.



SUMARHÚS - VIÐ LAUGARVATN Um er að ræða mjög vel staðsett- an 46 fm sumarhús, ásamt 6 fm aukahúsi. Bústaðurinn stendur í fallega ræktuðu 11 þúsund fermetra eignarlandi rétt vestan- megin við Laugarvatn á skjólgóðum og ró- legum stað. V. 12,7 m

LANDIÐ



KLAPPARSTÍG - MEÐ BÍLSKÚR - REYKJANESBÆ Glæsilegt einbýli á tveimur hæðum, 118 fm og sérstæður bílskúr 30 fm alls 148 fm í hjarta bæjarins. Á neðri hæðinni er gesta wc. borðstofa, stofa, eldhús, þvottahús og geymsla. Á efri hæðinni er tvö svefnherbergi annað með suður svölum, baðherbergi með sturtuklefa og hol/alrými. Bílskúrinn er útbúin að hluta sem herbergi og geymsla. **SKIPTI Á GÓÐRI EIGN Í REYKJAVÍK EÐA KÓPAVOGI. V 25,5 m (2436)**

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 18-20 ENGIHJALLI 1 MIKIÐ ENDURNÝJUÐ

Vorum að fá í sölu mikið endurnýjaða 4ra herbergja 97,4 fm íbúð á 7 hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er mikið endurnýjuð þ.e. eldhús og baðherbergi. Mikið útsýni. Verð 16,9 m.



Bjalla merkt 7-D, Soffía tekur á móti gestum.

HAGAMELUR - 2JA HERBERGJA

TONIK er sólóartisti og aukasjálfi Antons Kaldal Ágústssonar. Á föstudaginn gaf hann út plötuna „...and the beat goes on“ en hann hefur áður gefið út plötur „Hyrnd“, „Tour system is dangerously low on resources EP“ árið 2002 og „Technotæfa“ árið 2003. **Hvernig myndirðu lýsa tónlistinni þinni?** Í grunninn er þetta raftónlist en hún kemur þó víða við. Þetta er allt frá triphoppi yfir í tölvuleikjanyþylgju, gítarpopp og ambient. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. **Hversu lengi hefurðu verið starfandi?** Frá því að ég var ellefu ára.



BLACK VALENTINE Hannes og Pétur hafa spilað saman frá árinu 1997 í hinum ýmsu hljómsveitum. Þessi var þó stofnuð fyrir aðeins um hálfu ári.

Þetta eru orðin ansi mörg ár. Þegar ég byrjaði var ég með Prodigy áratu en svo hægðist á mér og ég fór út í ambient. Núna er þetta aftur orðið dansvænna.

Hefurðu áður spilað á Airwaves? Já, ég spilaði árið 2003 og í fyrsta spilaði ég á Ellefunni sem var nokkurs konar hliðarverkefni Airwaves-hátíðarinnar.

Helstu áhrifavalda? Þeir eru liggur við of margir til að taka því að nefna þá. Ég myndi lýsa tónlistinni þannig að ef Air hittir Kraftwerk og Boards of Canada og Björk færu einnig í sömu sæng þá yrði útkoman nokkuð lík minni tónlist.

Tonik spilar á Prayva á laugardeginum klukkan tólf á miðnætti.

Funk Harmony Park eru þeir Ingi Þór Eyjólfsson og Haukur Davíð Magnússon. Þeir spila alvöru danstónlist og hafa nú þegar fengið góða umfjöllun í erlendum tímaritum eins og DJ Mag og Urban Magazine fyrir plötur sem þeir hafa gefið út hjá Fade Records og FDS Recordings.

Hvernig mynduð þið lýsa tónlistinni ykkar? Við myndum lýsa henni sem bara afar dansvænni tónlist. Engu að síður er mikið í hana spennandi og við vinnum með fullt af fólki sem eru sérfræðingar á sínu sviði.

Hversu lengi hafið þið verið starfandi? Frá árinu 2001 með ýmsum breytingum.

Helstu áhrifavalda? Það er bara allur þakinn. Chemical Brothers, Underworld og Massive Attack og í rauninni allt bara, Bítlarnir líka. Við sækjum áhrif alls staðar frá og erum alls ekki einskorðaðir við eina tónlistarstefnu. Við höfum einnig fengið dóma fyrir það að vera ekki mjög formaðir niður og erum frekar ánægðir með það.

Hafið þið áður spilað á Airwaves? Já, þetta er í fjórða skipti sem við spilum.

Funk Harmony Park spila á Nasa á miðvikudag klukkan hálf ellefu.

MR. SILLA er sólóartisti sem hefur vakið mikla athygli undanfarið. Hún notar tölvu og rafmagnsgítar við flutning tónlistarinnar en mikilvægasta hljóðfærið er eflaust sterk og falleg rödd hennar. Hún hefur lag á að syngja með svo mikilli tilfinningu og trega að hver einasti áheyrandi fær sting í magann.

Hvernig tónlist spilarðu? Ég er bara með rafmagnsgítar og tölvu og legg áherslu á sönginn. Ég flyt bæði mín eigin lög og „cover“ lög. **Hversu lengi hefurðu verið að grúska í tónlist?** Alveg mjög lengi en ég hef aðeins verið með mitt



MR. SILLA Hún er fljót að ná áheyrendum á sitt vald með tregamiklum og fallegum söng sínum.

eigið efni síðan í sumar. Ég hef verið að spila frekar mikið undanfarið eða síðan í ágúst og hef bara fengið fín viðbrögð frá áheyrendum.

Helstu áhrifavalda? Ég á óskaplega erfitt með að nefna einhverja áhrifavalda. Ég tek svo lítið frá svo mörgum, þetta safnast bara saman. Ég er alltaf hrifnust af þeim sem gera eitthvað frá maganum eða af einhverri sannfæringu.

Hefurðu áður spilað á Airwaves? Nei, þetta er í fyrsta skipti. Ég er mjög spennt og er að þæla í að gera svolítið sjóv úr þessu.

Mr. Silla spilar á miðvikudeginum á Nasa klukkan 20.15.

BLACK VALENTINE eru þeir Hannes Þór Baldursson og Pétur Jóhann Einarsson. Þeir hafa áður verið saman í hljómsveitunum Spírandi baunir og Pornopopp. Tónlist þeirra er glaðleg og skemmtileg og eflaust eigum við eftir að sjá meira frá þeim félögum í framtíðinni.

Hvernig mynduð þið lýsa tónlistinni ykkar? Þetta er svona popp/rokk og bara einfaldlega algjör gleðigjafatónlist.

Hversu lengi hafið þið spilað saman? Við höfum spilað saman endrum og sinnum frá 1997, þá vorum við í öðrum hljómsveitum. Black Valentine byrjaði hins vegar fyrir svona hálfu ári síðan.

Helstu áhrifavalda? Ætli það séu ekki bara Spírandi baunir og Pornopopp. Nei, annars þá erum við alætur á tónlist. Það er ekkert eitt ákveðið sem hefur áhrif á okkur, við erum ekkert með plaköt uppi á vegg með myndum af tónlistarmönnum.

Hafið þið spilað áður á Airwaves? Hljómsveitin Pornopopp hefur spilað á Airwaves og við höfum líka spilað með öðrum hljómsveitum sem við höfum verið í. Þetta er því ekkert í fyrsta skipti svosem.

Black Valentine spilar á fimmtudeginum á Grandrokki klukkan tíu.



TONIK Anton Kaldal Ágústsson hefur dundað sér við að semja tónlist frá því að hann var smápolli.



BENNY CRESPO'S GANG Fjögurra manna hljómsveit sem spilar rokk. Þau eru þekkt fyrir liflega sviðsframkomu.



Teppi á stigaganginn

Falleg aðkoma að heimilinu skiptir máli. Teppi er slitsterkt gólfefni sem auðvelt er að þrifa, hljóðeinangrandi og hlýlegt.

Við seljum vönduð og endingargóð teppi sem eru ofnæmisprófuð og á góðu verði.

Stepp ehf.


Ármúla 32 Sími 533 5060
www.stepp.is



FUNK HARMONY PARK Þetta er í fjórða sinn sem þeir félagar spila á Airwaves en þeir spila danstónlist.


POTTPÉTT Í 10 ÁR KOMIN Í SKÍFUNA!

NÝTT!



2.799kr

**3 FÖLD GEISLAPLATA SEM
SPANNAR TOPPLÖGIN
FRÁ 1995 - 2005**



...skemmtir þér ;)

BaseCamp

HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

STEALTH
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessica Biel í aðalhlutverkum.
Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 5.20, 8 og 10.40

RED EYE
HÖRUKU SPENNUSTRYLLIR FRÁ WES CRAVEN
LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDANA
Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára

Nevilde Keltman Will Ferrell
★★★★
-SV MBL

Bewitched
GÖLDROT GAMANMYNDI
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.
Sýnd kl. 4 og 6 Miðaverð 450 kr.

DEUCE BIGALOW
EUROPEAN GRÓÐU
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 14 ára

AVACIN
Sýnd kl. 4 í Þrívidd

FRÉTTIR AF FÓLKI
Sýnd kl. 4 ÍSLENSKT TAL

Dolby Digital DTS Digital Surround TFX BÍÓ.is – allt á einum stað

REGNBÖGINN Sími 551 9000

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

STEALTH
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessica Biel í aðalhlutverkum.
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Nevilde Keltman Will Ferrell
★★★★
-SV MBL

Bewitched
GÖLDROT GAMANMYNDI
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Til að hafa stjórn á brotum og illmennum er sett á laggjarn sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!
Sýnd kl. 8 og 10.20

NIGHT WATCH
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

FRÉTTIR AF FÓLKI
Sýnd kl. 6

Bongarbíó
Stealth Oskar & Jósefina kl. 5.45, 8 og 10.20
Red Eye kl. 6 og 8 og 10

- bara lúxus **LAUGARAS BÍÓ** Sími 553 2075

EF ÞU ERT EKKI MYRKJÆLIN, ÞÁ MUNTU VERÐA ÞAD!
"ÉG SEF ENN MEÐ LJÓSEN KVEIKT"
Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:15 kl. 14 ára

THE DESCENT
"Flottasta hrollveikja ársins"
Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:15 kl. 14 ára

RACHEL WOODRAMS
MURPHY
★★★★
SV.MBL
★★★★
TOPPS.IS
RED EYE
Í 38.000 FETUM VARI HENNA
VERSTA MARTRÖÐ AD VERULEIKA
Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 14 ára

FRÆÐI
Sýnd kl. 6 m/íslensku tali

FRÆÐI
Sýnd kl. 8 og 10

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jennifer Aniston segir að sér hafi liðið eins og hún hafi verið kefluð þegar hún gat ekki tjáð sig um skilnað sinn við Brad Pitt, því henni finnst það hafa heilandi áhrif og græða sár að tala. Skilnaðurinn var lögfestur í síðustu viku en fram að því hafði Aniston verið þögl sem gröfin til að vernda einkalíf



sitt. „Þetta var nánast ógjörningur því ég tala almennt svo mikið,“ segir Aniston sem finnst það mikill kostur þegar fólk passar ekki upp á hvert einasta orð sem það lætur út úr sér. „En ég hef komist að því að stundum getur það komið aftan að manni og kaus því að þegja.“

Leikarinn Tony Danza, sem er Íslendingum að góðu kunnur úr þáttunum Hver á að ráða? sem gerðu það gott á 9. áratugnum, er ekki þyrifinn af kollega sínum Tom Cruise fyrir að



eignast barn utan hjónabands. Danza sakar Cruise um tvískinning, því sá síðarnefndi hefur gagnrýnt leikkonuna Brooke Shields fyrir að taka lyf við fæðing-arpunglyndi. „Að þessi maður skuli leyfa sér að gagnrýna lyfjanotkun en finnst ekkert athuga-vert við að eignast óskilgetið barn. Hann skal sko ekki koma fram í mínu þætti,“ segir Danza sem stýrir spjallþætti um þessar mundir.



RICKY GERVAIS Þessi fyrrverandi útvarpsmaður í London sló í gegn sem David Brent, vonlaus skrifstofustjóri sem dreymir um frægð.

Pitstop opnar á Íslandi



Frábær opnunartilboð



Í heimi aksturslítrótta merkir pitstop örstutt pásu. Ökumaðurinn fær tækifæri til að anda á meðan billinn er yfirfarinn og skipt er um dekk.

Nú hefur verið opnuð glæsileg Pitstop dekkjaverslun og þjónustustöð að Dugguvogi 10 í Reykjavík þar sem farið er eftir sömu formúlu. Viðskiptavinirnir njóta hvíldarinnar á Pitstop Café, glugga í blöðin eða athuga tölvupóstinn og leyfa krökkunum að dunda sér í leikhorninu.

Við sjáum um bilinn á meðan. Eftir furðuskamman tíma eru bill og eigandi til í næsta hring.

Starfsfólk Pitstop er traustur og samhentur hópur með mikla sérþekkingu og reynslu.

Hjá Pitstop fer saman góð þjónusta, frábær vara og mjög gott verð.



pitstop

Dugguvogi 10 • 104 Reykjavík

568 2020

MICHELIN BFGoodrich Kleber

GÓÐ ÞJÓNUSTA – GÓÐ VARA – GOTT VERÐ

Polir ekki eigin frægð

Fáir hafa skotist upp á stjörnuhimininn með jafnmiklum hraða og breski leikarinn Ricky Gervais. Ekki að ósekju. Margir gamanleikarar kíkna í hnjáliðunum þegar þeir heyra nafnið hans og allir vilja vinna með honum. Gervais er þó ekki að hjakkast í sama farinu. Skrifstofutímabili hans er lokið og ný þáttaröð komin í loftið, Extras. Hún verður sýnd hjá Ríkissjónvarpinu þegar fram líða stundir og þótt ótrúlegt megi virðast þá þykir mörgum sem hún gefi Office lítið eftir.

Gervais fer með hlutverk auka-leikarans Andy sem reynir af öllum mætti að komast í tæri við stórstjörnur Hollywood. Gervais fékk Stephen Merchant til að vinna með

sér við þættina. Þeir eiga enda hugmyndina að Office og engin ástæða til að slíta góðu samstarfi.

Þeir félagar kynntust fyrir átta árum þegar Gervais vann sem útvarpsmaður í London. Ricky var í viðtali við fréttavef CNN nýverið en hann er ekki mikið fyrir að gefa færi á sér. Þar sagði hann að í nýju þáttaröðinni vilji þeir sýna hvað allar manneskjur dreymi um. „Það eina sem Andy vill er viðurkenning,“ sagði Ricky. Gervais setur þó ekki samasemmerki milli viðurkenningar og frægðar og segist ekki skilja alla þessa löngun eftir frægð. „Ef það er eitthvað sem ég þoli ekki þá er það mín eigin frægð. Að þekkjust úti á götu,“ segir Ricky.

Keramík fyrir alla

Námskeið

Nýjar aðferðir. Ótrúlega auðvelt og flott. Þriðjudagskvöld 11. okt. kl 20-23. Þátttökugjald kr 1000 + keramik.

Skráning í Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: www.keramik.is

www.hlutverk.is

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I'm just a little anxious to get up there and whup E.T.'s ass.“

Svar:
Captain Steven Hiller úr kvikmyndinni Independence Day árið 1996.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR FYLGIST MEÐ ÍSLENSKA BACHELORNUM

Hekla + Steini = sönn ást?

Mér líst dálítið vel á íslenska bachelorinn. Þetta er karlmannlegur strákur að norðan, sem valið hefur sér hagnýta menntun sem mun gangast honum út lífið og við hvaða aðstæður sem er; húsasmíði og hússtjórn. Geri aðrir betur að skella sér í húsmæðraskóla til að fúnkera betur í heilögu hjónabandi, en píparveinninn gæti reyndar líka plumað sig vel í næstu syrpu af Lost.

Svo er nafnið einstaklega sterklegt og fallega íslenskt: Steingrímur Randver Eyjólfsson. Hann segist jarðbundinn, ljúfur, sjálfstæður, brosmildur og ástríðufullur, með góða aðlögunarhæfileika. Jah, hvað ættu þessar vongóðu snótir sem keppa um hjarta hans að vilja meira?

Annars segir stóra ástin mín að Steini hafi

þegar gert upp hug sinn. Að handboltahetjan Hekla hafi stolið hjarta hans á Hótelu Heklu undir Heklurótum. Að hann hafi gefið henni síðustu rósinu til þess eins að hrekja hana. Að þannig hugsi karlmenn. Til að stríða og kveikja elda. Minningar til að hafa gaman af síðar meir: Hvernig leið þér þegar aðeins ein rós var eftir? Að karlmann geymi það sem þeim þykir best þar til síðast. Eins og freistandi Godiva-konfekt hjarta.

Það væri náttúrliga eilítið fullkomið ef Hekla yrði fyrir valinu því fyrstu kynnin hófust á svo viðeigandi stað; við rætur eins frægasta eldfjalls sögunnar og

nöfnu ungrú Heklu, sem líka gæti verið fyrirboði um eldheita ást. Var líka ekki grunsamlegt að í lok þáttarinn sagði kynnirinn eitthvað á þá leið: „Eru Steini og Hekla að verða ástfangin?“

Eg vona ekki. Vona að þáttaröðin verði ekki svo fyrirsjáanleg, þótt ég vilji að kærastinn viti sínu viti. Heklu var þó greinilega ekki sama; hún var sú eina sem virtist vera að springa af æsingi og frekju þegar á rósabúntið gekk. Kannski fær hún Steina að launum?

Allt í fína með það ef hjörtun púslast saman og þátturinn nær tilgangi sínum; að búa til sanna ást.



20.20
Fræðsla
NEVER AGAIN – THE TRAGEDY IN DARFUR

21.15
Matur
JAMIE OLIVER

20.30
Tíska
FASHION TELEVISION

21.00
Keppni
SURVIVOR GUATEMALA

21.30
Fótbolti
ENSKU MÖRKIN

SKJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

SKJÓ

16.40 Helgarsportíð **17.05** Leiðarljós **17.50** Tákn málsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Gurra grís (22:26) **18.06** Kólabræður (36:52) **18.17** Pósturinn Páll (6:13)

6.58 Ísland í bitíð **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í finu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bitíð **12.20** Neighbours

12.45 Í finu formi 2005 **13.00** Perfect Strangers (141:150) **13.25** Fresh Prince of Bel Air (1:25) **13.50** On the Line **15.15** Derren Brown – Trick of the Mind (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **18.05** Neighbours

17.55 Cheers – 7. þáttaröð **18.20** Poppunktur (e)

16.20 Meistaradeildin í handbolta **17.35** World Golf Championship 2005

18.30 Ástfangnar stelpur (11:13) **19.00** Fréttir, íþróttir og veður **19.35** Kastljós

► **20.20** Aldrei aftur – Harmleikurinn í Darfur (Panorama: Never Again – The Tragedy in Darfur) Bresk heimildarmynd um hörmungarnar í Darfur í Súdan þar sem þjóðarmorð er framið fyrir augum jarðarbúa án þess að alþjóðasamfélagið hafist nokkuð að. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

21.15 Lögreglustjórnin (The District III)

22.00 Tíufréttir

22.20 Kamíval (2:12) (Carnivale II) Bandarískur myndaflokkur. Ben Hawkins á enn í baráttu við bróður Justin og heldur för sinni áfram með farandsirkusflokknum.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 Ísland í dag

19.35 The Simpsons 9

20.00 Strákarnir

20.30 Wife Swap (2:12) (Vístaskipti) Ertu orðin leið á karlinum og jafnvel krökkunum líka? Í þessum ótrúlega myndaflokki er fylgst með konum sem stiga skrefið til fulls og skipast á eiginmönnum og börnum í tiltekinn tíma.

► **21.15** Jamie Oliver (Oliver's Twist) (26:26) (Kokkur án klæða)

21.40 Grey's Anatomy (7:9) (Læknalíf) Dramatísk þáttaröð.

22.25 Most Haunted (5:20) (Reimleikar) Magnaður myndaflokkur. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 The Cut (6:13) Það er enginn annar en Tommy Hilfiger sem er hönnuðurinn að þessum raunveruleikþætti.

20.00 Friends 3 (23:25)

► **20.30** Fashion Television (2:4) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tiskuheiminum í dag. Á síðustu 20 árum hefur enginn annar þáttur kynnt nýjustu tiskuna jafnglæsilega og Fashion Television hefur gert.

21.00 Veggfóður Hönnunar og lífstíls þáttur.

22.00 The Cut (7:13)

22.45 Kvöldþátturinn Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.

19.20 Þak yfir höfuðið (e) Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.

19.30 Dirty Sanchez (e) Í þættinum kynnumst við nýjum fleti á því hvað sársauki getur verið.

20.00 The O.C.

► **21.00** Survivor Guatemala Í ár fer keppnin fram í Guatemala og búast má við hörkuslag. Framleiðendurnir finna alltaf eitthvað nýtt til að auka spennuna en meðal þátttakenda í þessari þáttaröð er Gary Hogeboom, sem leikið hefur með Dallas Cowboys.

22.00 C.S.I. Bandarískir þættir um störf rannsóknadeildar Las Vegas borgar.

22.55 Sex and the City – 1. þáttaröð

20.35 Bestu bikarmörkin (Leeds The Greatest Games)

► **21.30** Ensku mörkin Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næstefstu deild. Við eigum hér marga fulltrúa en okkar menn er að finna í liðum Leicester City, Leeds United, Reading, Plymouth Argyle og Stoke City sem jafnframt er að meirihluta í eigu íslenskra fjárfesta.

22.00 Olíusport Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

22.30 Stump the Schwab (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttáhugamenn láta ljós sitt skina. Enginn er fróðari en Howie Schwab.

23.00 HM 2006

23.15 Spaugstofan **23.40** Kastljós **0.40** Dagskrárlök

23.10 Silent Witness (4:8) (B. börnum) **0.00** The Foreigner (Str. b. börnum) **1.35** Skipped Parts (B. börnum) **3.10** Fréttir og Ísland í dag **4.30** Ísland í bitíð **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.15 David Letterman **0.00** Weeds (1:10) **0.30** Friends 3 (23:25) **0.55** Kvöldþátturinn

23.25 Jay Leno **0.10** C.S.I.: New York (e) **1.00** Cheers – 7. þáttaröð (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 25th Hour (Bönnuð börnum) **8.10** Magnús **10.00** Clockstoppers **12.00** Get a Clue **14.00** Magnús **16.00** Clockstoppers **18.00** Get a Clue **20.00** 25th Hour Óvenjuleg glæpamynd. Monty Brogan fékk sjö ára fangelsisdóm og afplánunin hefst á morgun. **22.10** Road Ends Hörkugóð kvikmynd sem kemur þægilega á óvart. **0.00** The Sum of All Fears (Bönnuð börnum) **2.00** Predator II (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Road Ends (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** E! Hollywood Hold 'Em **18.00** E! News Weekend **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Kill Reality **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Party @ the Palms **0.00** Kill Reality **1.00** The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

18.00 Að leikslökum (e)
19.00 Portsmouth – Newcastle frá **01.10**
21.00 Að leikslökum (e) Snorri Már Skúlaginn fer með stækkunargler á leiki helgarnar með sparkfræðingnum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfarsyni.
22.00 Blackburn – WBA frá **01.10**
0.00 Upphitun (e) **0.30** Dagskrárlök

Sex and the City

mán – mið
kl. 22.45

Þær eru sætar, sexý og til í allt! Fylgstu með frá upphafi!
Mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga



VIÐ MÆLUM MEÐ...

Veggfóður

Sirkus kl. 21.00

Gömul húsgögn og nýjar uppskriftir

Áhorfendur fá að sjá innlit til ritstjóra Veggfóður-tímaritsins

Það kennir ýmissa grasa í Veggfóðri kvöldins. Litid verður inn á heimili þeirra Höllu Báru og Gunnars en þau eru ritstjórar nýja tímaritsins Veggfóður. Við fáum að fylgjast með sjónvarpssmanninum Gulla Helga og Ágústu konu hans umturna heimili sínu. Gulla stílísti sýnir ótrúlega endurnýjun á gömlum húsgögnum og Halla Bára gefur áhorfendum uppskrift að ljúffengum pastarétti. Þetta og mun fleira í hönnunar- og lífstílsþættinum Veggfóðri.



TALSTÖÐIN FM 90,9

7.10 Morgunútvarpið 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið 13.10 Hrafnáþing 14.03 Messufall 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökulsson. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag

19.30 Morgunútvarpið e. 22.50 Á kassanum e. 23.20 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. 23.30 Hádegisútvarpið e.

0.20 Hrafnáþing Ingva Hrafnas e.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin 8.30 Árla dags 9.05 Laufskálinn 9.40 Í deigluinni 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Eitt - línan 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan 14.30 Hálfíminn 15.03 Töfrar Bollywoodmynda 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spejillinn 18.50 Dánarfregni og auglýsingar 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamáll 22.15 Úr tónlistarlífinu

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson 15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni 7.30 Morguntónar 10.03 Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spejillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir og Kastljós 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Ungmennafélagið 21.00 Konsert með Violent femmes 22.10 Popp og ról

ADRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
 FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
 FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
 FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
 FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
 FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
 FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
 FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
 FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom 16.00 Fencing: World Championship Leipzig Germany 18.00 All sports: WATTS 18.30 Football: Gooool! 18.45 Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom 22.00 Rally Raid: World Cup Egypt 22.30 Motorsports: Motorsports Weekend 23.00 Olympic Games: Mission to Torino

BBC PRIME
12.00 Two Thousand Acres of Sky 13.00 Teletubbies Everywhere 13.10 Little Robots 13.20 Andy Pandey 13.25 William's Wish Wellingtons 13.30 Boogie Beebies 13.45 Fimbles 14.05 Tikkabilla 14.35 Cavegirl 15.00 Location, Location, Location 15.30 Ready Steady Cook 16.15 The Weakest Link 17.00 Doctors 17.30 EastEnders 18.00 No Going Back 19.00 State of Play 19.50 Red Cap 21.00 French and Saunders 21.30 Manchild 22.00 Down to Earth 23.00 Britain's X-Files 0.00 Noah's Flood 1.00 Europe: Culture & Identities 1.30 Europe: Culture & Identities

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Superroc 13.00 When Expeditions Go Wrong: Lost in Space 14.00 Genius of the Vikings: Raiders By Design 15.00 Genius of the Vikings: Victims of Success 16.00 Seconds from Disaster: Wreck of the Sunset Limited 17.00 Paranormal?: Animal Oracles 18.00 Superroc 'Living Wild' 19.00 When Expeditions Go Wrong: Family Adrift 20.00 Search for Battleship Bismarck 21.00 Search for the Submarine I - 52 22.00 Inside 9/11: Osama Rising 23.00 Search for Battleship Bismarck 0.00 Search for the Submarine I - 52

ANIMAL PLANET
12.00 Lyndal's Lifeline 13.00 Animal Precinct 14.00 Animal Precinct 14.30 Animal Precinct 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Lyndal's Lifeline 18.00 Meerkat Manor 18.30 Predator's Prey 19.00 Wild South America 20.00 Miami Animal Police 21.00 Meerkat Manor 21.30 Monkey Business 22.00 Venom ER 23.00 Pet Rescue 23.30 Wildlife SOS 0.00 Wild South America 1.00 Meerkat Manor 1.30 Lyndal's Lifeline

DISCOVERY
12.00 Rex Hunt Fishing Adventures 12.30 Buena Vista Fishing Club 13.00 Super Structures 14.00 Extreme Machines 15.00 Scrapheap Challenge 16.00 Rides 17.00 American Chopper 18.00 Mythbusters 19.00 Saving Face Lives Restored 20.00 Trauma 21.00 Body Works 22.00 Mythbusters 23.00 Forensic Detectives 0.00 Battlefield

MTV
11.30 Just See MTV 13.00 Pimp My Ride 13.30 Wishlist 14.00 TRL 15.00 Dismissed 15.30 Just See MTV 16.30 MTVnew 17.00 European Top 20 18.00 Switched On 18.00 Global Room: Raiders 19.30 Andy Milonakis Show 20.00 Top 10 at Ten 21.00 Power Girls 21.30 The Real World 22.00 The Rock Chart 23.00 Just See MTV

VH1
11.30 VH1 Hits 15.00 So 90s 16.00 VH1's Viewers Jukebox 17.00 VH1 Weekly Album Chart 18.00 VH1 Classics 18.30 Then & Now 19.00 All Access 20.00 I Want a Famous Face 20.30 I Want a Famous Face 21.00 VH1 Rocks 21.30 Flipside 22.00 Top 5 22.30 Fabulous Life Of... 23.00 VH1 Hits

CLUB
12.10 Weddings 12.35 Awesome Interiors 13.00 Crimes of Fashion 13.30 Hollywood One on One 14.00 Girls Behaving Badly 14.25 City Hobbies 15.10 The Roseanne Show 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Retail Therapy 17.15 The Review 17.40 Girls Behaving Badly 18.05 Staying in Style 18.30 Hollywood One on One 19.00 Design Challenge 19.25 Single Girls 20.15 Sextasy 21.10 Women Talk 21.35 My Messy Bedroom 22.00 Cheaters 23.00 Entertaining With James 23.30 City Hospital 0.25 Awesome Interiors 0.50 Vegging Out 1.15 Backyard Pleasures 1.45 Hollywood One on One

CARTOON NETWORK
12.00 Dexter's Laboratory 12.30 Ed, Edd n Eddy 13.00 Codename: Kids Next Door 13.30 The Powerpuff Girls 14.00 Sabrina, The Animated Series 14.30 Atomic Betty 15.00 Teenage Mutant Ninja Turtles 15.30 B-Daman 16.00 Codename: Kids Next Door 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 17.00 Duck Dodgers in the 24 1/2 Century 17.30 Charlie Brown Specials 18.00 What's New Scooby-Doo? 18.30 Tom and Jerry 19.00 The Flintstones 19.30 Looney Tunes 20.00 Dastardly & Muttley in Their Flying Machines 20.30 Scooby-Doo 21.00 Tom and Jerry 22.00 Dexter's Laboratory 22.30 The Powerpuff Girls 23.00 Johnny Bravo 23.30 Ed, Edd n Eddy 0.00 Skipper & Skeeto 1.00 Spaced Out 1.30 Spaced Out

JETIX
11.50 So Little Time 12.20 Goosebumps 12.50 Black Hole High 13.15 Spiderman 13.40 Mville Mysteries 14.05 Digimon II 14.30 Totally Spies 15.00 W.I.t.c.h 15.30 Sonic X

MGM
11.55 I Want TO Live (TV Movie) 13.00 Inherit The Wind (1999) 15.25 Women Of San Quentin 17.00 Last Embrace 18.40 Late For Dinner 20.15 Goodbye Supernom 21.50 Board Heads 23.20 Ground Zero 1.00 Jlnvedt

TCM
19.00 The Seventh Cross 20.55 Son of a Gunfighter 22.25 Ringo and His Golden Pistol 23.55 Texas Carnival 1.10 Slim

HALLMARK
12.30 The Wishing Tree 14.15 Jane Doe: Now You See It, Now You Don't 16.00 Wedding Daze 17.30 McLeod's Daughters V 18.30 Early Edition Iv 19.15 Midsomer Murders 21.00 Gone But Not Forgotten 22.30 Early Edition Iv 23.15 Trail To Hope Rose 0.45 Midsomer Murders

BBC FOOD
12.00 Sophie's Weekends 12.30 Grigson 13.00 United States of Pleza 13.30 The Great Canadian Food Show 14.00 Rachel's Favourite Food 14.30 Beyond River Cottage 15.00 The Hi Lo Club 15.30 Masterchef Goes Large 16.00 Food Source Asia 16.30 A Cook's Tour 17.00 Off the Menu 17.30 Deck Dates 18.00 Douglas's Chew Cooks Asia 18.30 New Scandinavian Cooking 19.00 Antonio Carluccio's Italian Feast 19.30 Morral Thompson 20.00 Jamie Oliver's Pukka Tukka 20.30 Cupid's Dinner 21.00 Ching's Kitchen 21.30 Masterchef Goes Large

DR1
12.00 DR1-Drude 12.30 Udelev 13.00 TV Avisen med vevjet 13.10 De skrev historie 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 Becoming 14.30 Last Exit 15.00 Yu-Gi-Oh! 15.20 Droopy og rissen 15.30 Troldspejlet 16.00 Palle Gits på eventyr 16.20 Anton 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 16.55 Dagens Danmark 17.25 TV Avisen 17.30 Derhjemme 18.00 Rejseholdet 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Måske skyldig V 21.40 *men 22.35 Viden om 23.05 Mats Gustafson Long Island, N.Y.

SV1
12.15 Sportspejeln 13.00 Stoppid 13.05 Agenda 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Sve-å-long 15.30 Krokodill 16.00 Bolibompa 16.01 Björnes Magasin 16.30 Lilla sportspjeln 17.00 Trackslistan 17.30 Rapport 18.00 Häkdet 19.00 Plus 19.30 Sverige! 20.00 Kirri i bössan i Världens barn 20.05 Familjen 20.55 Rapport 21.05 Kulturyheterna 21.15 Popcom 21.45 Stygga djur 22.35 Sändning från SVT24

LANDSLIÐIÐ Í BEINNI


KASTLJÓÐS

KL. 19.35 Í KVÖLD



HRÓSIÐ

...fær Svala Björgvins fyrir „vínalegt“ myndband en fjölskylda og vinir leika helstu hlutverkinn í myndbandinu og kærastinn hennar, Einar Egússon, leikstýrir því.



LÁRÉTT: 2 affli 6 rykkorn 8 lítill sopi 9 fát 11 kusk 12 kvenvargur 14 flatur klettur 16 samtök 17 saur 18 dýrahljóð 20 kyrrt 21 tröll.

LÓDRÉTT: 1 slitrótt tal 3 bardagi 4 saumspor 5 æxlunarkorn 7 innheimtumaður 10 mas 13 verkfæri 15 könnun 16 for 19 í röð.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1 tafs, 2 af, 3 málspor, 4 málspor, 5 gró, 7 rúkkari, 10 mál, 13 sög, 15 próf, 16 aug, 19 rs.

LÁRÉTT: 2 fang, 6 ar, 8 tár, 9 fúm, 11 íd, 12 skass, 14 klöpp, 16 aa, 17 gor, 18 urr.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Pakistan.
- 2 Kimi Räikkönen.
- 3 Katie Holmes.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 560 2626
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 261, 263 og 264

Lotto

Vinningsstölur laugardaginn
08.10.2005

9 17 31 35 36

Bónus tala 12

Jökertölur vikunnar

Jóker 6 5 6 2 8

VÍKINGA
LOTTO Allt á miðvikudögum

Vinningsstölur miðvikudaginn
05.10.2005

Aðaltölur 5 12 21 28 46 47

Bónustölur Ofurtala 38 44 3

Jökertölur vikunnar 2 0 5 9 2

SÉRFRÆÐINGURINN > FINNBOGI ÓSKARSSON EFNAFRÆÐINGUR OG TÚBULEIKARI

Pýskur bjór sá besti í heimi

Októberfest er bjórhátíð, haldin árlega í Þýsku borginni München og stendur yfir þrjár helgar í september og vikurnar tvær á milli þeirra.

„Októberfest er því yfirstaðin þótt enn sé október og hefði átt að ljúka síðastliðinn sunnudag, en hefur trúlega verið framlengd fram á mánudag því 3. október er Sameiningardagur Þýskalands og menn halda þá gleðinni áfram,“ segir Finnboogi Óskarsson, efnafræðingur, túbuleikari og bjóráhugamaður, sem sjálfur fór á Októberfest árið 1999.

„Ég heillaðist alveg og hef lengi ætlað að endurtaka leikinn. Októberfest stendur í sextán daga, en ég dvaldi þar einungis fyrri vikuna, enda ansi mikið að vera allan tímann í gleðinni. Þarna koma saman sex milljónir manna til að kneypa öl, mestmegnis Þjóðverjar en einnig gestir annarra þjóðlanda,“ segir Finnboogi sem heldur mikið upp á Þýskan bjór.

„Á Októberfest er eingöngu drukinn bjór frá Münch-

en, sem er höfuðborg bjórsins. Sex gamalgróin brugghús: Augustiner, Hacker-Pschorr, Hofbräu, Löwenbräu, Paulaner og Spaten eru starfrækt í borginni og þaðan er bjórinn fenginn. Allur bjór sem borinn er fram er án nokkurra rotvarnarefna eða sykurs, eins og sulað er í bjór víðast hvar annars staðar,“ segir Finnboogi og vísar í bæversku hreinleikalögin (Das Bayerische Reinheitsgebot) sem Vilhjálmur IV hertogi yfir Bæjaralandi setti árið 1516.

„Í honum kvað á um að engin efni mætti nota til bjórbruggunar nema vatn, maltað bygg og humla. Löginn voru einnig tekin í gildi í Tékklandi, en einmitt Þýski og tékkneski bjórinn þykja einstakir og þeir bestu í heimi,“ segir Finnboogi og minnst uppruna hátíðahaldanna.

„Upphaflega var Októberfest haldin sem brúðkaupsveisla Lúðvíks krónprins sem síðar varð Lúðvík I þegar hann kvæntist Therese von Sachsen-Hilburghausen þann 12. október 1810. Við hana eru kennd Theresu-

engi (Theresienwiese) sem í daglegu tali kallast Wiesn (Engin) og þar sem hátíðin hefur verið haldin frá upphafi. Ég veit ekki hvort hátíðin hefur haldist óslitin síðan; hún hefur ábyggilega fallið niður í kringum stríðin, en nú hefur hún verið færð fram, sennilega vegna betra veðurfars í september,“ segir Finnboogi og jatar því að áfengisáhrif sjáist á mönnum á Októberfest. „Gegnmgangandi eru menn nú ekki rúllandi fullir, en koma meira til að drekka góðan bjór og borða góðan mat.“



DAUÐI HERRA LASARESCU: UPPGÖTVUN ÁRSINS

Alþjóðlegu kvikmynda-hátíðinni í Reykjavík lokið

Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík lauk í gærkvöld. Eftir var til lokahófs í Regnboganum þar sem meðal annars Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi tók til máls. Þá voru veitt verðlaun dómnefndar sem skipuð var í tilefni hátíðarinnar. Breski kvikmyndaleikstjórinn Pawel Pawlikowski veitti dómnefndinni forsæti en auk hans var hún skipuð þeim Degi Söðholt og Kristínu Jóhannesdóttur.

Rúmenska kvikmyndin Dauði Herra Lasarescu hreppti aðalverðlaunin eða Uppgötvun ársins. Myndin segir frá Lasarescu sem flakkar á milli spítala þar til líf hans fjarar út. Það var Dimitri Eipides sem veitti verðlauninum viðtöku en hann var heiðursdagsskrárstjóri hátíðarinnar. Myndin fékk hin virtu Un Certain Regard verðlaun á Cannes-hátíðinni. Því má segja að þessi verðlaun séu enn ein rösin í hnappgatið. Í umsögn dómnefndar kom fram ánægja með þær myndir sem komu til greina en valið stóð á milli Hr. Lasarescu og hinnar spænsku kvikmyndar Heilaga stúlkan. Sigurmyndin verður endursýnd í kvöld klukkan átta í Háskólabíó. Það var síðan japanska myndin Howl's Moving Castle eftir Hayao Miyazaki sem fékk áhorfendaverðlaun hátíðarinnar.

Að sögn Hrönn Marínósdóttur, framkvæmdastjóra hátíðarinnar,



DIMITRI EIPIDES Veitti aðalverðlaunum hátíðarinnar viðtöku en sigurmyndin, Dauði Herra Lasarescu, verður endursýnd í kvöld klukkan átta í Háskólabíó. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

eru aðstandendur hennar mjög ánægðir með hvernig til tókst. „Það var uppselt á margar sýningar og sætanýtingin var mjög góð eða um 76%,“ sagði hún. Hrönn var sannfærð um að þessi hátíð væri komin til að vera og næsta yrði jafnvel enn stærri í sníðum. Hrönn sagði að heimildarmyndirnar hefðu notið mikilla vinsælda og sköpuðust oft á tíðum alvarlegar umræður í kringum þær. Þá voru erlendu gestir hátíðarinnar

mjög ánægðir með heimsókn sína hingað og sögðu Spurt og svarað sýningarnar hafa verið þeim mjög gagnlegar. Hátíðin hefur verið gagnrýnd fyrir of fáar sýningar á góðum myndum en Hrönn sagði að líta bæri á þetta sem listviðburð. „Þá hef ég fengið það staðfest að bæði Adam's Æbler og My Summer of Love hafi verið keyptar af dreifingaraðilum. Þær munu því koma í kvikmyndahús þegar fram líða stundir.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmíðlamaðurinn dr. Gunnur fór nýverið á tónleika í New York með Bítlinum fyrrverandi Sir Paul McCartney. Gunnur, sem er þekktur fyrir að vera mikill rokkari, ákvað að bregða undir sig betri fætinum og sjá eina af goðsögnum poppsins með eigin augum. Tónleikarnir hafa væntanlega verið góð afmælisgjöf fyrir Gunna, því hann hélt upp á fertugsafmæli sitt tveimur dögum seinna.



Blaðamaðurinn ungi, **Simon Birgisson**, komst í hann krappan á dögnum. Hann fór ásamt taffélaginu Hróknum til að tefla við fanga á Litla-Hrauni. Þegar þangað var komið kvisaðist út um komu drengsins sem hefur víst bakað sér óvinsældir meðal fanga þar. Voru einhverjir sem töldu sig eiga sitthvað vantalað við hann. Varð ástandið svo eldfimt að sögn sjónarvotta að blaðamaðurinn var færður út af fangavörðum til að gæta öryggis hans. Það fór því lítið fyrir hæfileikum blaðamannsins við taflborðið en hann var víst sá eini sem þurfti að sitja inni þennan daginn.



Íslendingar fá fullnægingu í bresku sjónvarpi

Það eru ekki bara Strákarnir sem fá að skemmta bresku sjónvarpsáhorfendum. Íslenskir gestir dávaldsins Sailesh verða bráðum hluti af þætti um hann sem sýndur verður á sjónvarpsstöðinni ITV. „Við settum upptökur af sýningunni á Broadway inn á netið og þær hafa farið eins og eldur í sinu um vefinn,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson en hann hefur staðið fyrir sýningum Sailesh. Hann segir að fólk frá öllum heimsálfum hafi sótt heimasíðuna www.event.is en samkvæmt teljara síðunnar einn mánuðinn voru 111 þúsund heimsóknir skráðar. Aðilar frá Asíu, Mið-Austurlöndum, Ástralíu og Nýja-Sjálandi hafa enn fremur sett sig í samband við Ísleif í þeirri von að fá Sailesh til sín. „Sjónvarpsstöðin ITV hafði upp á okkur og það um að fá klippur frá sýningunni,“ segir Ísleifur.

Þessar klippur eiga að birtast í þættinum Tarrant on TV, sem er vinsæll hjá ungu fólki á Bretlands-eyjum, en einn þáttur verður helgaður dávaldinum og komu hans hingað til lands. „Við áttum auðvelt með að útvega þeim myndefni þar sem við erum að búa til mynddisk um heimsókn Sailesh hingað,“ segir Ísleifur en sá diskur kemur út þegar dávaldurinn kemur hingað



SAILESH Á BROADWAY Dávaldurinn hefur farið sigurfor um heiminn og er bókaður í ferðalag um Bretlandseyjar í ágúst á næsta ári. ITV hefur keypt atíði frá Broadway til að sýna á stöðinni.

til lands í byrjun nóvember. „Það verður allt efni sem hefur ekki sést áður, extreme atburðurinn og fleira,“ segir Ísleifur.

Meðal þess sem breskir sjónvarpsáhorfendur fá að sjá eru Íslendingar að stunda kynmök við stóla og fá fullnægingu. „Þetta

hefur hjálpað að brjóta okkur leið inn á Bretlandsmarkað,“ segir Ísleifur og hlær en Sailesh mun á vegum event.is ferðast um England í ágúst og heldur þar að auki sérstaka sýningu fyrir enska fjölmíðla. „Við erum komnir með öflugra fulltrúa þarna úti sem hafa

óbilandi trú á honum,“ útskýrir hann. Ísleifur segir enn fremur að fólk sem sjáist á upptökunum hafi haft samband við sig en enginn hafi kvartað. „Einhverjir hafa beðið um boðsmíða á sýninguna og aðrir vilja fá upptökur. Við höfum bara brugðist við því.“

LANDSLIÐIÐ Í BEINNI

KASTLJÓŠ



KL. 19.35 Í KVÖLD



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

PRÁINN BERTELSSONAR

Lífsreynslusaga

Það sem gerist í útlöndum hefur tilhneigingu til að gerast á Íslandi – bara soldið seinna. Íslendingar ættu því að vera í einstakri aðstöðu til þess að læra af sögunni, þ.e.a.s. reynslu annarra. Samt höfum við lítinn áhuga á reynslu frændfólks okkar í hinni norrænu þjóðafjölskyldu. Við erum unglingurinn í þeirri familíu og erum ekki frændrækin, þótt við tökum með hangandi hendi þátt í ættarmótum sem við köllum norrænt samstarf.

NÍUNDI áratugur síðustu aldar var mikill uppgangstími í Svíþjóð. Þá var sláttur á Svíum. Aðallega í viðskiptum. Herskarar barnunga hlutabréfasénía spruttu út úr hverjum hól og keyptu og seldu fyrirtæki úti um allan heim. Bankastjórar sátu um fólk og grátbaðu það um að taka við miklum og hagstæðum lánnum. Atvinnuleysi var innan við 3%. Hvergi í heiminum voru fleiri lúxusbílar pr. íbúa en í Stokkhómi. Svíar híðu á Evrópusambandið. Þeir voru sjálfstæðir, alþjóðlega þenkjandi og áttu ekkert erindi í gamaldags klíku þjóða sem skildu ekki nútímann og alþjóðavæðinguna.

VEISLAN stóð í tæp 10 ár. Fasteignaverð rauk upp og allir mokgræddu. En á skammri stund skipast veður í lofti. Um áramót 91-92 höfðu óveðurský hrannast upp og loks skall óveðrið á. Fasteignamarkaðurinn sprakk eins og blaðra, en í þá blöðru höfðu bankarnir dælt óheyrilegum upphæðum. Nú stóðu bankastjórar í biðröð að fá súpuskál hjá ríkissjóði. Atvinnuleysi breiddist út eins og eldur í sinu.

MILLJARÐAR af skattþeningum almennings fóru í að reyna að bjarga bönkum frá gjaldþroti. Nýbúar sem höfðu verið nauðsynlegir þátttakendur í Sænska efnahagsundrinu sættu nú ofsóknunum fyrir að taka vinnu frá ljóshærðum og bláeygum heimamönnum og voru sakaðir um að hafa laumast inn í landið til að lifa á velferðarkerfinu og stunda glæpi í tómsundum. Góðir tímar höfðu breyst í vonda tíma á svipstundu. Framundan voru sársaukafullar aðgerðir, einkum fyrir þá sem minnst höfðu grætt á uppgangstímanum. 1. janúar 1995 gengu Svíar í Evrópusambandið. Þeir ku hafa það, takk bærilegt. En af þessu getum við auðvitað ekki lært. Hér er allt í sóma.

SKOÐAÐU TENERIFE KYNNINGARMYND Á

WWW.SUMARFERDIR.IS



Tenerife

Heitasti staðurinn í vetur!

Beint leiguflug vikulega í allan vetur frá 15. desember

Nú kynnum við Tenerife, litríkustu eyjuna í Kanaríeyjaklasanum. Glæsilegir gististaðir á hinum sólríku Americas og Adeje ströndum syðst á eyinni eru frábær kostur allt árið. Þú færð beint leiguflug, íslenska fararstjórn og fjölbreyttar skoðunarferðir á hreint ótrúlegu verði. Heitasti staðurinn í vetur er á www.sumarferdir.is!

Gran Hotel Costa Adeje ★★★★★

Með morgunmat

Hotel Gran Tacande ★★★★★

Með morgunmat



Verð 5. jan. – 1 vika

49.733

m.v. 2 fullorðna og 1 barn
2 fullorðnir 58.600

5 stjörnu hótél á Adeje ströndinni. Hér er allt sem hugurinn gírnist: rúmgóð og vel búin herbergi, dásamlegur sundlaugargarður, fyrsta flokks veitingastaðir, heilsurækt og toppþjónusta.



Verð 2. feb. – 1 vika

59.800

m.v. 2 fullorðna og 1 barn
2 fullorðnir 71.700

Gran Tacande er eitt glæsilegasta hótelið á Tenerife. Frábær staðsetning á Adeje ströndinni, sérlega glæsileg hönnun og öll þjónusta fyrsta flokks. Griptu tækifærið og láttu dekra við þig í sannkölðu lúxus.

Santa Maria 999

Íbúðahótél

Ocean Beach 999

Íbúðahótél



Verð 26. jan. – 2 vikur

52.067

m.v. 2 fullorðna og 1 barn
2 fullorðnir 62.100

Santa Maria er gott íbúðahótél í gamla bænum á Americas ströndinni. Íbúðirnar eru nýuppgerðar og þægilegar og öll aðstaða til fyrirmyndar. Allar íbúðir eru með svölum. Örstutt á golfvöllinn.



Verð 16. mars – 2 vikur

52.667

m.v. 2 fullorðna og 1 barn
2 fullorðnir 62.000

Ocean Beach er sérlega skemmtilegt íbúðahótél á góðum stað á Americas ströndinni. Þekkt fyrir þægindi, góðar íbúðir og góða þjónustu. Á Ocean Beach er möguleiki á hreint stórkostlegu útsýni.

Verð miðast við bókun á www.sumarferdir.is. Símaþöknargjald er 1.500 kr. Í verðinu er allt innifalið: Beint leiguflug, gisting, flugvallarskattur og íslensk fararstjórn. Allt verð miðast við verð per. manni.

Verðdæmin eru fyrst og fremst til víðmiðunar. Oft er hægt að finna enn lægra verð á www.sumarferdir.is!



www.sumarferdir.is
575 1515 • BÓKAÐU ALLAN SÓLARHRINGINN

SUMAR FERÐIR ALLTAF Á RÉTTU VERÐI

AEG Þvottadagar

ORMSSON

NÚ ÞJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á
KR. 159.000,-

NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN
OG ÞURRKARINN FRÁ **AEG**

**EFTIRSÓTTASTA
PAR LANDSINS**

ÍSLENSKT
STJÓRNBOÐ



RÁÐIÓNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

ORMSSON

LÁGMÚLA SÍMI 530 2800
SMÁRALIND SÍMI 530 2900
UMBODSMENN UM LAND ALLT